**DAGAR BJÓRLÍKIS OG RÓSA**

*Hvernig var Ísland árið 1983?*

28





**Hvað um foreldrana?**

Eygló Guðmundsdóttir sálfræðingur vill að aðstandendum krabbameinssjúkra barna sé boðið upp á áfallahjálp.




22


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. október 2008 — 292. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



LAUGARDAGUR





**ÞJÓÐARÞROT Í ÁTJÁN LIÐUM**

Hallgrímur Helgason fer yfir atburðarás undanfarinna vikna.

HELGARGREIN 24





FYLGIR Í DAG

**VEÐRIÐ Í DAG**




**STREKKINGUR NYRÐRA** í dag verða norðan 8-13 m/s. Snjókoma á Vestfjörðum í dag en Norðanlands fram á nótt. Bjart með köflum syðra og úrkomulítið. Frost 1-4 stig nyrðra, hiti annars víða 0-4 stig.

VEÐUR 4



FRÁ RÁÐHERRABÚSTAÐNUM Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sögðu frá því í gær að ríkisstjórnin hefði formlega óskað eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Samstarfið leggur grunninn að fjölþjóðlegri aðstoð vegna efnahagsvanda þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðstöfunartekjur rýrna um 20 prósent

**Ríkisstjórnin hefur óskað eftir samstarfi við IMF. Sjóðurinn leggur til 240 milljarða efnahagsaðstoð. Það er þriðjungur af áætlaðri fjárþörf til að koma á stöðugleika. Ráðstöfunartekjur heimilanna taldar rýrna um tuttugu prósent.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta þýðir að ráðstöfunartekjur gætu rýrnað um tuttugu prósent að meðaltali. Rýrnunin verður vegna aukins atvinnuleysis, fólksflótta og minni vinnutíma. Verðbólgan étur upp kaupmáttinn og sumar stéttir taka á sig mikla launalækkun,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) spáir því að innanlandsframleiðsla dragist saman um tíu prósent. IMF leggur íslenska ríkinu til 240 milljarða króna sem er þriðjungur af áætlaðri fjárþörf ríkisins vegna efnahagsvandans.

Ríkisstjórnin hefur formlega óskað eftir samstarfi við IMF um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Unnin hefur verið ítarleg efnahagsáætlun í samráði við fulltrúa sjóðsins. Í því felst fjárhagsaðstoð og ráðgjöf frá sjóðnum til næstu tveggja ára hið minnsta. Skilmálar lánsins eru ekki gefnir upp en fullyrt er að þeir séu ásættanlegir.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra vonast til að lánið marki upphafið að endurreisn íslenska efnahagskerfisins. Geir sagði þjóðina hægt og bítandi vera að vinna sig út úr orrahríðinni. Fólk mætti ekki missa kjarkinn. „Lánið mun blása lífi í efnahagsstarfsemina sem núna kólnar mjög hratt,“ sagði forsætisráðherra. Hann dró upp dökka mynd af fallandi þjóðarframleiðslu, auknum halla á ríkisbúskapnum, meira atvinnuleysi og óvissu um verðbólguna.

„Útborganir úr sjóðnum munu ráðast af framvindu þessarar efnahagsáætlunar. Það þýðir að hagstjórnin verður samstarfsverkefni íslenskra stjórnvalda og IMF út kjörtímabilið,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Poul Thomsen, yfirmaður Evrópudeildar IMF, segir IMF gera ráð fyrir tíu prósenta samdrætti í innanlandsframleiðslu sem þýðir að þjóðin er að ganga í gegnum „áfall án fordæmis,“ eins og Thomsen orðaði það. „Ísland er að fara frá því að vera nær skuldlaust ríki í að verða mjög skuldsett.“

**- shá, hhs, ss, gar / sjá síður 4, 6 og 8**

Framkvæmdastjóri IMF:

## Áætlunin réttlætir aðgengið

**EFNAHAGSMÁL** **Stórhuga áætlun Íslands um efnahagsumbætur, stuðning við krónuna og endurreisn fjármálakerfis landsins réttlætir aðgengi þjóðarinnar að sjóðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF), segir í tilkynningu Dominiques Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra sjóðsins.**



STRAUSS-KAHN

**Strauss-Kahn segir umbótaáætlun ríkisins jafnframt verðskulda stuðning alþjóðasamfélagsins. „Í áætlun stjórnvalda er lögð áhersla á fyrstu aðgerðir sem þarf til að vekja traust og stöðugleika, bæði í hagkerfi og fjármálalífi landsins. Markmiðið er svo að styðja viðleitni Íslands til að laga sig að efnahagsvandanum á skipulegri máta og sársaukaminni,“ segir hann.**

**- óká**

Richard Branson:

## Skipbrot við Bermúda

**BERMÚDA, AP** Breski auðkýfingurinn Richard Branson varð í gær að hætta við tilraun sína til að setja met í að sigla á seglskútu yfir Atlantshaf eftir að brotsjór reif aðalsegl bátsins, „Virgin Money“, í Bermúda-þríhyrningnum. Branson lenti í brotsjónum tveimur sólarhringum eftir að hann lagði upp frá New York-höfn. Börnin hans tvö voru með í för, Sam, 23 ára og Holly, 26 ára.

Í viðtali við CNN-sjónvarpsstöðina sagði Branson að tólf metra „risaalda“ hefði brotið á bátnum aftan frá. „Sem betur fer voru allir festir og engan sakaði,“ sagði hann.

Markmið Bransons var að setja nýtt met í að sigla einbytnu frá New York að Lizard Point á suðvesturströnd Englands á innan við sex dögum og tæplega átján tímum.

**- aa**


Ifö TENGI

Mikið úrval af upphengdum salernum



Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15
tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi
Baldursnesi 6 • Akureyri

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP Ein ferð betra verð

**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, ertu mikið fyrir myntubragð?*

Nei ég er meira gefinn fyrir skaplegt myntkerfi.

Líkur aukast á þingkosningum í Ísrael eftir að stjórnarmyndunarvonir bregðast:

# Netanyahu yrði sigurvegari

**ÍSRAEL, AP** Allar líkur eru á því að boðað verði til þingkosninga í Ísrael á næstunni, þar sem Tzipi Livni, leiðtoga Kadima-flokksins, virðist ekki ætla að takast að mynda ríkisstjórn.

Verði boðað til kosninga eru allar líkur á að Likud-flokkurinn beri sigur úr býtum. Leiðtogi hans er Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, sem vill ekkert gefa eftir í samskiptum við Palestínumenn.

Shas-flokkurinn, sem átti aðild að ríkisstjórn Ehuds Olmert, lýsti því yfir í gær að hann tæki ekki þátt í ríkisstjórn Livni. Shas-flokkurinn, sem er lítill flokkur réttrúaðra gyðinga, segist ekki sætta sig við þau skilyrði sem Livni setur.



**LIVNI OG YISHAI** Útlit er fyrir að Tzipi Livni, leiðtoga Kadima-flokksins, takist ekki að mynda ríkisstjórn.

Livni tók við af Olmert sem leiðtogi Kadima fyrir rúmum mánuði. Hún hafði mánaðarfrest til að mynda ríkisstjórn, en sá frestur var framlengdur um hálfan mánuð nú í byrjun vikunnar. Á fimmtudag setti Livni sér þau tímamörk að ljúka stjórnarmyndun á sunnudag, eða boða verði til kosninga að öðrum kosti. Livni gæti hugsanlega reynt að fá aðra smáflokka, og þá bæði flokka réttrúaðra gyðinga og flokka hófsamra flokka friðarsinna, til liðs við stjórnina, sem hefði þá mjög nauman meirihluta á þinginu. - gb

Kaupþing kynnir nýtt skipurit:

# Hundrað manns missa vinnuna

**EFNAHAGSMÁL Rúmlega hundrað starfsmönnum Kaupþings var sagt upp störfum í gær. Um þúsund manns starfa áfram hjá bankanum.**

**Nýtt skipurit Nýja Kaupþings banka er mun umfangsminna en það gamla. Hefur tíu aðalsviðum fækkað í sex. Í einhverjum tilfellum runnu svið saman. Starfsfólk í alþjóðlegri starfsemi og verðbréfamiðlarar fara verst út úr uppsögnunum. Þær einskorðast þó ekki við þau svið.**

**Í heild hafa um fimm hundruð starfsmenn bankanna misst vinnuna að undanförnu.** - hhs

Vaxtalækkun hafði ekki áhrif:

# Dráttarvextir verða óbreyttir

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hefur tilkynnt að dráttarvextir verði 26,5 prósent fram að áramótum.

Stýrivextir eru nú tólf prósent. Miðað er við að dráttarvextirnir séu stýrivextir að viðbættu ellefu prósenta álagi. Því hefði verið viðbúið að dráttarvextirnir yrðu 23 prósent.

Seðlabankinn segir í tilkynningu að samkvæmt lögum breytist dráttarvextir aðeins tvisvar á ári, í janúar og júlí.

Viðbúið er að margir lendi í vanskilum á næstunni.

Fréttablaðið leitaði viðbragða í félagsmálaráðuneyti, og þar kom þetta á óvart, en ekki náðist í ráðherra. - ikh

# ASÍ mun beita sér fyrir aðildarumsókn

**ASÍ vill að stjórnvöld gefi yfirlýsingu um að sótt verði um aðild að ESB og upptöku evru. Látið verði á reyna hvaða samningur standi til boða og þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Forseti ASÍ segir að ASÍ muni beita sér fyrir þessu.**

**EFNAHAGSMÁL** Fulltrúar á ársfundi Alþýðusambandsins, ASÍ, samþykktu í gær skýrt umboð til forystu ASÍ að berjast fyrir aðild að ESB og upptöku evru. Ályktun um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Af þeim rúmlega 280 fulltrúum voru á þinginu greiddu aðeins sex atkvæði gegn ESB-aðild og upptöku evru.

Í ályktuninni telur ASÍ mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Eina færa leiðin sé yfirlýsing frá stjórnvöldum um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru. Látið verði á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur standi til boða og hann lagður fyrir þjóðaratkvæði.

ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu á næstu tveimur árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum eða þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu, EMU, og upptaka evrunnar næðist.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að erfið verkefni bíði Íslendinga við að ná tekjum og útgjöldum ríkissjóðs saman eftir efnahagshremmingarnar sem fram undan eru. Það verði vafalaust sársaukafull og erfið umræða en ASÍ leggi áherslu á að verja velferðarkerfið og stöðu hinna tekjulægstu. Þessari stöðu þurfi Íslendingar að vinna úr, meðal annars með því að láta reyna á aðildarviðræður og upptöku evru. Samþykkt hafi verið breið aðgerðaáætlun í gær. Nú reyni á samstöðu Íslendinga að taka á málum.



**ÁRSFUNDUR ASÍ** Fulltrúar á ársfundi ASÍ samþykktu skýrt umboð til forystu sambandsins um að berjast fyrir aðild að ESB og upptöku evru. Af þeim rúmlega 280 sem greiddu atkvæði um ályktunina sögðu aðeins sex nei. FRÉTTABLAÐIÐ ARNÞÓR



**GYLFA ARNBJÖRNSSONAR**



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir að samþykkt ASÍ komi sér ekki á óvart. „Þetta hefur legið í loftinu þannig að þetta er ekkert óvænt. Við höfum fundið mikinn áhuga innan ASÍ á þessu máli,“ segir hann.

Ekki hefur verið gerð nein samþykkt um hugsanlega aðildarumsókn að ESB og upptöku evru hjá SA „en hins vegar liggur fyrir að það er afgerandi stuðningur við málið innan samtakanna,“ segir hann. ghs@frettabladid.is

Íbúar Austurríkis:

# Sjá Jörg Haider nú í nýju ljósi

**AUSTURRÍKI, AP** Tárvot ummæli austurríska stjórnmálamannsins Stefans Petzers um félaga sinn Jörg Haider, sem hann sagði hafa verið „manninn í lífi sínu“, virðast hafa orðið til þess að landsmenn þar sannfærðust margir hverjir um að Haider, sem fórst í bílslysi um síðustu helgi, hljóti að hafa verið samkynhneigður.



**JÖRG HAIDER**

Þótt Haider hafi verið yst á hægri jaðri stjórnmálanna, og jafnvel stundum lýst aðdáun sína á stefnu þýskra nasista í sumum málum, þá talaði hann aldrei illa um samkynhneigða og lagði ekkert upp úr hefðbundum fjölskyldugildum.

Hann er sagður hafa sést á skemmtistað samkynhneigðra skömmu fyrir slysið. - gb

Kreppan og ímynd Íslands:

# Öðrum þjóðum víti til varnaðar

**UTANRÍKISMÁL Víða um lönd er nú farið að vísa til örlaga Íslands í alþjóðlegu fjármálakreppunni öðrum þjóðum sem víti til varnaðar.**



**WOLFGANG SCHÜSSEL**

**Þannig segir til að mynda Wolfgang Schüssel, fyrrverandi kanslari Austurríkis, í viðtali við dagblaðið Die Presse að án aðildar að Evrópusambandinu og myntbandalaginu myndi Austurríki „núna vegna eins og Íslandi“.**

**Ráðamenn í grannríki Austurríkis, Ungverjalandi, hafa undanfarna daga líka reynt að verjast samanburði við Ísland, en búist er við að Ungverjar verði næsta Evrópuþjóðin á eftir Íslendingum til að fá neyðaraðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.** - aa

Aðstoð Norðurlandaþjóða:

# Geir til Finnlands eftir helgi

**EFNAHAGSMÁL Ríkisstjórnin ákvað í gær að setja sig í samband við stjórnvöld annarra ríkja á Norðurlöndum, um aðstoð í efnahagsmálum.**

**„Það hefur alltaf í öllum samtölum verið talið mikilvægt að við værum búin að stíga þetta skref áður en við ræddum um frekari lántökur hjá öðrum aðilum,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.**

**„Ég mun síðan ræða þetta ítarlega á sérstökum fundi okkar forsætisráðherranna á fundi í Helsinki á mánudag,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra.** - ikh


# MÁLVERKAUPPBOÐ

Erum að taka við verkum á næsta uppboð. Höfum kaupendur að góðum abstraktverkum eftir Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttur og Kristján Davíðsson einnig módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal.

**Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600**

**ÖRUGG ÞJÓNUSTA - LÆGRI SÖLULAUN**
**Gerum upp strax eftir uppboð**

**Opið í dag í SKIPHOLTI 35 frá kl. 13 til 16**

Gallerí BORG

***Skipholti 35***
*105 Reykjavík · sími 511 7010*
*petur@galleriborg.is*


Forsetakjör fór fram á ársfundi Alþýðusambandsins í gær:

# Gylfi náði kjöri sem forseti

**VINNUMARKAÐUR** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, bar sigur úr býtum í forsetakjöri Alþýðusambands Íslands í gær. Gylfi sigraði með 59,3 prósentum greiddra atkvæða, fékk 166 atkvæði. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, fékk 114 atkvæði eða 40,7 prósent.

„Hlutverk framkvæmdastjóra og forseta er ekki það sama. Framkvæmdastjórinn tekur ákvarðanir forystunnar og kemur þeim áfram. Hann er ekki ábyrgur fyrir því að laða samstöðuna að þeim þótt hann taki vissulega þátt í því. Nú verður það mitt hlutverk að laða fram sátt um stefnumörkun. Það felst í því að hlusta en líka í því að fylgja stefnumörkun eftir og þannig held ég að mínir eiginleikar séu meðal annars það sem þjóðin þarf á að halda. Það er meðal annars þess vegna sem ársfundurinn veitti mér þetta brautargengi,“ segir Gylfi.

Brýnasta verkefnið framundan er að ná tökum á óvissunni kringum gjaldmiðil þjóðarinnar og ná verðbólgunni niður. Gylfi segir að á næsta ári verði þrengingar. „Eðlilegast og skynsamlegast er að dreifa þeirri byrði og slá skjaldborg um þá tekjulægstu,“ segir hann og er sannfærður um að eftir 12-18 mánuði standi Ísland upp úr í þeim þrengingum sem heimurinn gangi í gegnum.

„Ég hef hugsað mig vel um og ákvað að við þessar aðstæður myndi ég ekki hoppa af. Ég á kjör fram á næsta ár sem varaforseti og ég ætla að reyna að hjálpa til eins og hægt er. Við verðum að halda áfram og vera með sterka og öfluga hreyfingu til að taka á þeim erfiðleikum sem eru framundan,“ segir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. - ghs



**LAÐA FRAM SÁTT** „Nú verður það mitt hlutverk að laða fram sátt,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, sem hér fagnar kjöri til forseta ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Komdu og gerðu góð kaup

**ILVA**
einfaldlega betri kostur



**30%**
afsláttur af öllum dýnum

**Silence Basic Dream.** Dýnan er með einföldum pokafjöðrum ásamt marglaga svampi, sem veitir góðan stuðning við líkamann.
153x203 cm. Verð 79.900,- **NÚ 54.900,-**



Verð 8.900,-
**NÚ 4.900,-**

**Jellyfish. NÝTT.** Stóll úr lycra örtrefjaefni með uppblásnum bolta. Ýmsir litir. Notaðu þennan í barnaherbergið, skrifstofuna eða í stofuna ef þig vantar auka sæti.
H. 48 cm. Verð 8.900,- **NÚ 4.900-**
H. 60 cm. Verð 9.900,- **NÚ 6.900,-**

© ILVA Ísland 2008



Bell standlampi
**50%**
afsláttur

**Bell.** Standlampi. Verð 29.500,- **NÚ 14.750,-**



allt að
**50%**
af völdum lömpum og málverkum



Verð frá 4.900,-
**NÚ FRÁ 2.900,-**

**Hera.** Fléttuð þvottakarfa. Dökk eða ljós.
H. 50 cm. Verð 4.900,- **NÚ 2.900,-**
H. 60 cm. Verð 6.900,- **NÚ 4.900,-**



Verð frá 8.900,-
**NÚ FRÁ 6.900,-**

**Dog.** Hundakarfa úr rattan.
Stór, brún. Verð 12.900,- **NÚ 8.900,-**
Lítil, hvít eða brún. Verð 8.900,- **NÚ 6.900,-**



Borneo stóll
**50%**
afsláttur

**Borneo.** Stóll, brúnn eða natur. Verð 9.900,-
**NÚ 4.950,-**



Verð 89.500,-
**NÚ 69.500,-**

**Bazzano.** Svefnsófi. Svart tekstilleður. 96x200 cm.
Stærð á rúmi 122x200 cm. Verð 89.500,- **NÚ 69.500,-**



Verð 2.990,-
**NÚ 1.990,-**

**Banana.** Ferköntuð karfa. 31x31 cm.
Margir litir. Verð 2.990,- **NÚ 1.990,-**

**VISA Lán**
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

**Skoðaðu nýja tilboðsbæklinginn á www.ilva.is - tilboðin gilda til 2. nóvember**



**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

## GENGIÐ 24.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,66 | 121,24 |
| Sterlingspund | 187,53 | 188,45 |
| Evra | 151,58 | 152,42 |
| Dönsk króna | 20,31 | 20,428 |
| Norsk króna | 17,137 | 17,237 |
| Sænsk króna | 15,128 | 15,216 |
| Japanskt jen | 1,3041 | 1,3117 |
| SDR | 179,27 | 180,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,6808

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## TRÚVERÐUGLEIKI FÆST MEÐ IMF

„Aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er mjög mikilvæg við núverandi aðstæður þar sem skortur er á gjaldeyri og því mikilvæg forsenda þess að hér komist á eðlileg gjaldeyrisviðskipti,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Nýja-Glitnis.


BIRNA EINARSDÓTTIR

Birna segir sjóðinn sömuleiðis koma með trúverðugleika, sem sé mikilvægur fyrir efnahagsstefnuna. Þá sé mikilvægt að fá aðra erlenda aðila að borðinu.

„Það er svo sannarlega mikilvægt að þarna sé lögð áhersla á að byggja upp traust fjármálakerfi hér aftur,“ segir hún. - jab

## SAMSTARFIÐ VIÐ IMF FORSENDA ÖFLUGS ATVINNULÍFS

„Þetta er grundvallarforsenda þess að hér sé hægt að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og hér haldi áfram að vera öflugt atvinnulíf,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.


FINNUR ODDSSON

Hann segir að bankarnir eigi miklar eignir sem eigi eftir að koma í verð og það muni væntanlega hjálpa til við að greiða lánið hratt niður. „Vonandi verður skuldsetningin til lengri tíma þá miklu ásættanlegri. Það sem við vonum að gerist nú er að gjaldeyrismarkaðurinn komist smátt og smátt í samt lag og viðskiptalífið fylgi í kjölfarið.“ - bs

### Ísland leitar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

# Risalán tekið til að koma á efnahagslegum stöðugleika

**Ríkisstjórnin hefur óskað formlega eftir aðstoð frá IMF. Sjóðurinn leggur til 240 milljarða til að freista þess að koma á efnahagslegum stöðugleika. Norðurlöndin, Japan og Rússland lána að vonum 480 milljarða.**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) leggur íslenska ríkinu til rúmlega tvo milljarða dollara á næstu tveimur árum til að freista þess að koma á efnahagslegum stöðugleika hér á landi. Það er jafnvirði 240 milljarða íslenskra króna miðað við skráð gengi dagsins í dag. Hundrað milljarðar verða greiddir út við staðfestingu stjórnar IMF, sem er að vænta fljótlega. Lánið er þriðjungur af áætlaðri fjárþörf ríkisins vegna efnahagsvandans. Norðurlöndin, Japan og Rússland munu að öllum líkindum brúa bilið.

Áætlað er að stjórn IMF gefi formlegt svar um lánveitinguna eftir viku til tíu daga. Er það mat ríkisstjórnarinnar að staðfestingin sé einungis formsatriði. Forsendur lánsveitingarinnar er ítarleg efnahagsáætlun sem unnin hefur verið í samstarfi við sendinefnd IMF sem dvalið hefur hér á landi um nokkurt skeið. Íslensk stjórnvöld eru þess fullviss að samstarf við IMF muni liðka fyrir lánafyrirgreiðslu frá öðrum löndum. Rætt hefur verið við seðlabanka Norðurlandanna, vilyrði frá Japan liggur fyrir sem og frá Rússlandi. Ljóst er þó að verði lánaboði Rússa tekið verður um lægri upphæð að ræða en hingað til hefur verið rætt, að sögn Geirs H. Haarde forsætisráðherra sem kynnti ákvörðun ríkisstjórnarinnar á blaðamannafundi í gær ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra.


INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR


GEIR HAARDE

Rök ríkisstjórnarinnar fyrir að óska eftir láni og frekara samstarfi frá IMF eru að brýnasta verkefni líðandi stundar sé að koma á efnahagslegum stöðugleika hér á landi og ná tökum á gengi krónunnar. Til þess þurfi stóran sjóð í erlendri mynt til þess að mynda kjölfestu og trúverðugleika fyrir gengisstefnu stjórnvalda og bregðast við óhóflegum sveiflum á gengi krónunnar.

Fulltrúar IMF skýrðu sína hlið málsins á blaðamannafundi í gær. Þar kom fram að það verður ekki gert að skilyrði fyrir láninu að ríkissjóði verði skilað hallalausum, né að skattar verði hækkaðir. Þvert á móti er reiknað með miklum halla á fjárlögum í fyrstu. IMF gerir ráð fyrir tíu prósenta samdrætti í innanlandsframleiðslu sem þýðir að þjóðin er að ganga í gegnum „áfall án fordæmis“, eins og Poul Thomsen, yfirmaður Evrópudeildar IMF, orðaði það. „Ísland er að fara frá því að vera nær skuldlaust ríki í að verða mjög skuldsett.“ Hann býst við að stýrivextir muni verða frekar háir í fyrstu til að koma í veg fyrir útstreymi gjaldeyris frá landinu. Thomsen telur að eftir verðbólguskot muni verðbólga verða fjögur til fimm prósent í lok árs 2009.

svavar@frettabladid.is, svanborg@frettabladid.is


**BLAÐAMANNAFUNDUR IMF** Poul Thomsen greindi frá forsendum IMF fyrir efnahagsaðstoð og ráðgjöf til næstu ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HVERJIR STJÓRNA GJALDEYRISSJÓÐNUM?

Stjórn IMF annast yfirstjórn daglegrar starfsemi sjóðsins. Í henni sitja 24 menn. Þar af eru fimm skipaðir af ríkisstjórnum þeirra landa sem leggja sjóðnum til mest fé, en það eru Bandaríkin, Japan, Þýskaland, Frakkland og Bretland. Hver og einn hinna nítján stjórnarmannanna er fulltrúi fyrir hóp aðildarríkja. Svíinn Jens Henriksson er fulltrúi Norðurlandanna fimm og Eystrasaltslandanna þriggja. Í atkvæðagreiðslum innan stjórnarinnar fara stjórnarmennirnir með mismikið atkvæðavægi; allt frá þeim 1,39 prósentum sem Rúanda-maðurinn Laurean W. Rutayisire fer með fyrir hönd 24 Afríkuríkja upp í 16,77 prósent Bandaríkjamannsins Meg Lundsager.

**Stjórnarmennirnir eru þessir:**

| Skipaðir | fulltrúi fyrir | atkvæðavægi í % |
|---|---|---|
| Meg Lundsager, | Bandaríkin, | 16,77 |
| Daisuke Kotegawa, | Japan, | 6,02 |
| Klaus D. Stein, | Þýskaland, | 5,88 |
| Ambroise Fayolle, | Frakkland, | 4,86 |
| Alex Gibbs, | Bretland, | 4,86 |

| Kjörnir | fulltrúi fyrir | atkvæðavægi í % |
|---|---|---|
| Willy Kiekens (Belgíu) | 10 lönd | 5,14 |
| Age F.P. Bakker (Hollandi) 1 | 2 lönd | 4,76 |
| Jose A. Rojas (Venesúela) | 8 lönd | 4,45 |
| Arrigo Sadun (Ítalíu) | 7 lönd | 4,10 |
| Richard Murray (Ástralíu) | 14 lönd | 3,85 |
| GE Huayong | Kína | 3,66 |
| Jonathan Fried (Kanada) | 12 lönd | 3,64 |
| Jens Henriksson (Svíþjóð) | 8 lönd | 3,44 |
| A. Shakour Shaalan (Egyptalandi) | 13 lönd | 3,20 |
| Abdallah S. Alazzaz | Sádi-Arabíu | 3,16 |
| Perry Warjiyo (Indónesíu) | 12 lönd | 3,11 |
| Peter Gakunu (Kenía) | 20 lönd | 3,01 |
| Thomas Moser (Sviss) | 8 lönd | 2,79 |
| Aleksei V. Mozhin | Rússland | 2,69 |
| Mohammad Jafar Mojarrad (Íran) | 7 lönd | 2,42 |
| Paulo Nogueira Batista (Brasilíu) | 9 lönd | 2,42 |
| Adarsh Kishore (Indlandi) | 4 lönd | 2,35 |
| Javier Silva-Ruete (Perú) | 6 lönd | 1,96 |
| Laurean W. Rutayisire (Rúanda) | 24 lönd | 1,29 |

## STÖÐUMAT ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS

- IMF lánar íslenska ríkinu 240 milljarða króna.
- Um 100 milljarðar greiddir þegar stjórn IMF staðfestir efnahagsáætlun sem liggur láninu til grundvallar.
- 140 milljarðar verða greiddir í átta hlutum.
- Áður en til þeirra greiðslna kemur mun IMF framkvæma stöðumat.
- Þegar atvinnuleysi minnkar og þjóðarframleiðsla eykst mun IMF leggja fram ráðgjöf um efnahagsrammann til að efla traust markaða á að Ísland geti, til lengri tíma, greitt lán sín til baka.
- Lánið á að greiða til baka á árunum 2012-2015.
- Fjárþörfin er talin vera 620 milljarðar, samkvæmt áætluninni.
- 480 milljarðar verða fengnir að láni frá seðlabönkum Norðurlandanna, og frá fleiri löndum.

„Við reiknum með að samdráttur í þjóðarframleiðslu verði tíu prósent á næsta ári.“

„Hætturnar eru að þegar gjaldeyrismarkaður opnist aftur muni gjaldeyrir flæða úr landinu, vegna áhættu fjárfesta. Það mun svo skapa enn frekari þrýsting á að krónan falli.“


POUL THOMSEN

„Fall krónunnar er hættulegt fyrir íslenskan efnahag, þar sem atvinnulífið og heimilin eru mjög skuldsett í erlendum gjaldmiðlum.“

„Það verður snöggur samdráttur í ríkisfjármálum, en IMF mun ekki bregðast við því með því að krefjast aðhalds í ríkisfjármálum í miðjum erfiðleikunum.“

**POUL THOMSEN**
YFIRMAÐUR EVRÓPUDEILDAR IMF




## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**SKAPLEGRA NÆSTU DAGA**
Djúpa lægðin sem olli vonskuveðrinu Norðanlands í nótt þokast austur og mun lægja um allt land þótt enn verði víða norðan strekkingur. Á morgun verður vindur stífastur austast. Úrkomuminna á morgun og stöku él NA til á mánudag.






**Á MORGUN**
Stíf norðlæg átt eystra, annars hægari.



**MÁNUDAGUR**
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Billund | 12° |
| Ósló | 10° |
| Stokkhólmur | 10° |
| Gautaborg | 12° |
| London | 15° |
| París | 15° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Berlín | 13° |
| Alicante | 20° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 16° |
| Eindhoven | 13° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 16° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

# Gerum okkur dagamun

Reykjavíkurborg efnir til fjölskyldudagskrár fyrir borgarbúa í dag, fyrsta vetrardag.



## LANDNÁMSSÝNINGIN, AÐALSTRÆTI
15:00 Hvernig léku landnámsbörn sér?

## ÁRBÆJARSAFN
14:00 - 17:00 Komdu að leika - hvernig léku pabbi og mamma sér?

## BORGARBÓKASAFNIÐ - AÐALSAFN GRÓFARHÚSI
15:00 Fíasól og tækjalausi dagurinn

## MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERGI
14:00 Leiðsögn um völundarhús vídeólistar Steinu Vasulku
15:00 Fjölskylduleiðsögn um sýninguna Kynjaskepnur úr íslenskum þjóðsögum





## ÁSMUNDARSAFN
13:00 - 16:00 Vatnslitastúdíó - listamennirnir leiðbeina

## HAFNARHÚS
15:30 Snigill njósnadvergur í ævintýraheimsókn

## KJARVALSSTAÐIR
14:00 Ratleikur
14:30 - 17:00 Listsmiðja
15:00 Englakór Nataliu Chow

## LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
15:00 Leiðsögn um sýninguna Heima - heiman

## FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN
10:00 - 17:00 Dýrum gefið - gestir fá heitt kakó með rjóma

## SKAUTAHÖLLIN Í LAUGARDAL
13:00 - 17:30 ABBA „skate-along" - takmarkaður fjöldi skauta til leigu - tímamörk

## HELLISHEIÐARVIRKJUN
09:00 - 18:00 Nýjasta jarðvarmavirkjun í heimi



## SUNDLAUGAR REYKJAVÍKUR
Leikum okkur í laugunum - stökkbretti opið í Sundhöllinni

## GALLERÍ 100° - ORKUVEITU REYKJAVÍKUR
13:00 - 17:00 Uppfinningar Leonardo da Vinci

## SKAUTAHÖLLIN EGILSHÖLL
14:00 - 18:00 Dúndrandi diskó á svellinu



## MINJASAFN OR Í ELLIÐAÁRDAL
13:00 - 17:00 Skoðið sögu rafvæðingar og gerið tilraunir með krökkunum

## VIÐEY
13:15, 14:15 og 15:15 Ókeypis í ferjuna frá Skarfabakka

Reykjavíkurborg

**Dagskrá á reykjavik.is**

Hönnun: Zetor – Teikningar: Halldór Baldursson

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú að borga af húsnæðisláni?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 72,5% |
| NEI | 27,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með fréttum af efnahagsmálum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

## Ísland leitar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

# Allt önnur mynd sem blasir nú við Íslandi

**Ríkisstjórnin vill tveggja milljarða dollara lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Viðspyrna fyrir efnahagslífið, segja forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Lánið sé mikilvægur upphafspunktur í endurreisnarstarfi þótt útlitið sé enn dökkt.**

Geir Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra vonast til að tveggja milljarða dollara lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum marki upphafið að endurreisn íslenska efnahagskerfisins.

Ríkisstjórnin samþykkti í gær að sækja um tveggja milljarða dollara lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Upphæðin jafngildir um 240 milljörðum króna í augnablikinu. Á blaðamannafundi forsætisráðherra og utanríkisráðherra í gær kom fram að samningsdrög væru tilbúin og að sendinefnd sjóðsins, sem hér hefur dvalist, muni mæla með því við stjórn sjóðsins að samþykkja lánveitinguna. Það geti orðið eftir viku eða tíu daga. Í kjölfarið er vænst stórra lána frá öðrum aðilum.

Geir sagði að fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefðu ásamt Íslendingum dregið upp áætlun til næstu ára. „Við teljum ekki að sjóðurinn hafi sett óaðgengileg skilyrði í þessu máli eða skilmála sem ekki er hægt að ganga að,“ sagði forsætisráðherra og utanríkisráðherra tók undir þetta.

„Það er ekkert í þessu sem við teljum ekki að við hefðum þurft að gera og kannski hefðum við gripið til enn harðari ráðstafana ef við hefðum ekki notið atbeina sjóðsins,“ sagði Ingibjörg. Hún kvaðst lengi hafa talið aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins myndu geta veitt Íslendingum nauðsynlega viðspyrnu til að ná aftur föstu landi.

„Ég held að það gefi okkur færi til að takast á við þessi erfiðu verkefni sem við stöndum hér andspænis á ýmsum sviðum; koma hér á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum, takast á við erfiðleika sem heimilin og fyrirtæki munu mæta á komandi vikum og byggja hér upp samfélag til framtíðar, meðal annars samfélag sem getur búið yfir ákveðnu trausti á alþjóðavettvangi,“ sagði utanríkisráðherra.

Geir sagði þjóðina hægt og bítandi vera að vinna sig úr orrahríðinni. Fólk mætti ekki missa kjarkinn.

„Hugmyndin með þessu láni er að sjálfsögðu að koma efnahagslífinu okkar aftur í gang. Greiða fyrir því að gjaldeyrismarkaðurinn geti starfað með eðlilegum hætti og hér myndist eðlilegt gengi. Það mun blása lífi í efnahagsstarfsemina sem núna er mjög hratt að kólna,“ sagði forsætisráðherra sem dró upp dökka mynd af fallandi þjóðarframleiðslu, auknum halla á ríkisbúskapnum, meira atvinnuleysi og óvissu um verðbólguna. Skynsamlegt væri að ná niður hallanum á ríkissjóði á nokkrum árum.

„Við þurfum líka að auka hér hagvöxtinn til að geta skapað ný störf þannig að þeir sem eru að missa vinnuna núna fái störf við hæfi. Þetta eru verkefnin og þetta er allt önnur mynd heldur en blasti við okkur fyrir nokkrum vikum síðan.“

gar@frettabladid.is



**FORSÆTISRÁÐHERRA OG UTANRÍKISRÁÐHERRA** Geir Haarde kvaðst ánægður með að hafa fengið Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sér við hlið eftir erfið veikindi hennar. Þau ræddu risalán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Ráðherrabústaðnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónninn í hagfræðingum jákvæður þótt enn skorti upplýsingar um samninginn:

# Uppbygging getur hafist á ný

„Þetta þýðir að ráðstöfunartekjur heimilanna munu að meðaltali rýrna um í kringum tuttugu prósent,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, um tíu prósenta samdrátt í landsframleiðslu sem gert er ráð fyrir á næsta ári. Hún segir að sennilega sé lítill hluti kominn fram af þeirri rýrnun. Aukið atvinnuleysi, fólksflótti, minni vinnutími, verðbólga og mikil launalækkun í sumum stéttum ýti undir hana.

Hún segir að lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafi verið algjör forsenda fyrir því að hægt sé að byggja íslenskt efnahagslíf upp á ný. Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík, tekur undir það. Þá sé það léttir að viðurkennt sé að ríkissjóður verði rekinn með halla án þess að efnt verði til skattahækkana til að jafna það.

„Það er ómögulegt að segja til um hvort þessi aðgerðaáætlun sé það sem Íslendingum kemur best eða ekki,“ segir Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands, um aðgerðaáætlunina. Enn séu of miklar upplýsingar á huldu. Þó sé góðs viti að aðgerðir sjóðsins virðist ekki verða mjög harkalegar. „Ef þeir hefðu í hyggju að kýla verðbólguna niður hratt hefði mátt reikna með meiri samdrætti.“ - hhs

## ALGJÖRLEGA NAUÐSYNLEGT

„Þetta er hið besta mál og algjörlega nauðsynlegt,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**

„Nú þarf að ná stöðugleika og styrkja gengi krónunnar og vonandi gerist það fljótlega. Það er mikið verkefni fram undan en þetta er nauðsynlegur þáttur í að takast á við það.“

Geir H. Haarde hvatti þá sem eiga gjaldeyri til að flytja hann heim. „Það skortir engan vilja til þess, það hefur hins vegar ekki verið hægt. Vonandi leysist það fljótt,“ segir Friðrik.

Hann telur að auka eigi þorskveiðikvóta um 30 þúsund tonn. Það gæfi á annan tug milljarða í þjóðarbúið. - kóp

## EÐLILEGT MIÐAÐ VIÐ AÐSTÆÐUR

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, segir samninginn eðlilegan miðað við aðstæður. Framhaldið verði hins vegar ekki auðvelt.



**ARNAR SIGURMUNDSSON**

„Það verða gerðar mjög ríkar kröfur til okkar, ekki síst hvað varðar ríkisfjármál og annað, en ég held samt að þetta hafi verið það skársta í stöðunni. Ég vona að við förum fljótlega að sjá til lands í þessu umróti.“

Arnar segir gengisflökt og svo algjört hrun krónunnar hafa komið illa við sjávarútveg. „Við viljum ná þeirri stöðu að hér geti ríkt jafnvægisgengi með gengisvísitölu 140 til 150 eins og á fyrri hluta þessa árs. Gríðarlegar gengissveiflur koma illa við okkur.“ - kóp

## SKYNSAMLEGT SKREF AÐ TAKA

„Ég held það sé skynsamlegt skref að fara í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um efnahagsaðgerðir og hvernig eigi að vinna úr þessum verkefnum sem eru fram undan hjá okkur,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON**

Þórður telur að samstarfið við sjóðinn sé í aðalatriðum eins og við sé að búast, meðal annars að fá jafnvægi á krónuna og gjaldeyrisviðskipti komist í gott horf, aðhald í peningamálum og háa vexti framan af og koma ríkisfjármálum í gott horf í áföngum. - ghs

## REIKNA MEÐ ÁHRIFUM STRAX

„Ég reikna með því að strax hafi þetta einhver áhrif og um leið og búið er að samþykkja þetta formlega og peningarnir farnir að koma þá fari gjaldeyrismarkaðurinn að virka almennilega, gengi krónunnar að hækka og við förum að sjá viðspyrnu,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

„Það sem málið snýst um er að fá nægilega mikið gjaldeyrislán til að geta sett inn á gjaldeyrismarkaðinn og náð að hækka krónuna,“ segir Vilhjálmur. „Nú er þetta komið í farveg. Ef þetta er ekki nóg þá spá menn aftur í stöðuna.“ - ghs

## HUGNAST ILLA VAXTAHÆKKANIR

„Við teljum að ekki hafi verið um neitt annað að velja en að taka þetta skref,“ segir Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins. Hann ítrekar þó að enn liggi of takmarkaðar upplýsingar um málið til að hægt sé að svara til um það öðruvísi en almennt.



**HELGI MAGNÚSSON**

Í máli Pauls Thomsen, eins af fulltrúum IMF, kom fram í gær að hér komi stýrivextir líklega til með að vera áfram háir til þess að koma megi í veg fyrir mikið gjaldeyrisútstreymi. Helgi segir að þær hugmyndir hugnist sér afskaplega illa. Hann vonast til að þetta verði aðeins tímabundið ástand sem verði „leiðrétt sem allra fyrst aftur“. - kdk


Tvær nýjar sýningar í Galleríi Fold

sýningarnar opna laugardag 25. október, kl. 15,

Allir velkomnir á opnunina



Hulda Vilhjálmsdóttir

Öræfa/sæla málverk



Haukur Dór

sýnir málverk

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



# TAX FREE DAGAR

Dagana 23.-26. október
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa fjóra daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 26. október 2008.

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## Ísland leitar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

# Norrænir þingmenn óttast rússneskt lán

**Íslensk efnahagsmál komu til umræðu á norrænu þingunum í vikunni. Norsk stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að hafa ekki brugðist nógu snemma við. Íslendingar eru í skipum og flugvélum á leið til Brussel, segir sænskur þingmaður.**

Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, hóf umræður í stórþinginu á því að lýsa alvöru kreppunnar á Íslandi og vilja norskra stjórnvalda til að hjálpa bræðraþjóð í Atlantshafi. Forsætisráðherrann og ráðherrar í ríkisstjórninni hafi fylgst grannt með þróuninni á Íslandi og sendinefnd var send hingað til lands.

„Norðmenn taka jákvætt í það að styðja Ísland. Staðan sem komin er upp á Íslandi er flókin og krefst þess að farið sé vel yfir hana. Við höfum lagt áherslu á að hugsanlegur norskur og norrænn stuðningur grundvallist á þörfum og óskum Íslendinga,“ sagði hann.

Anna Margrethe Larsen, þingmaður Vinstriflokksins, sagði að Norðmenn hefðu hagsmuni af því að koma í veg fyrir að efnahagur nágrannaríkis hryndi. Ef allt færi á versta veg þá færði það kreppuna nær Norðmönnum.

Bjørg Tørresdal, þingmaður Kristilega þjóðaflokksins, gagnrýndi norsk stjórnvöld fyrir að hafa brugðist seint við. „Það vakti undrun þegar við sáum upplýsingar um að Íslendingar sæju sig neydda til að hefja viðræður við Rússland um stórt lán. Við hefðum búist við að viðbrögðin frá norskum og norrænum stjórnvöldum hefðu verið sterkari og sneggri,“ sagði hún.

Sænskir þingmenn lýstu áhyggjum yfir því hvað Rússum gengi til að bjóða Íslendingum lán og bentu á að Íslendingar hefðu ekkert varnarlið lengur.

Finn Bengtsson, þingmaður sænska hægriflokksins, velti upp spurningu um hvort Rússar gætu fengið efnahagsleg völd á Íslandi í samningaviðræðum milli þjóðanna um lán. Mats Odell, viðskiptaráðherra Svía, sagði að Svíar vildu hjálpa Íslendingum. „Íslendingar eru í skipum og um borð í flugvélum á leið til Brussel til að sækja um aðild að Evrópusambandinu,“ sagði Johan Pehrsson, þingmaður í sænska miðjuflokknum.

Göran Montan, í sænska hægriflokknum, taldi að sjálfstæði og tilvera Íslands væri í hættu ef íslenska þjóðin fengi ekki aðstoð. „Hvað myndu efnahagslegar skuldbindingar gagnvart Rússlandi þýða fyrir sjálfstæði Íslands,“ spurði hann. „Maður þarf nefnilega ekki að hafa grun um samsæri til að fá grunsemdir um að ástæðurnar fyrir vilja Rússa til að aðstoða Íslendinga séu eitthvað annað en saklausar.“

Danskir stjórnmálamenn taka jákvætt í aðstoð við Íslendinga.

ghs@frettabladid.is



**UTANRÍKISRÁÐHERRA NOREGS** Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, ásamt Valgerði Sverrisdóttur.

> Við hefðum búist við að viðbrögðin frá norskum og norrænum stjórnvöldum hefðu verið sterkari og sneggri.
>
> **BJØRG TØRRESDAL**
> ÞINGMAÐUR KRISTILEGA ÞJÓÐARFLOKKSINS.



**FORMENN STJÓRNARANDSTÖÐUFLOKKANNA** Þungt var yfir Guðna Ágústssyni, Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Steingrími J. Sigfússyni þegar þeir gengu af fundi ríkisstjórnarinnar í Ráðherrabústaðnum í hádeginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Lofar ekki stuðningi

**Formenn stjórnarandstöðuflokkanna lofa ekki stuðningi við lántöku íslenska ríkisins hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ábyrgðin sé ríkisstjórnarinnar sem hafi spilað illa úr stöðunni síðustu þrjár vikur.**

„Ég er mjög hugsi yfir þeirri stöðu sem er að koma upp og verð að segja það að ég vildi að við ættum fleiri og betri kosti um að velja,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, eftir að ríkisstjórnin hafði kynnt formönnum stjórnarandstöðuflokkanna umsókn um lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, voru eins og Steingrímur afar þungbúnir þegar þeir gengu af fundi ríkisstjórnarinnar. „Við erum búin að vera að horfa á þetta ferli núna í þrjár vikur og nú eru menn komnir í einhverja stöðu sem er kannski bara endapunktur í því sem ríkisstjórnin sér fram undan í þessum málum. Það er auðvitað á hennar ábyrgð að fara með þessi mál eins og hefur verið gert,“ sagði Guðjón. Steingrímur tók undir með Guðjóni að undanfarnar þrjár vikur hefðu ekki spilast vel. „Að sjálfsögðu eru engir góðir kostir í stöðunni, það er öllum ljóst. En að þeir yrðu að lokum svona hroðalega þröngir finnst mér hart að þurfa að horfast í augu við. Og ég tel að menn hefðu getað notað tímann betur, reynt fleiri leiðir og haldið fleiri möguleikum opnum. Þar segi ég enn og aftur, að ég eiginlega skil það ekki, að það skyldi ekki reynt að samræma norrænar aðgerðir okkur til stuðnings.“

Hvorki Guðni né Guðjón kváðust lofa stuðningi sinna flokka við lántökuna. Steingrímur tók enn dýpra í árinni. „Ég get engu lofað um slíkt og frekar hið gagnstæða,“ sagði hann.

Aðspurður um deilu Íslendinga og Breta sagðist Guðni hafa mótmælt því alla tíð að Íslendingar tækju á sig meiri byrðar vegna IceSave-reikninga en þeim bæri og gagnrýndi framgöngu ríkisstjórnarinnar.

„Það þýðir ekkert annað en að taka fast á þessum Bretum. Það er okkar vandamál í dag að hafa ekki gengið strax til orrustu við þá þegar þeir settu á okkur hryðjuverkalöggjöf og fóru með okkur eins og glæpamenn um allan heim og eyðilögðu okkar viðskiptakerfi. Það eru ein af þeim mistökum sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir,“ sagði Guðni.

Formennirnir þrír eru hlynntir því að eignamenn sem stóðu að bönkunum flytji fjármagn til Íslands. „Það hljóta allir að telja það eðlilega kröfu að ná í þær eignir sem hægt er inn í þennan pakka. Ef þeir aðilar sem settu í okkur í þennan gríðarlega vanda geta komið að því máli með því að leggja til eignir þá væri það auðvitað fagnaðarefni. Að öðrum kosti hljótum við að reyna að nálgast það eftir öðrum leiðum,“ sagði Guðjón.

gar@frettablaðið















# 20 % afsláttur
## af öllum ljósaseríum um helgina

SIRIUS®



















## Skapaðu hlýleika heima með fallegum ljósaseríum



blóm helgarinnar

*5 liljur*
**1475kr**

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**NÝTT Í GARÐHEIMUM**




**KYNNINGARTILBOÐ**

22 milljónir

Nú er potturinn fjórfaldur og stefnir í 22 milljónir.

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM34769

# Stórfelldur fjárdráttur og skattsvik í Byrginu

**Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur nú lokið rannsókn á fjárreiðum Byrgisins. Niðurstöðurnar benda til þess að um 20 milljóna króna fjárdráttur hafi átt sér stað í rekstri meðferðarheimilisins, svo og umtalsverð skattsvik.**

**LÖGREGLUMÁL** Niðurstöður rannsóknar efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra benda til þess að um 20 milljóna króna fjárdráttur hafi átt sér stað í rekstri Byrgisins undir stjórn Guðmundar Jónssonar. Jafnframt að umtalsverð skattsvik hafi verið höfð í frammi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Byrgið hafði þegið opinbera styrki á árunum 1998–2006.

Þetta umfangsmikla mál hófst eftir umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kompáss í desember 2006. Þar var því ljóstrað upp að Guðmundur hefði brotið kynferðislega gegn skjólstæðingum sínum meðan á dvöl þeirra í Byrginu stóð. Þegar boltinn tók að rúlla beindist athyglin einnig að fjárreiðum Byrgisins. Ákveðið var að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra myndi ráðast í rannsókn á hinum efnahagslega þætti í starfsemi Byrgisins eftir svarta skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármál meðferðarheimilisins. Niðurstöður hennar bentu til að ólöglega hefði verið staðið að rekstrinum og að fjármunir sem sannanlega hefðu runnið til stjórnenda og starfsmanna Byrgisins væru langt umfram það sem fram kæmi í bókhaldi eða ársreikningum félagsins.

Hinn skattalegi þáttur rekstrar meðferðarheimilisins fór hins vegar til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra. Að henni lokinni kærði skattrannsóknarstjóri niðurstöðurnar til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Það fól í sér að talið væri að um væri að ræða stórfelld refsiverð brot hvað varðar þennan þátt í starfsemi Byrgisins sem ekki væri hægt að afgreiða í yfirskattanefnd, heldur yrðu málið að fara til rannsóknar hjá lögreglu.

Efnahagsbrotadeildin rannsakaði þessa tvo rekstrarþætti samhliða. Rannsókninni er lokið og nú unnið að því að fara yfir niðurstöðurnar. Ríkislögreglustjóri mun síðan gefa út ákæru í málinu.

Hvað kynferðisbrotaþáttinn varðar var Guðmundur Jónsson dæmdur í þriggja ára fangelsi 9. maí síðastliðinn fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum sem voru skjólstæðingar hans í Byrginu. Hann var dæmdur til þess að greiða þeim sex milljónir samanlagt í bætur, auk málskostnaðar. Hann áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar, þar sem málið er til meðferðar nú.

jss@frettabladid.is



**EFRI-BRÚ** Þar var Byrgið starfrækt síðustu árin og þar til yfir lauk.




**BYRGISMÁLIÐ** Guðmundur Jónsson í Byrginu var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum skjólstæðingum. Rannsókn á fjármálaþætti Byrgisins er nú lokið.

GULLDRENGIR ÚR KOKKALANDSLIÐINU ...



... koma til okkar um helgina milli 12 og 17 og halda áfram að sýna meistaratakta.
Komdu í IKEA og fylgstu með handbragðinu, finndu ilminn og fáðu að smakka.
Upplifðu stemninguna með okkur.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

DUX®

# Gott gengi

## DUX 7007
180x200



**Tilboð kr 986.000**
Verð áður kr 1.322.000

## Fire sófi



**Tilboð kr 296.000**
Verð áður kr 399.000

## Jetson
Hönnuður: Bruno Mathsson



**Tilboð kr 274.000**
Verð áður kr 343.000

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 • Sími: 5689950
duxiana.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
659 **-2,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 45
**Velta:** 14 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +2,44% | **BAKKAVÖR** | -23,4% |
| **MAREL** | +1,00% | **ATORKA** | -10,45% |
| **ÖSSUR** | +0,23% | **ICELANDAIR** | -2,75% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 201,0 -1,13%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atorka 0,60 -10,45% ... Bakkavör 7,20 -23,40% ... Eimskipafélagið 1,26 +2,44% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,42 -2,75% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 71,00 +1,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 85,80 +0,23%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Mjöl í pokahorni

Undanfarið hafa ýmsir, á grundvelli neyðarlaga frá Alþingi, tekið sæti í skilanefndum gömlu bankanna, og eru þar með settir undir Fjármálaeftirlitið. Í þeim hópi eru til dæmis Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis. Árni var áður bankastjóri Búnaðarbankans og var ávítaður af Fjármálaeftirlitinu, sem nú hefur umsjón með vinnu hans, fyrir brot á bankalögum. Þetta var í byrjun mars árið 2003. Um miðjan janúar hið sama ár beitt Kauphöllin Búnaðarbankann févíti vegna brota á flöggunarreglum. Þá sagðist Árni hafa fylgt lögfræðiáliti. Yfirlögfræðingur Búnaðarbankans þá var Ársæll Hafsteinsson. Hann situr nú í skilanefnd Landsbankans. Árni lét af störfum hjá Búnaðarbankanum um miðjan apríl þetta ár. Ekki að eigin ósk.



### Mjölið er víða

Ársæll Hafsteinsson, var ásamt Yngva Erni Kristinssyni sem starfar í Landsbanka, í hópi þeirra starfsmanna Búnaðarbankans sem voru keyptir yfir í Landsbankann, með töluverðum hávaða, á fyrri hluta ársins 2003. Þá gerðu báðir kaupréttarsamninga við sinn nýja vinnuveitanda. Þeir fara ekki slyppir og snauðir frá borði, þótt gamli Landsbankinn heyri brátt sögunni til. Þeir innleystu kauprétti sína í bankanum í mars í fyrra.

Þeir fengu hlutina á genginu 3,12 en seldu, raunar nokkru áður en gengi bréfanna varð hæst, á genginu 31,8. Ársæll seldi allt sitt í bankanum og hefur farið út með hátt í 200 milljónir króna í plús. Yngvi Örn átti eftir þetta 21 milljón hluta kauprétt.

## Danir vilja styrkja krónuna

Danski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,5 prósentustig í gær. Vextir bankans eru nú 5,5 prósent. Þetta er önnur vaxtahækkun bankans í mánuðinum.

Bankinn segir hækkunina eingungis til að styrkja dönsku krónuna gagnvart evru. Hún er fasttengd evru og má einungis sveiflast innan ákveðinna vikmarka áður en grípa verður til aðgerða.

Þá segir bankinn enn fremur að vart hafi verið við mikið útflæði af erlendum gjaldeyri sem hafi komið niður á dönsku krónunni. Sé horft til þess að vaxtahækkunin nú verði til þess að fjárfestar sjái aukinn hag í vaxtamunarviðskiptum og kaupi danskar krónur á ný. - jab

## Bandaríska ríkið ábyrgist fasteignalán

Bandarísk stjórnvöld íhuga að ábyrgjast fasteignalán banka gegn því vextir og greiðslubyrði þeirra verði lækkuð. Sheila Bair, yfirmaður tryggingarsjóðs innistæðueigenda, FDIC, hefur talað fyrir þessari hugmynd, en hún og margir þingmenn demokrata telja að með þessu megi setja undir hrun fasteignamarkaðarins.



SHEILA BAIR

Nauðungarsölumál á þriðja ársfjórðungi voru 71 prósenti fleiri en á sama tíma í fyrra, en í september misstu 81.312 fjölskyldur heimili sín á nauðungaruppboði. Nokkuð hefur þó hægt á fjölgun nauðungarsölumála í Bandaríkjunum. Þeim fækkaði um 12 prósent milli mánaða í september.

Þá sýna tölur frá viðskiptaráðuneytinu að nýbyggingar einbýlishúsa hafi ekki verið færri síðan 1981. Hagfræðingar eru á einu máli að fjármálakreppunni linni ekki fyrr en botninum hefur verið náð á bandarískum fasteignamarkaði. Greiningardeild Standard & Poors telur nú að botninum verði ekki náð á bandarískum fasteignamarkaði fyrr en í árslok 2009. - msh




# Nauðungarlán kallar á þingrof

**Breyta þarf stjórnarskrá, eigi að leggja byrðar á komandi kynslóðir með bresku nauðungarláni, segir lagaprófessor. Rjúfa þyrfti þing og boða til kosninga.**

„Samningur um útgjöld þarf í minnsta lagi að fá samþykki Alþingis. En ef í slíkum samningi felast skuldbindingar sem binda hendur ríkisins til mjög langs tíma, það er komandi kynslóðir, þá fer þetta að varða fullveldisrétt og til þess tel ég að þurfi að breyta stjórnarskrá," segir Stefán Már Stefánsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Stjórnarskráin sé byggð á þeirri meginforsendu að Ísland sé frjálst og fullvalda ríki. Enn fremur væru meginreglur stjórnarskrárinnar um mannréttindi brotnar ef Ísland gengist undir óhóflegar og óraunhæfar skuldbindingar.

Stefán Már flutti erindi á dögunum þar sem hann lýsti meðal annars því að íslenska ríkinu bæri ekki þjóðréttarleg skuldbinding til að ábyrgjast innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi.

Fram hefur komið að Íslendingar kynnu að taka 600 milljarða króna lán hjá Bretum til að standa undir innistæðum þar, en á Icesave-reikningum í Bretlandi voru líklega hátt í 1.000 milljarðar króna.

Slíkar kröfur styðjast ekki við lagagrundvöll, segir Stefán Már. Öðru máli gegni um lán sem þyrfti að taka til að endurreisa bankakerfið. „Þau verðum við að taka, en þegar hitt bætist við gæti bitinn orðið of stór."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði á blaðamannafundi í gær, að tíminn ynni með Íslendingum í deilunni við Breta. „Þessar kröfur sem eru uppi hjá Bretunum eru meiri en svo að við treystum okkur til að binda þann bagga á þjóðina." Ágreiningur sé um lagatúlkun, en tíminn vinni með Íslendingum í málinu.



**STEFÁN MÁR STEFÁNSSON** Stefán, sem er prófessor við HÍ, telur að þungar byrðar á komandi kynslóðir vegna Icesave-reikninga gætu haft í för með sér mannréttindabrot gagnvart þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bresk sendinefnd var hér á landi til að ræða um lausn mála vegna skuldbindinga Landsbankans ytra. Viðræðunum er ekki lokið.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í gær að málið væri í farvegi sem báðir gætu sætt sig við.

Íslenska ríkið verður ekki skuldbundið nema samkvæmt lögum frá Alþingi. Þurfi hins vegar að breyta stjórnarskrá, þarf sitjandi þing að samþykkja lög. Svo þarf að rjúfa þing og kjósa upp á nýtt. Nýtt þing þarf svo að samþykkja stjórnarskrárbreytingu til þess að hún öðlist gildi. ikh@markadurinn.is

## Greenspan játar mistök

Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, viðurkenndi fyrir þingnefnd að hann hefði „að hluta til" haft á röngu að standa þegar hann barðist fyrir því að reglum og eftirliti væri létt af fjármálastofnunum.

Greenspan sagði að fjármálakreppan væri mun alvarlegri en hann hefði órað fyrir og viðurkenndi að sér hefði yfirsést að blaðra myndaðist á fasteignamörkuðum eftir 2003. Þá sagði hann að fjármálakreppan sýndi að „villur væru í því líkani sem hann hefði talið að stýrði því hvernig heimurinn virkaði". - msh



**ALAN GREENSPAN** Greenspan var Seðlabankastjóri í Bandaríkjunum í 19 ár.

## Gjaldfelldu lán án tafar

Aðstoðarmaður Samson eignarhaldsfélags í greiðslustöðvun þess hefur gert fyrirvara við réttmæti skuldajöfnunar Straums-Burðaráss við félagið, að því er fram kemur í tilkynningu sem Straumur sendi frá sér í gær.

„Þann 6. október síðastliðinn keypti Straumur 12 milljónir evra af Samson, sem voru hluti af reiðufjárinnistæðu félagsins hjá Straumi, fyrir tæpa tvo milljarða króna," segir í tilkynningunni og áréttað að um eðlileg gjaldeyriskaup hafi verið að ræða. „Þegar Samson eignarhaldsfélag ehf. óskaði eftir greiðslustöðvun gjaldfelldi Straumur án tafar lán til félagsins með höfuðstólsfjárhæð 4,7 milljarða króna. Í framhaldi af því lýsti Straumur yfir skuldajöfnuði á eftirstandandi reiðufjárinnistæðu félagsins hjá Straumi að upphæð 19 milljónir evra, eða 2,5 milljarða króna, til lækkunar á áðurnefndu láni." - óká

ÚTSÖLU**LOK**

# +20% viðbótarafsláttur af allri útsöluvöru

# Bláa **bomban**

**Ekki missa af þessu:**

**30% + 20%**
**50% + 20%**
**70% + 20%**

**Frábærar vörur á fáránlegu verði!**

Allt í heimilisdeild á 25% + **20% afslætti** um helgina

Götumarkaðurinn í fullum gangi
**Allt á 200 og 500...**

Gildir ekki af vörum á föstu verði.
Gildir ekki hjá Sand og Boss og aðeins af völdum vörum hjáTamaris og NTC.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
479 KS
ENGINN BITI TEKINN ÚR
KS FROSIÐ SÚPUKJÖT 1. FLOKKUR
479 kr./kg. ENGINN BITI TEKINN ÚR.
40% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
KF LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
1379 kr./kg. MERKT VERÐ 2298 KR./KG.
194 KS
KS LAMBASVIÐ
194 kr./kg. MERKT VERÐ 298 KR./KG.
BÓNUS
1998
BÓNUS HANGIÁLEGG
1998 kr./kg.
lúxus Diletto kaffi
259
DILETTO KAFFI
400g 259 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ferskur Holtakjúklingur
45% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ PIRI-PIRI KRYDDPOKA
1869 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
Svali
89
SVALI 3 PK
EPLA OG APPELSÍNU
89 kr.
BÓNUS KJÚKLINGUR BÓNUS
30% AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
388 kr./kg. MERKT VERÐ 554 KR./KG.
Spelt BRAUÐ
198
MYLLU SPELTBRAUÐ
500g 198 kr.
FERSKT NAUTAVEISLU NAUTAKJÖT
Nautaveisla
798
FERSKT NAUTAHAKK
798 kr./kg.
1998
FERSKUNGNAUTAPIPARSTEIK
1998 kr./kg.
Nautaveisla
30% AFSLÁTTUR
FERSKT NAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
BÓNUS
50% meiri trefjar
KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g 159 kr.
Nautaveisla
Ungnautagúllas
30% AFSLÁTTUR
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
TILBOÐ
498
FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
Ali Grísakjöt
40% AFSLÁTTUR
Brazzi hreinn appelsínusafi
Brazzi hreinn eplasafi
98
BRAZZI 1 LTR APPELSÍNU & EPLA 98 kr.
ALI FERSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU 40% AFSLÁTTUR
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
FERSKT GRÍSAGÚLLAS 1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
FERSKT GRÍSASNITSEL 1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
FERSKT GRÍSAHAKK 530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.
759
1198
Ali
499
ALI GRÍSABÓGUR 499 kr./kg.
KS
KS FROSIÐ LAMBAKJÖT HAUSTSLÁTRUN 2008
KS LAMBALÆRI 1198 kr./kg.
KS LAMBABÓGUR 759 kr./kg.
Ali
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.
898
ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
898 kr./kg.
Ýsubitar
Kristall plús
PEPSI MAX
959
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
959 kr./kg. MERKT VERÐ KR./KG. 1198
798
FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.
98
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30
EGILS KRISTALL + 1 LTR 98 kr.
PEPSI MAX 1 LTR 98 kr.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Í gíslingu innlendrar efnahagsstjórnunar.

# Evrópusambandið er fyrir heimilin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hvað ef?“ er forskeytið á ýmsum spurningum sem brenna á vörum fólks þessa dagana. Ein sú allra stærsta af því tagi er: Hvað ef Ísland hefði verið komið í Evrópusambandið og gjaldmiðill okkar evra en ekki króna? Hvernig væri staðan þá?

Eins og gildir gjarnan um fræðilegar vangaveltur um atburði í fortíð, er ekki til afgerandi og óumdeilt svar við þessari spurningu. Flest bendir þó til að við værum í töluvert skárri málum, eða réttara sagt ekki jafnhörmulegum og raunin er, ef Ísland hefði verið orðið hluti af Evrópusambandinu og aðili að myntbandalagi Evrópu.

Svarið við annarri spurningu, og í þetta skiptið um hvað framtíðin geymir, liggur hins vegar skýrt og óvéfengjanlegt fyrir: Fram undan eru mjög erfiðir tímar, eins og fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sögðu á blaðamannafundi í Karphúsinu í gær, og lögðu fram spádóm um 10 prósenta samdrátt í landsframleiðslu. Slíkur samdráttur hefur í för með sér umtalsvert atvinnuleysi og mun snerta flestar fjölskyldur landsins með einum eða öðrum hætti.

Mikill léttir er fólginn í því að aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að lausn efnahagsvandans hefur verið staðfest.

Á sama tíma eru þetta ákaflega sorgleg tímamót. Mikilvægt er að allir átti sig á því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er kominn til bjargar vegna þess að enginn annar var reiðubúinn til að rétta út hjálparhönd. Ísland átti ekki í nein önnur hús að venda. Jafnvel frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa setið hjá undanfarnar vikur.

Það er alltaf sárt að vera einstæðingur, líka í samfélagi þjóðanna. Þetta er hins vegar hlutskipti sem við Íslendingar kusum okkur sjálfir. Eða eins og Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur orðar það í fréttaskýringu Viðskiptablaðsins í gær: „Við vildum vera sjálfstæð í uppsveiflu og þá erum við líka ein í niðursveiflu.“

Umræður um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru hafa undanfarin ár að stóru leyti verið á forsendum efnahagslífsins og umsvifa íslenskra fyrirtækja utan landsteinanna. Mörgum orðum hefur til dæmis verið eytt í að bankarnir væru of stórir, þyrftu stærra bakland og annan gjaldmiðil.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að það ástand er nú úr sögunni. Í stað þess að laga íslenskt efnahagsumhverfið að breyttum aðstæðum má segja að stjórnvöld hafi ákveðið að laga efnahagsumhverfið að krónunni og færðu það um leið mörg ár aftur í tímann.

Á daginn er komið að sveigjanleiki sjálfstæðrar peningamálastefnu og eigin gjaldmiðils nýtist aðeins stjórnmálamönnunum til að halda þjóðinni í þeirri gíslingu að hún hefur ekki hugmynd um hvaða rekstrarumhverfi bíður hennar.

Hafi einhver haldið að Evrópusambandsaðild snúist fyrst og fremst um hag banka og stórfyrirtækja, er það misskilningur. Aðild að Evrópusambandinu er fyrir heimili landsins því þar er að finna meiri von um stöðugleika og festu en er í boði hjá innfæddum stjórnendum efnahagslífsins. Um það er óþarfi að efast lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.
Toyota Land Cruiser 90 3,0D Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.
Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.
VW Golf 1,6 bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.
Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert að óttast

Í símtali Árna Mathiesen og Alistair Darling, sem leikið var í Kastljósi á fimmtudag, vitnaði sá síðarnefndi í fund sem hann átti með Björgvin G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra 2. september. Á Darling mátti skilja að um krísufund hafi verið að ræða; hann hafi lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu mála og hvort íslensk stjórnvöld gætu staðið við skuldbindingar gagnvart sparifjáreigendum í Bretlandi en verið fullvissaður um að ekkert væri að óttast. Nú væri komið á daginn að áhyggjur hans voru á rökum reistar.



### Góð samskipti

Björgvin G. Sigurðsson virðist aftur á móti ekki hafa litið fundinn jafnalvarlegum augum og Darling, að minnsta kosti ef marka má fréttatilkynningu á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins frá 3. september. Þar segir að ráðherrarnir hafi einfaldlega rætt „góð samskipti þjóðanna á sviði fjármálamarkaðar“ og „hvaða lærdóm megi draga af aðstæðum á mörkuðum undanfarna mánuði“.

### Kratabiblían

Helgi Hjörvar alþingismaður ritaði grein í Fréttablaðið í gær um Ísland á alþjóðavettvangi og vitnar meðal annars í bókina *Veröld sem var* eftir Stefan Zweig. Sú bók er augljóslega í hávegum höfð innan Samfylkingarinnar, enda „skyldulesning allra áhugamanna um þjóðfélagsþróun seinni tíma“ að sögn Eiríks Bergmanns. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði frá sinni uppáhaldsbók í Kiljunni í fyrra, en það er einmitt *Veröld sem var* eftir Stefan Zweig. Þegar Dagur B. Eggertsson kom fram í sama þætti á dögunum, vildi svo illa til að hann á enga uppáhaldsbók. Dagur greip því til þess ráðs að segja frá uppáhaldsbók afa síns, sem var – merkilegt nokk – *Veröld sem var* eftir Stefan Zweig.



bergsteinn@frettabladid.is

# Sjálfbær jöfnuður



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Í DAG | Breyttir tímar

Það er skrýtið að vera Íslendingur þessa dagana. Í ágúst vorum við talin sjötta ríkasta þjóð í heimi. Þegar þetta er skrifað horfum við fram á að íslenska ríkið verði hugsanlega að taka 500 milljarða lán til að greiða fyrir bankaævintýri Landsbankans í Bretlandi. Og aðra 500 milljarða til að koma gjaldeyrisviðskiptum í gang. Eitt þúsund milljarðar fyrir okkur að borga með vöxtum og vaxtavöxtum. Og ekki aðeins okkur heldur börnin okkar og barnabörnin sem eru rétt að byrja lífið og tilveruna og við viljum öll að geti átt bjarta framtíð.

### Dökkir tímar fram undan

Það er myrkt yfir Íslandi núna. En þegar ástandið er svart skiptir máli að sjá týruna í myrkrinu og reyna að glæða það ljós. Og hver er sú týra? Vissulega höfum við horft á fjármálakerfið hrynja á tveimur vikum og við vitum að það hefur slæmar afleiðingar. Fjöldi fólks hefur tapað stórfé í sjóðum bankanna – fólk sem lagði fyrir sinn fimm þúsund kall á mánuði og ætlaði sér að eiga smá sjóð fyrir sumarið eða til að stækka við sig eða fyrir ellina. Þessir sjóðir voru ranglega kynntir sem örugg sparnaðarleið.

Fjöldi fólks hefur misst vinnuna. Meirihluti allra íslenskra arkitekta missti vinnuna í vikunni. Þúsund manns kunna að missa vinnuna í bönkunum. Atvinnuleysi kann að verða meira en við höfum þekkt.

Og fólk er reitt enda verður ekki betur séð en að ýmsir eigendur bankanna séu stungnir af með seðlavöndlana í vasanum. Á sama tíma sér íslenskur almenningur fram á að borga fyrir öll ævintýrin næstu öldina, ævintýri sem margir tóku engan þátt í. Enn er allsendis óvíst hvort hægt verður að leggja hald á eitthvað af þessum eignum eða halda þeim eftir hér á landi.

Fólk er líka reitt af því að ýmsir höfðu haft uppi varnaðarorð en á þau var ekki hlustað. Bankakerfið var orðið meira en tífalt stærra en þjóðarbúið og ljóst að bankarnir hefðu þurft að flytja hluta starfsemi sinnar til útlanda miðað við núverandi gjaldeyrisvaraforða. Stjórnvöld hlustuðu ekki á varnaðarorð með dýrkeyptum afleiðingum. Margt ungt fólk hefur haft samband við mig í vikunni og lýst vonleysi og sér fátt annað í stöðunni en að flytja af landi brott.

### Ljósið í myrkrinu

En það er týra. Vissulega verður næsta ár erfitt og jafnvel lengri tími. En við getum líka lært af þessum hremmingum. Við getum lært af fordæmi Norðmanna og Svía sem lentu í bankakreppu í byrjun tíunda áratugarins og endurskoðuðu allt fjármálakerfi sitt. Þar á ríkið hlut í öllum stærri bönkum til að geta haft áhrif á þróun mála. Við getum endurskoðað lög um Seðlabankann og tryggt faglegar ráðningar stjórnenda á þeim bæ í staðinn fyrir að ráða gamla stjórnmálamenn. Við getum gert Fjármálaeftirlitið skilvirkara og styrkt lagarammann um fjármálaumhverfið. Við getum líka gert pólitískar breytingar. Við getum kosið öðruvísi í næstu kosningum og tryggt breytingar ef við viljum.

Við getum líka velt því fyrir okkur hvað okkur finnst gera tilveruna góða. Er tilveran góð ef maður á flatskjá og Range Rover? Eru það lífsgæði að drekka dýrasta koníakið og ganga í Prada-skóm? Gerir það lífið gott að græða sem mest? Á valdatíma Reagans í Bandaríkjunum og Thatcher í Bretlandi festi sú hugmynd sig í sessi að græðgi væri af hinu góða. Þessi sama hugmyndafræði seytlaði inn í íslenskt samfélag á tíunda áratugnum og skyndilega var það orðið gott og gilt að forstjórar fengju hundruð milljóna fyrir meintan árangur og vísað var í mikla ábyrgð þeirra. Á sama tíma fengu leikskólastarfsmenn engar árangurstengdar greiðslur þó að óneitanlega væri ábyrgð þeirra mikil. Eða framhaldsskólakennarar. Hvað þá sjúkraliðar eða skúringafólk.

*Gróði er ekki góður í sjálfu sér og sama má segja um hagvöxt. Sá hagvöxtur sem hér hefur verið hefur að miklu leyti byggst á neyslu sem hefur verið fjármögnuð með lánum. Slíkur hagvöxtur byggist ekki á verðmætasköpun og hefur reynst hverfull.*

### Að eiga nóg er nóg

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið lengi við völd í þessu landi. Í stjórnartíð hans síðastliðin 17 ár – ásamt Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Samfylkingu – hefur bilið milli hinna lægst launuðu og hæst launuðu stóraukist. Um það hefur hins vegar helst ekki mátt tala því um gróðann hefur ekki mátt efast.

En ég leyfi mér að efast. Gróði er ekki góður í sjálfu sér og sama má segja um hagvöxt. Sá hagvöxtur sem hér hefur verið hefur að miklu leyti byggst á neyslu sem hefur verið fjármögnuð með lánum. Slíkur hagvöxtur byggist ekki á verðmætasköpun og hefur reynst hverfull.

Þegar ég var lítil, fyrir tuttugu og fimm árum eða svo, átti ég eitt par af vetrarskóm og þeir entust mér a.m.k. einn vetur, jafnvel tvo. Svo átti ég eina strigaskó fyrir sumarið og eina spariskó. Ansi hreint gott. Gott líf snýst ekki endilega um að eiga mikið – það snýst fremur um að hafa nóg – að ganga ekki á höfuðstólinn en rækta sinn garð þannig að hann beri ávöxt. Það á við um náttúruna, það á við um samfélagið og það á við um efnahagslífið. Þessi afstaða er stundum kölluð sjálfbær þróun.

### Jöfnuður í öndvegi

Ef við fylgjum hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og setjum jöfnuð í öndvegi eigum við Íslendingar góða möguleika á að vinna okkur út úr þrengingunum og skapa hér betra samfélag en hér ríkti fyrir hrunið mikla. Með því að endurskoða sjávarútvegsstefnu okkar, byggja upp landbúnaðinn, efla hátækni og þekkingariðnað, styrkja ferðaþjónustu og standa vörð um undirstöður samfélagsins; öflugt menntakerfi, gott heilbrigðiskerfi og félagslegt kerfi þar sem enginn dettur milli skips og bryggju, eigum við möguleika á að endurreisa atvinnulífið á nýjum grunni. Ef við lærum af nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum og endurskoðum lagaumhverfið, hefjum faglega sjónarmið til vegs og virðingar, skiptum skammtímagróða út fyrir skynsamlega fjármálastefnu og endurskoðum peningamálastefnuna getum við lagt grunn að traustri framtíð.

Umfram allt skulum við ekki detta í gamlar gryfjur og endurtaka sömu mistökin. Jöfnuður og sjálfbærni eru þau leiðarljós sem ég sé í þessari blindhríð og úr henni munum við komast. Það mun taka tíma og það veltur að miklu leyti á stjórnvöldum hversu langur tími sá verður.

Ég vil ekki að skrifað verði undir lántökur upp á mörg hundruð milljarða til að greiða fyrir Icesave umfram þjóðréttarlegar skyldur okkar, því að íslenskur almenningur á ekki að borga þann reikning. Ég vil að málin verði gerð upp og fólk verði kallað til ábyrgðar. Og ég vil að við notum þessi tímamót til að feta nýja leið og skapa hér jafnaðarsamfélag í sátt við umhverfið.

*Höfundur er þingmaður VG.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Liljur, 5 stk
1499
Pottaplöntur
og pottar
30-50%
afsláttur
Rýmum fyrir
Jólum
EGG
EGG vörur
í verslunum
Blómavals um
land allt.
4 stk.
Erika
999 kr
Blandaður
vöndur
899
Rósir
899
Haustlaukar
30-50%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind



# Góð helgi framundan



Björgólfur Guðmundsson svarar fyrir sig

Ítarlegt viðtal við fyrrverandi eiganda Landsbankans í nýja sunnudagsmogganum

Vald FME

Neyðarlögin og gerræðislegt vald Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda



Nýtt og ferskara helgarblað

Njóttu sunnudagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á mbl.is eða í síma 569 1100

Morgunblaðið SUNNUDAGUR

Fáðu þér áskrift



Fíton/SÍA F1027505



SAMSETT MYND/KIDDI

# Bullandi framfarir

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um skipbrotsmenn sem eiga að halda sér saman, fyrirsjáanlega rassskellingu og ferðakvíða.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 17. OKTÓBER.**

### Kurteisleg ábending

Í fréttum er þetta helst: Ísland náði ekki kjöri í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna af hálfu Vestur-Evrópu heldur Austurríki og Tyrkland. Alls greiddu 192 þjóðir atkvæði. Tyrkland fékk 151 atkvæði, Austurríki 133 og Ísland 87.

Það fylgir sögunni að utanríkisráðherra Íslands var í New York til þess að kosningabaráttan gengi betur.

Fyrir mína parta er ég feginn því að þessari fokdýru sneypuferð skuli vera lokið, þótt ég harmi rassskellinguna sem var svo fyrirsjáanleg.

Sagt er að Gro Harlem Brundtland hafi komið með þá skýringu á óförum Íslendinga í þessum kosningum, að Ísland skorti „pólitíska ideólógíu“. Það er kurteisleg ábending um að leppríki Bandaríkjanna í áratugi njóti ekki alþjóðlegrar virðingar fyrir stjórnmálaþroska.

**LAUGARDAGUR, 18. OKTÓBER.**

### Útifundur á Austurvelli

Þótt ég sé einfari reyndi ég í dag að sýna félagslega ábyrgð með því að taka þátt í stórum útifundi á Austurvelli og steig meira að segja á stokk og sagði fáein orð.

Krafa fundarins var að taka hressilega undir þá skoðun formanns Samfylkingarinnar að stjórn seðlabankans eigi að víkja til að gefa rétt kjörnum stjórnvöldum svigrúm til nauðsynlegra aðgerða í því efnahagslega fárviðri sem nú geisar.

Venjan er sú þegar skipstjórnarmenn lenda í því óláni að stranda skipum að þeir séu sendir í sjópróf sem eiga að leiða í ljós hvað eða hver olli strandinu.

Við búum á lítilli eyju og þess vegna er eðlilegt að menn noti stundum líkinguna „þjóðarskúta“ til að tákna samfélagið. Nú er þjóðarskútan strönduð, en forstjóri útgerðarinnar, Geir Haarde, stendur á því fastar en fótunum að það flokkist undir nornaveiðar, einelti, ofsóknir og múgæsingu að halda sjópróf yfir skipstjórnarmönnum eða yfirleitt að vera með vangaveltur um að einhver eða einhverjir kunni að bera ábyrgð á því að þjóðarskútan var í dularfullum einkaerindum fárra manna stödd á grynningum og tundurduflasvæði.

Mér fannst merkilegt að finna stemminguna á fundinum. Rétt eins og maður væri staddur á strandstað innan um hrakta skipbrotsmenn sem hafa ekki fengið annan glaðning frá útgerð skipsins en fyrirmæli um að hafa hægt um sig og þegja meðan verið sé reikna út hvað hver og einn eigi að borga í skaðabætur fyrir að hafa fengið að vera um borð í skipinu.

**SUNNUDAGUR, 19. OKTÓBER.**

### Reykjavík-Rotterdam

Við frú Sólveig brugðum okkur í bíó að sjá nýju myndina eftir Óskar Jónasson „Reykjavík-Rotterdam“. Þetta er fínasti reyfari sem Óskar stjórnar eins og hann sé fæddur og uppalinn í túnfætinum í Hollywood.

Lengi vel höfðu menn það fyrir satt að ekki væri hægt að búa til sannferðugar glæpasögur á Íslandi vegna þess að grimmd, illska og ofbeldi í íslensku þjóðfélagi væri ekki trúverðug. Nú er það breytt. Svona eru bullandi framfarir á öllum sviðum.

**MÁNUDAGUR, 20. OKTÓBER.**

### Lífsflótti á frönsku til Berlínar

Nú þegar ég hef loksins skilað af mér bókinni sem ég var svo lengi að skrifa hef ég aftur eignast svonefndar tómstundir, sem sé ráðrúm til að gera það sem mér sýnist sjálfum mér til skemmtunar svo lengi sem það kostar ekki mikið og meiðir engan.

Þótt skömm sé frá að segja finnst mér skemmtilegast af öllu – fyrir utan að leika mér við barnabörnin – að reyna að stauta mig fram úr bókum á frönsku með hjálp orðabóka. Sennilega er þetta frönskunám til marks um djúpa innri þörf fyrir að flýja frá veruleikanum, eða að minnsta kosti að taka sér frí frá bölmóði og barlómi og krepputali stund og stund.

Svo er ég líka að safna kröftum og undirbúa mig andlega fyrir að taka til í kjallaranum svo að ég geti byrjað aftur að mála um miðjan nóvember þegar við komum heim frá Þýskalandi. Frú Sólveig stakk nefnilega upp á því í sumar að við skyldum kaupa okkur ódýrt flugfar til Berlínar og fá lánaða íbúð hjá kunningjafólki til að geta spókað okkur ein í útlöndum í nokkra daga um og eftir næstu mánaðamót.

Síðan hafa málin þróast þannig að það hefur meira en hvarflað að mér að fara og útvega mér læknisvottorð um að ég sé í dauðateygjunum og megi alls ekki ferðast út fyrir Elliðaárnar og allrasíst með flugvélum, svo að við getum fengið farmiðana endurgreidda.

Aldrei áður hef ég fundið fyrir kvíða yfir því að ætla að fara að skoða mig um erlendis. En frú Sólveig er ung og bjartsýn og segir að kreppan sé ekki mér að kenna og það sé nauðsynleg lífsreynsla fyrir mann sem er kominn á minn aldur að reika um göturnar í Berlín staurblankur og ástfanginn.

Þetta er sennilega rétt hjá henni eins og fleira.

**MIÐVIKUDAGUR, 22. OKTÓBER.**

### Hvít blæja gleymskunnar

Það var snjór yfir öllu í morgun. Hvít blæja sem nóttin hafði breitt yfir gærdaginn.

Bretar hafa tekið Landsbankann af lista yfir alþjóðleg hryðjuverkasamtök. Þeir um það. Bjöggarnir og þeirra nótar verða kyrrir á mínum lista þar til þeir hafa gengist við ábyrgðum sínum hér heima og í Bretlandi og Hollandi.

Stundum er ég óskaplega dapur yfir ástandinu og þess á milli fæ ég reiðiköst. Fyrir utan að fá mjög misvísandi fréttir af því hversu margar milljónir hvert mannsbarn á að borga í skaðabætur fyrir glæpamannahjörðina sem hér hefur vaðið uppi undanfarin ár finnst mér heldur ömurlegt að sjá hvernig verðtryggingin á húsnæðisláninu étur upp þær krónur sem við frú Sólveig áttum í húsinu okkar.

Mér finnst líka sárt til þess að vita að lítil börn eins og Andri og Litla-Sól skuli taka það í arf að borga skuldir siðlausra fjárhættuspilara sem eiga ekkert sameiginlegt með meirihluta þjóðarinnar annað en að vera fæddir í sama landi.

Einhver ungur maður sem hefur verið handvalinn til að stjórna gjaldþrota banka fær tvær milljónir á mánuði í laun. Ekki er það gæfuleg byrjun á nýju lífi þjóðarinnar. Ekki er það beinlínis til þess að efla samstöðu þjóðarinnar.

Kannski að það fenni yfir þetta um síðir.

**FIMMTUDAGUR, 23. OKTÓBER.**

### Glæpamenn og verjendur

Á mbl.is stendur:

„Birgir Ármannsson formaður allsherjarnefndar telur ekki að setja eigi neyðarlög um að kyrrsetja eignir auðmanna sem áttu þátt í falli bankanna. Hann segir íslensk lög gera ráð fyrir að hægt sé að gera eignir upptækar ef uppi sé rökstuddur grunur um saknæmt athæfi. Nýlegt dæmi um misbeitingu hryðjuverkalaga sé ekki beinlínis hvatning til frekari aðgerða.“

Það er einkenni á lýðræðisþjóðfélagi að jafnvel verstu níðingar og glæpamenn fái að hafa sína verjendur. Til þess eru lögfræðingar.

Alþingismenn eru til þess að hugsa um hagsmuni almennings.

Til hvers þessi Birgir er veit ég hins vegar ekki – nema til að tefja fyrir því að eftirlaunaósóminn verði tekinn á dagskrá Alþingis. Hann hefur greinilega metnað til að láta muna eftir sér.



NÓATÚN
TILBOÐ
Ódýrt og gott!
36% afsláttur
Úr kjötborði
Lambasúpukjöt af nýslátruðu
498 kr./kg
Verð áður 779
Íslensk kjötsúpa í vetrarbyrjun
Skoðið uppskrift og pistil á
www noatun.is
Nanna Rögnvaldardóttir
Úr kjötborði
Lambalærissneiðar
1.398 kr./kg
Verð áður 2.398
42% afsláttur
Móa kjúklingur ferskur
642 kr./kg
Verð áður 1.070
40% afsláttur
Úr kjötborði
Lambahryggur m/villisveppum
1.798 kr./stk
Verð áður 1.998
Kjötsúpugrænmeti saman í pakka
298 kr/pk
15% afsláttur
Loyd Grossman sósur
Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
Kortið sem kemur þér út
KREDITKORT
2 fyrir 1
Veetee örbylgjuhrísgrjón
EXPO • www.expo.is
www noatun.is
Léttir þér lífið!
NÓATÚN


FRÁBÆR TILBOÐ
í Krónunni!
799 kr. kg
Heill lambaskrokkur af nýslátruðu sagaður í kassa
Læri 1/1 • Læri sneitt • Hryggur 1/1
Frampartur sagaður • Slög heil
30% afsláttur
1189 kr. kg
Grísa mínútusteik
25% afsláttur
2249 kr. kg
Ungnauta mínútusteik
Gott
898 kr. kg
Goða Gourmet ungnautahakk
498 kr. kg
Goða súpukjöt lítill poki
40% afsláttur
Lifrarpylsa og blóðmör frosin 4 stk í pakka
449 kr. pk.
grillborgarar m brauði 4stk
40% afsláttur
897 kr. kg
Bautabúrs Bayonneskinka
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartímar í Krónunni:
Krónan Höfða alla daga 11-19
Krónan Lindum alla daga 11-19
Krónan Granda alla daga 11-19

# KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr




| Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|
| virka daga 11-21 | virka daga 11-21 | virka daga 10-20 | alla daga 10-19 | alla daga 11-19 | virka daga 11-19 |
| lau. 11-21 sun.12-21 | lau. 11-21 sun. 12-21 | helgar 10-19 | | | lau. 11-19 sun.12-16 |

# Hvað um foreldrana?

Þegar sonur **Eyglóar Guðmundsdóttur** sálfræðings greindist með krabbamein var hún hissa á að aðstandendum stæði ekki til boða skilvirkari sálfræðiþjónusta. Nú vinnur hún að doktorsverkefni um sálfélagslegar aðstæður foreldra krabbameinssjúkra barna. ***Þórgunnur Oddsdóttir*** ræddi við Eygló um rannsóknina og baráttuna við krabbamein sonarins.

Benjamín Nökkvi Björnsson er hress fimm ára gutti sem hefur gengið í gegnum ýmislegt á sinni stuttu ævi. Tæplega tíu vikna gamall greindist hann með ungbarnahvítblæði sem síðan tók sig upp aftur rúmu ári síðar. Í dag eftir tvenn beinmergsskipti, óteljandi daga á sjúkrahúsi, erfiðar aðgerðir og mikla þolinmæði er hann laus við meinið.

„Hann er í raun læknaður en þetta er samt alls ekki búið,“ segir Eygló Guðmundsdóttir, móðir Benjamíns, og á þar bæði við líkamleg veikindi sonarins og andlega líðan fjölskyldunnar allrar. Benjamín er höfðinu lægri en jafnaldrar hans, hann þyngist lítið, hefur verki í hnjám, lungun eru viðkvæm og því fær hann oft lungnabólgu svo eitthvað sé nefnt.

„Í dag er Benjamín ekki krabbameinssjúkt barn heldur langveikt barn. Sem betur fer komast mörg börn í gegnum svona lagað, jafnvel alheil, en stór hluti glímir við einhvers konar síðbúnar afleiðingar,“ útskýrir Eygló og segir marga ekki gera sér ekki grein fyrir þessum eftirmálum. „Skilningurinn er mjög mikill meðan á meðferð stendur, allir vilja hjálpa, vinir, ættingjar – samfélagið allt. En svo líða árin og barnið kannski læknast en þú situr eftir með áframhaldandi kvíða um að sjúkdómurinn taki sig upp aftur. Auk álagsins sem getur fylgt þeim erfiðleikum sem koma fram síðar vegna sjúkdómsins eða meðferðarinnar.“



**STERK FJÖLSKYLDA** Benjamín á svo sannarlega góða að. Nikulás, stóri bróðir hans, hefur tvisvar sinnum gefið Benjamín beinmerg og Hrafnhildur stóra systir gefur honum góða skapið og brosið. Það er ekki síður mikilvægt í baráttunni við sjúkdóminn.

### Andlega hliðin

Eygló og eiginmaður hennar, Björn Harðarson, eru bæði sálfræðingar. Þau höfðu því ef til vill aðrar forsendur en flestir foreldrar til að meta þá andlegu aðstoð sem þeim stóð til boða í krabbameinsferlinu sem síðar leiddi til þess að Eygló hóf að rannsaka líðan foreldra krabbameinssjúkra barna. „Að fá þær fréttir að barnið þitt sé með lífshættulegan sjúkdóm er gríðarlegt áfall. Það er eins og þú sért sparkað í andlitið á þér með járnstígvéli. Fast!“ segir Eygló sem var hissa á að við þær aðstæður væri ekki boðið upp á skilvirkari áfallahjálp á spítalanum.

„Þegar við fáum þær fréttir að Benjamín sé með krabbamein þá koma til okkar læknar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi og prestur en það kom enginn sálfræðingur. Okkur sem sálfræðingum, og fyrst og fremst sem foreldrum í áfalli, hefði fundist eðlilegt að vera boðin virk sálfræðiaðstoð á þessum tímapunkti. Það er ekkert víst að við hefðum þegið hana en hún hefði engu að síður átt að vera í boði.“

Þegar Eygló fór að grennslast fyrir um hvernig þessu væri háttað komst hún að því að hún þyrfti að bera sig eftir þjónustunni sjálf.

„Sálfræðingar Barna- og unglingageðdeildar sinna þessum málum og mér var sagt að ég gæti hringt í þá ef mér fyndist ég þurfa á því að halda. Þetta hljómaði fáránlega í mín eyru. Átti ég, móðir í krísu, að fara að átta mig á því hvort ég þyrfti að tala við sálfræðing þegar ég var gjörsamlega dofin og átti ég þá að hringja í sálfræðing á Barna- og unglingageðdeild sem ég hafði aldrei séð og óska eftir tíma? Það ferli fannst mér allt of langt og flókið. Auðvitað á þessi þjónusta að vera inni í þessu teymi sem sinnir þér. Það á að vera fagmanneskja og ekki bara hver sem er heldur sálfræðingur sem er sérhæfður í að vinna með sorg, áföll og langvarandi streitu, sem sinnir aðstandendum við svona aðstæður,“ segir Eygló. Hún kveðst strax hafa fundið mun þegar Benjamín var kominn í meðferð úti í Svíþjóð. „Þar komu félagsráðgjafi og sálfræðingur til okkar einu sinni í viku. Kannski vildum við ekkert við þá tala en þeir komu alltaf reglulega, og létu vita af sér.“

### Annað áfall

Benjamín fór í beinmergsskipti í Svíþjóð tæplega átta mánaða gamall og var orðinn sterkur og stór ári síðar þegar Eygló fór með hann í eftirskoðun. Hún hafði hlakkað til að sýna starfsfólkinu á spítalanum ytra hvað Benjamín braggaðist vel en mergsýni og niðurstöður úr blóðprufum sýndu að krabbameinið hafði tekið sig upp á ný. Eygló segir að það hafi verið gríðarlegt áfall.

„Maður getur tekið einu svona kjaftshöggi, þú kemst ekki heil út úr því trúðu mér, en það er hægt að taka á því. Að fá síðan annað kjaftshögg þegar maður er ekki einu sinni kominn á þann stað að vera byrjaður að vinna sig út úr fyrra áfallinu, það var hræðilegt. Mér fannst hreinlega eins og það væri stigið ofan á mig. Ég fór í „blakkát“, líkaminn setti á sjálfstýringu og ég labbaði út af spítalanum og kom mér heim en rankaði í raun ekki við mér aftur fyrr en á flugvellinum daginn eftir. Ég man ekki einu sinni hvernig ég komst þangað,“ segir Eygló.

> Ég held að enginn komist frá þessu ósnertur. Áfallið eitt og sér, að fá þær fréttir að barnið manns sé með krabbamein, skilur alltaf eftir ör.

Það var einmitt þarna á flugvellinum, í mars 2005, sem fyrstu drögin að rannsóknarverkefni Eyglóar voru lögð þótt hún hafi alls ekki verið að velta því fyrir sér þá að fara í doktorsnám á þeim tíma. „Ég hitti þarna hjúkrunarfræðing sem var í krabbameinsteyminu okkar á Íslandi. Hún segist hafa verið að koma af ráðstefnu þar sem meðal annars var verið að ræða áfallastreitu foreldra og nefnir nafnið Krister Boman og ég hugsa svo ekkert meira um í bili enda fór þarna allt á fullt við að undirbúa seinni beinmergsskipti Benjamíns.“

Að fara í ein beinmergsskipti er áhættusamt og taki sjúkdómurinn sig upp aftur eru gerðar afar strangar kröfur um hvort sjúklingi sé treyst í aðra slíka aðgerð. Þetta var þó eina von Benjamíns um lækningu og voru foreldrarnir meðvitaðir um það frá upphafi að líklegt væri að hann hefði það ekki af. Nokkrum sinnum hékk líf hans á bláþræði en allt fór vel að lokum.

Meðan Benjamín var að jafna sig eftir aðgerðina skaut nafni Kristers Boman aftur upp í kollinum á Eygló og fyrst hún var stödd í Svíþjóð ákvað hún að heyra í honum. Í heimsókn til Bomans kemst hún að því að til eru gögn um líðan sænskra foreldra krabbameinssjúkra barna sem lítið hafði verið unnið úr. „Þegar ég sá þessi gögn vissi ég að þetta var eitthvað sem mig langaði að vinna með og áður en ég vissi af var ég farin að vinna að doktorsverkefni. Ég þóttist vita að skorturinn á þessari stoðþjónustu snerist um pólitík og peninga – það snýst allt um pólitík og peninga. Til að breyta þessu þarf aukið fjármagn og til að fá aukið fjármagn þarf að sýna fram á að breytinga sé þörf,“ segir Eygló sem sendi sama spurningalista til 244 íslenskra foreldra barna sem höfðu greinst með krabbamein á árunum 1986 til 2006.

### Íslenskir foreldrar verr staddir

Fyrstu niðurstöður liggja nú fyrir og sýna að íslenskir foreldrar eru að mörgu leyti verr staddir en þeir sænsku. „Íslensku foreldrarnir eru óöruggari og finnst þeir ekki eins vel upplýstir. Síðan sló það okkur svolítið að íslenskir foreldrar mælast með marktækt meiri sjúkdómstengda streitu en sænsku foreldrarnir,“ segir Eygló. Hún hefur ákveðnar kenningar um hvað kunni að skýra þennan mun. „Það þarf náttúrulega að skoða þetta betur en ég hef mínar getgátur. Til dæmis eru sérstakar krabbameinsdeildir fyrir börn á sjúkrahúsum í Svíþjóð. Barnið þarf því ekki að vera eins mikið í einangrun og á Íslandi þar sem börn í krabbameinsmeðferð og til dæmis börn með alvarlegar sýkingar eru vistuð á sömu deild. Þessar aðstæður gera það því miður að verkum að krabbameinssjúka barnið er oft í einangrun frá öðrum sjúklingum til að smitast ekki af vírusum og umgangspestum og þar með einangrast foreldrarnir líka. Það að geta umgengist og deilt reynslu með öðrum foreldrum sem eru í sömu stöðu getur verið ómetanlegt og jafnvel dregið úr óöryggi foreldra sem eru að koma inn í þennan ókunnuga reynsluheim.“

Sjálfri fannst Eygló hún óttalega ein oft þegar hún sat yfir syni sínum á spítalanum. „Þú situr þarna dag eftir dag, verður dofin, og það eina sem þú hugsar um er að barnið þitt deyi ekki. Þannig var það hjá mér. Ég svaf lítið sem ekkert, sat bara og horfði á Benjamín og var dauðhrædd um að ef ég færi frá þá myndi eitthvað koma fyrir.“

### Foreldrana í forgang

Eygló vill sjá gjörbreytta þjónustu við foreldra krabbameinssjúkra barna.

„Þetta snýst um forvarnir. Að sinna þér frá byrjun mun gagnast betur en að sinna þér þegar þú dettur í gólfið eftir fimm ár. Það er svo algengt að áfallið segi til sín síðar. Maður hleypur ekki í gegnum svona og jafnar sig síðan bara, það er ekki svo einfalt. Barnið kannski læknast og þú ferð heim og tekst á við hversdagsleikann á ný og það er þá sem allar tilfinningarnar sem þú setur í frost meðan þú ert í þessu „akútástandi“ koma upp á yfir-borðið. Meðan á meðferðinni stendur ertu bara að einbeita þér að barninu sem er með lífshættulegan sjúkdóm og gæti dáið. Þú ert ekki svo mikið að hugsa um það hvernig þér líður eða hvernig hjónabandið gangi.“

Eygló segir marga foreldra upplifa það að vera komnir í algjört þrot þegar kemur að því að fara út í lífið á ný. „Þú ert bara eins og tómur rafgeymir, svefnvana, kvíðinn og tættur. Og þannig gengur þú kannski í mörg ár og segir: „jú, jú, það gengur bara ágætlega hjá mér,“ en grætur svo á nóttunni af því að enginn skilur þig. Barnið þitt er orðið frískt, af hverju ertu ekki glöð? Foreldrar þurfa kannski ekki allir sömu stoðþjónustuna en ég held að enginn komist frá þessu ósnertur. Áfallið eitt og sér, að fá þær fréttir að barnið manns sé með krabbamein, skilur alltaf eftir ör.“

Eygló bendir á að rannsóknir sýni að markviss sálfræðiþjónusta, sem ekki þarf að bera sig eftir, og eftirfylgni dragi úr streitueinkennum.

„Þessi þjónusta á að vera virk. Ég myndi meðal annars vilja sjá að fagfólk með sérþekkingu í þessum málum tæki á móti þér á spítalanum þegar barnið þitt greinist með sjúkdóm. Síðan fylgi þér aðilar þér í gegnum allt ferlið og áfram eftir að krabbameinsmeðferð barnsins er lokið. Það er beinlínis vandræðalegt hvernig þessu er sinnt í dag og það hefur ekkert með fagfólkið að gera. Starfsfólkið á Barnaspítalanum er yndislegt og hefur reynst okkur frábærlega vel. Ég ætla alls ekki að leita að sökudólgi heldur langar mig að leita úrræða. Það þarf að setja þessi mál í forgang, það þarf að setja foreldra langveikra barna í forgang vegna þess að foreldri sem er betur á sig komið með andlegri umönnun er betur í stakk búið til að sinna veika barninu og fjölskyldunni allri.“

### ➜ FORELDRARNIR ERU LÍKA VEIKIR

- Rannsóknir á sálfélagslegri líðan foreldra krabbameinssjúkra barna sýna að þeir upplifa meðal annars alvarlegan kvíða, þunglyndiseinkenni, svefntruflanir og líkamleg og andleg streitueinkenni og tilfinninguna um að hafa misst stjórn á eigin lífi.
- Mörg þessara einkenna eru enn til staðar tíu árum eftir að barnið lýkur meðferð.
- Nýlegar rannsóknir benda til að foreldrar sem boðin er markviss sálfræðileg þjónusta, upplifa minni kvíða og depurðareinkenni og upplifa sig hafandi betri stjórn á lífi sínu, og almenn álags- og streitueinkenni minnka.
- Rannsókn Eyglóar, sem unnin er í samvinnu við Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna á Íslandi, Barnaspítala Hringsins og Karolinska institutet í Stokkhólmi, sýnir að íslenskir foreldrar krabbameinssjúkra barna hafa meiri streitueinkenni en sænskir foreldrar í sömu sporum.



**VIÐEY** er góður áfangastaður fyrir dagsferð með fjölskyldunni. Skemmtilegt getur verið að ganga um eyjuna, fylgjast með þegar kviknar á friðarsúlunni og fá sér svo kakó og kleinur í Viðeyjarstofu áður en haldið er aftur í land. Mikilvægt er þó að vera vel búinn ef kalt er úti.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447















„Þessi bíll var notaður eitthvað í sjónvarpsauglýsingar svo hann er dálítið frægur,“ segir Guðrún Brynja ánægð með Citroëninn sinn sem er rúmlega tvítugur að aldri. MYND/RÚNAR ÁSBERGSSON

# Fann draumabílinn sinn á síðum Fréttablaðsins

**Þegar Guðrún Brynja Bárðardóttir sá Citroën-bragga auglýstan í Fréttablaðinu um jólaleytið 2006 festi hún umsvifalaust á honum kaup enda vantaði hana þægilegan og sparneytinn blómabíl.**

„Það er varla hægt að fá mýkri bíl í akstri enda voru þessir bílar framleiddir fyrir eggjabændur í Frakklandi svo þeir gætu komist yfir akrana með eggin óbrotin á markaðinn. Svo er hann gríðarlega sparneytinn, eyðir ekki nema þremur á hundraðið. Ég helli á hann úr sláttuvélabrúsanum öðru hvoru,“ segir Guðrún Brynja brosandi þegar hún er spurð um kosti bílsins síns, Citroën CV 2 sem er af árgerð 1987.

„Svona bíll var draumur minn frá því að ég var fimmtán ára. Mér fannst hann svo sætur,“ heldur Guðrún Brynja áfram. „Reyndar vildi ég helst hafa hann vínrauðan og svartan með grind að aftan fyrir ferðatöskur. En þegar ég sá auglýsingu í gömlu Fréttablaði í desember 2006 var ég ekki sein á mér að hafa samband við eigandann og kaupin fóru fram á þriðja í jólum.“

Guðrún Brynja stýrir blómaskreytinganámsbraut Landbúnaðarháskóla Íslands en rak eigin blómaverslun í Þorlákshöfn þegar hún keypti Citroëninn.

„Ég notaði bílinn mest til að fara með blómasendingar í hús þegar ég átti búðina en síðan ég skipti um starfsvettvang hef ég minni not fyrir hann. Börnin mín elska hann og eru ekki sátt við að ég sé að spá í að setja hann á sölu. Nú er ég reyndar að fara með hann í geymslu því hann hentar ekki í vetrarakstri.“

Ekki kveðst Guðrún Brynja hafa rekist á marga bræður braggabílsins hennar. „Það eru klúbbar erlendis kringum svona bíla og einn slíkur klúbbur kom hingað til lands í sumar. Fór hringinn held ég. Ég sá þetta bara í sjónvarpinu og var voða spæld að vera ekki boðið með.“ *gun@frettabladid.is*




# ;FERÐIR



**HÓTEL HEKLA** er sveitahótel um 75 kílómetra austan við Reykjavík, miðsvæðis á Skeiðum þar sem fjallið Hekla blasir við í allri sinni dýrð. Tilvalið fyrir þá sem vilja skreppa úr bænum eina nótt.

Stigapílarar í miklu úrvali og flestum viðategundum, stuttur afgreiðslutími. Uppl. í s. 898 5661.

## Önnur þjónusta







# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Dömur**
Pelsarnir bíða hjá Jakob. Minkapelsar hjá Jakob. Sími 421 1661.

**Nú er lagerinn að klárast**
**Eftir eru: 2 stk ferðanuddbekkir m/öllum fylgihlutum kr. 79.680.- höfuðhvílubréf, bekkjapappír, olíubelti m/brúsa ofl. Upplýsingar á www.baso.is og í síma 847 1294.**



**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SNJOKEDJUR.IS

Verð í kolaportinu um helgina að selja notaðan fatnað. Þú getur stútfyllt poka af góðum fatnaði fyrir 500 kr. Gengið inn um vinstri hurð á móti sjónum. Sjáumst hress.

Bækur til sölu vegna flutnings. Td. Jón Trausti, Tómas Guðmundsson, Shakespeare og fl. Selst allt saman. S. 899 7883.

Sófasett og uppþvottavél til sölu. Fæst fyrir lítið. S. 848 4301.

**Þvottavélar**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. OPIÐI um helgina.

12 stuttar þöglar super 8mm kvikmyndafilmur fást gefins. Myndir m.a. með Chaplin, Abbott og Costello. Uppl. í s. 551 8280.

Til sölu mjög flott frímerkjasafn. Listaverð c.a. 400 þús. Selst á 40 þús. stgr. Uppl. í s. 568 7005.

## Óskast keypt

Tig suðuvél, eins fasa. Óskast keypt. Uppl. í s. 893 5944

Óska eftir að kaupa hlaupabrettii á samastað til sölu Rope youga uppl: 8202845

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Flygill óskast. Gott verð fyrir nýtt/nýlegt hljóðfæri. Leitum að Yamaha C3,4 eða 5. Tristan s. 896 2654.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri










## Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun

friendtex

**Útsala alla laugardaga frá kl. 11:00 -16:00 Aðeins á laugardögum!**
Friendtex Faxafeni 10, 108 Rvk S:568 2870 www.friendtex.is

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**




## Ýmislegt

Til Sölu: Örbylgjuofn m/grilli v: 15000 Kæliskápur 85cm m/frysti v: 25000 Heimabíóhátlarar v: 20000 Svefnsófi v: 20000 S: 693-9696

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

# HEILSA

## Heilsuvörur




Aloe vera drykkurinn hjálpaði mér ! Sjálfstæður dreifingaraðili FLP. Jón s. 892 2001.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Ferðanuddbekkir 50.000, ferðasnyrtibekkir 40.000 st.gr. uppl. í S: 891 6447 Óli

Whole body massage Telepone 841 8529.

## Námskeið



**Jógadans - Hugleiðsla - Sköpun**
**Helgarnámskeið 1. og 2. nóv. Uppl. í síma 696 3343 og 692 6920.**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Glæsilegt 2 ára gamalt leðursófasett, blátt, 1x1x3 til sölu. Tilboð. Uppl. í s. 695 8711.

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyring.is S. 897 5484 & 897 3327.

## Heimilistæki



**Nýtt Íslenskt!**
Vaskasmiðjan býður upp á einstaka vöru og hönnun. Handlaugar og sérsmíði fyrir falleg heimili. www.Kletthamar.is / sími 661-2005

Til sölu 5 ára Zanuzzi 120L frystikysta. Óska eftir ca 100 ltr fiskabúri. Gsm: 6177031

## Gefins

Siemens þvottavél og þurrkari fæsti gefins. Hjalti 821-6560

## Dýrahald

**Nýtt á Íslandi ALMO NATURE kattamatur.**
**Dýrabær Smáralind & Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**

**Hágæðafóður AÐEINS 390 kr kg**
**Proformance hágæða hundafóður 23 kg sekkur á kr. 8900.- (selt líka eftir vikt á staðnum á 550 kr pr. Kg) 4.tegundir - Takmarkað magn. Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattvörur Háholti 13, Mosfellsbær (sama húsi og krónan) www.hundaheimur.is**

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Sími 566 8417 bjóðum visa/ euro raðgreiðslur.**

**Persneskur Skógarkettlingur**
Er með himneskan loðbolta til sölu. Uppl. í s. 690 4716.

## Tilboð

# Dong Fang Salon kynnir:



**Pantaðu þér Lúxus andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu létta fótsnyrtingu frítt með. Tilboðið gildir til 15. nóvember.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIDIR

Blíðir & fallegir Chihuahuahvolpar hvolpar/rakkar til sölu. Gott verð. S. 615 3070.

### Silky Terrier hvolpar til sölu
5 SilkyTerrier hvolpar til sölu ætbókfærðir, örmerktir og bólusettir. Tilbúnir til afhendingar um miðja nóv. Uppl. í s. 898 7028.

Til sölu yndislegir Chihuahua. Örmerktir og bólusettir. Uppl. í s. 898 6448.

## Ýmislegt




Sala - Hleðsla - viðhald og þjónusta í eldvarnarbúnaði. Við leggjum áherslu á góða og persónulega þjónustu á góðu verði. Sími 565 4080.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Fyrir veiðimenn

Tilboð á gistingu fyrir rjúpnaveiðimenn: www.graihundurinn.is

## Hestamennska

### Innréttingar í hesthús
Smíða innréttingar úr heitgalvanseruðu járni. Margra ára reynsla. Gott verð. 869 6690 Aðalsteinn

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Til leigu í Grafarvogi**
**Góð 3 herbergja íbúð í Grafarvogi til leigu.**
**Sanngjarnt verð fyrir gott fólk.**
**Langtímaleiga.**
**Upplýsingar í síma 899 2002.**



Til leigu 2ja herb íbúð í Þorláksgeisla. Falleg, björt 77fm íbúð á 4.hæð. Bílastæði í kjallara. Uppl. í s. 860 6186.

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

3 herb. íbúð í 201 Kóp. Laus strax. Leigist m/öllum húsgögnum. Uppl. í s. 847 7147.

Herbergi í 101 R. + aðstaða. Gott verð + rými. Trygging. S. 867 4280.

Room for rent in Hafnafjordur with access of kitchen and toilett. 50.000 per month, included heat and electric. Tel. 696 6631

Herb. til leigu í HFJ með aðgangi að eldhúsi og snyrtingu. 50 þús. á mán. með rafm. & hita. Uppl. í s. 696 6631. Laust strax.

Til leigu ný 3 herb. rúmgóð og falleg íbúð í Hfj. V. 140 þ. m/hita, rafmagn og hússj. Uppl. í s. 899 7262.

Ný uppgerð 116fm (3 herb+ stofa) íbúð á jarðhæð í Hlíðunum (105) til leigu. Að hluta búin húsgögnum. Leiga 160þ man (1 man fyrirfram + trygging). a3ibudir@yahoo.com eða 8963894

60 fm íbúð til leigu í Kópavogi. 55 þús á mán. Uppl. í síma 699 1595

Einbýlishús með frábæru útsýni við Elliðavatn.Nýlegt 165m2 hús með stórum bílskúr, 2 stór svefnherbergi, 2 baðherbergi, heitur pottur í garðhúsi, 1000 m2 lóð. verð 170þ. Sími 6960730

Falleg 4ra herbergja íbúð til leigu í seljahverfi. Laus 1. nóv uppl. í síma 8204071

Til leigu. 4. herberg. íbúð við Álfholt í Hfj. 115 fm. Leiga 135 þ. Laus. S. 565 6317.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702.

Til leigu herbergi við Kringluna og Háskólann í Reykjavík. Net. + Breiðb. S. 899 2060.

### Glaðheimar
Stór 190fm. hæð í Glaðheimum (104 Rvk.) auk bílskúrs til leigu til langtíma. Verð 160þ pr. mán. Uppl. í síma 824 5066.

### Núpalind
Góð 3-4ra herb. 130fm. í Núpalind (201 Kóp.) til leigu til langtíma 130þ pr mán. Uppl. Í síma 824-5066.

Húsnæði/herbergi til leigu 6 km. frá Lundi - stutt frá Kaupmannahöfn. S. 899 2060.

Herb. til leigu í 101. Aðg. að sameigil. stofu, sturtu, WC, þvottav. og þurrkari. S. 616 8965.

35 fm stúdíóíbúð í Kópavogi til leigu. Leiga 70 þús. á mán. með öllu. Reykleysi og reglusemi skilyrði. S. 860 1998.

Til leigu 115fm 3ja herbergja íbúð í Sjálandshverfinu í Garðabæ með stæði í bílageymslu Húsgögn geta fylgt. Laus strax. Upplýsingar í síma 661 2400.

Rúmgóð 2 herb. íbúð í lyftuhúsi í Engihjalla, Kóp. 100 þ. á mán. Uppl. í s. 845 7738.

4ja herb. í Miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 150þús. S. 895 0497.

Laus til langtimaleigu 3ja herbergja 80 fm íbúð í 107 Reykjavík. Reglusamt fólk eingöngu. Upplsími 8922336.

Fín 4 herb íbúð við Njálsgötu langtímaleiga Sími 862 8431 arnartangi@gmail.com

38 fm einstaklingsíbúð til leigu í rólegu hverfi í HFJ. stutt í alla þjónustu.

Til leigu 50 fm íbúð á jarðhæð í Seljahverfi. Uppl. í síma 5577455

105 Stangarholt. Fínt stúdíóherb. Bjart og rúmgott með eldh.innr. Vask, ísskáp, stór fatask., þvottav.tengi. Internet. V. 45 þ. með öllu. S. 891 8610.

Til leigu 70 fm. íbúð með stæði í bílageymslu. Laus strax. Gott verð. Uppl. í s. 869 7640.

Þingholtin. Mjög góðar 2 og 3 herb. íbúðir í steinhúsi á annari hæð með svölum. Laus strax. S. 861 6841 / 841 7981.

20fm herb. í 320fm hús kóp. m/ Eldh,þvottah.gufu,pott,bíó. frítt net/TV S:5178706

3ja herb. íbúð í Hraunbæ, 110 Rvk. Leiga 129.000. Bankaábyrgð. S: 8983420

Gott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Þvottavél og þurrkari. Þráðlaust internet. Aðeins reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina. Upplýsingar í s. 772-2528 milli 13 og 17

Til leigu falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð ásamt sér bílastæði að Ástúni 8 í Kópavogi. Leiguverð ca. 130þkr. - Íbúð er laus strax. Upplýsingar í síma 698 2442.

Herbergi til leigu í Seljahverfi aðgangur að WC og sturtu, húsgögn fylgja. Upplýsingar í síma 824 3205.

3ja herb. íbúð til leigu í Hafnafirði. Verð 110 þús. Uppl. í s. 865 1349.

Miðsvæðis í Hafnarfirði. 82 fm, 3-4 herb. íbúð til leigu. Uppl. í síma 892 3302. 110 þús. á mán.

3-4 herb. íbúð á 3hæð í Hveragerði. Mjög rúmg. & björt. S. 662 3101.

2 herb. íbúð m/sérinngang í einbýlishúsi í Garðabæ til leigu. Einstætt foreldri óskast sem aðstoð við 8 ára dreng gegn lægri leigu. Uppl. í s. 897 7922.

Sæt 56 fm íbúð v. Háaleitisbraut. Leiga 98þ. m. hússjóð + trygging. Partur af húsg. geta fylgt. Uppl. í s. 695 8772.

70 sqm. 3 bedroom apartment at Skipholt for rent from 1 Nov. - 28 Feb. Furnitur, TV, CD, DVD, Cooking/washing macine. 110.000 ISK a month, deposit 120.000 ISK. Tele 869 9766.

Íbúð í Vesturbæ Til leigu 3 herb íbúð á 2.hæð í blokk við Kaplaskjólsveg. Leiga 100 þús á mánuði. Uppl gefur Davíð í síma 8639105.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4ja herb. 98fm. íbúð á svæði 110. Til leigu frá 1. des. Uppl. í s. 864 8089.

72fm íbúð til leigu í hamraborg Kópav. 120þús. á mán. Uppl. í s. 692 6433 e. kl 16.

2 herb. 49fm íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi Safamýri til leigu. Frábær staðsetning í friðsælum botnlanga. Sér inngangur. Laus strax. Verð 120þ. per. mán. Uppl. í s. 899 6568.

104 Rvk. Falleg og hlýleg 3ja herb. íbúð í einbýlishúsi í barnvænu hverfi. Leiga 120 þús./mán. með öllu. Hrund s. 822 5026/hrund@moderna.is

Herbergi til leigu við Bólstaðarhlíð. Uppl í s. 553 1760 eða 892 2001.

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

## Húsnæði óskast

Óska eftir litlu húsnæði eða góðri aðstöðu í Rvk. eða Kóp. fyrir naglaásetningar og aðrar snyrtingar. mys@visir.is

Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir 3-5 herb. íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Höfum meðmæli fyrri leigusala. Uppl. s. 694 9513 e. kl. 17.

Herbergi óskast fyrir 30kk, Mjög snyrtilegur, verðhugmynd 20.000. S: 864-8315

### Langtímaleiga
Óska eftir 2-3 herb. íbúð sem fyrst. Greiðslugeta 110 þ. Uppl. í s. 841 1692.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð. Helst í póstnr. 110-112-113-270. Lantímaleiga. Uppl. í s. 820 8236.

36 ára kk óskar eftir taka á leigu lítið herb. í Garðabæ. Ensku & getur talað íslensku. S. 618 2040.

Góð 4 hb 115-125m² íbúð óskast til leigu í Kópavogi. Skipti á íb. á Akureyri möguleg. S. 824-1780

## Húsnæði til sölu

12-14 hesta hús til sölu á mánagrund í Keflavík. Uppl. í s:6951297

## Sumarbústaðir

Komdu peningnum fyrir þar sem hann rýrnar ekki. Sumarhúsalóð í landi Klausturhóla í Grímsnesi. 1 hektari að stærð, klukkutími frá Reykjavík. Lóð sem er ekki ofaní þjóðvegi. Upplýsingar í síma 699 7543 Lárus.

## Atvinnuhúsnæði

### Skristofur
Góðar skrifstofur með aðgang að allri aðstöðu til leigu í 110 Rvk. Gott fyrir minni starfsemi og einyrkja. Uppl. í síma 824 5066.

Óska eftir atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu ca. 60-100 fm. með milliloftum. Uppl. í s. 845 8023.

Atv.húsn til leigu að Stórhöfða 17. Rvk. 65fm. 95þ. pr. mán. S. 693 2277.

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði

Til sölu geymslugámur Bos, stærð 3 x 2 m m/ einföld hurð í enda verð um 150 þ. Uppl. í síma 892 5029.

Tjaldvagna, felli- og hjólhýsageymslur Upphitað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu til leigu fyrir tjaldvagna, felli-/hjólhýsi og húsbíla. Uppl. í síma 893 9777.

Geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi, húsbíla o.fl Nýtt húsnæði. Upplýsingar í síma 6915698 eða 8470002

Óska eftir tilboði í geymslu á þremur meðalstórum hjólhýsum fram að páskum. Uppl. í s. 659 2452.

Vetrargeymsla á höfuðborgarsvæðinu Tjaldvagnar, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Gott verð Sími 893 9950.

### Nú fer hver að verða síðastur !
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Gisting

### Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Gisting í Köben.Stúdíóíbúðir jonasis@mail.dk. www.sitecenter.dk/jonaso Sími+4531106412

# ATVINNA

## Atvinna í boði

THULE KRAFT
Ráðningaskrifstofa
[Við leitum að]
• Verkfræðingum
• Tæknifræðingum
• Iðnaðarmönnum með sveinsbréf til Svíþjóðar,Noregs og olíuborpalla á norðursjó
Upplýsingar í síma 6967324
thulekraft@gmail.com

starf.is

### Stýrimann
Stýrimann vantar á Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða strax. Uppl. í s. 426 8286 & 894 2013.

### Góðir Tekjumöguleikar
Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Nýtt námskeið að hefjast. Sími 892 9660.

Hópferðabílstjórar óskast! Óskum eftir góðum þjónustuliprum bílstjórum í kvöld og helgarakstur Uppl. gefur Einar 482 1210. einar@gtbus.is Guðmundur Tyrfingsson ehf

## Atvinna óskast

18 ára strákur óskar eftir kvöld eða helgarvinnu t.d. ræstingar, sveigjanlegur vinnutími. S. 697 9553.

42 ára gamall maður, reglusamur og reyklaus óskar eftir vinnu með vörubíla og rútupróf. S. 618 4718.

ÍSLENSKUR RAFSUÐU/JÁRNSMIÐUR ÓSKAR EFTIR VINNU. LAUS NÚ ÞEGAR. MEÐ PRÓFSUÐURÉTTINDI. UPPL. Í S. 845 7945.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Carmen er týnd. 2ja ára bröndóttur skógarköttur,tapaðist frá Bogahlíð 13. sunnud.19.okt.Hún er með rauða ól og örmerkt. Hennar er sárt saknað,fundarlaun. Svana 899 2424



KÓPAVOGUR - FOSSVOGUR! Konjó týndist frá Furugrund 64 þriðjudaginn 21 okt. Hann er með græna ól með bjöllu og merki. Ef þú hefur orðið hans vör/var hringdu í síma 865 5140.

## Fundir

FERÐA & ÚTIVISTARFÉLAGIÐ SLÓÐAVINIR

Aðalfundur Ferða og útivistarfélagsins Slóðavina verður haldinn laugardaginn 8. nóvember, kl. 13:00, í Bíósal Hótel Loftleiða. Í lok fundar er boðið upp á kaffiveitingar og myndasýningu. Á dagskránni eru hefðundin aðalfundastörf. Nánari upplýsingar um dagskrá og tillögur að lagabreytingum má sjá á vef félagsins, www.slodavinir.org. Rétt til setu á aðalfundi hafa einungis þeir sem hafa staðið full skil á gjöldum til félagsins.

## Tilkynningar

Þarf þinn hópur að fjármagna útskriftarferð ? Allt um styrktarsölu á www.papco.is

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Meiriháttar upptaka
Gríðarlega „innileg" upptaka var að berast Sögum Rauða Torgsins (og hún er virkilega meiriháttar!). Njóttu hennar til fulls í einrúmi í síma 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8253.

### Samkynhn. karlmenn ath
Nú er mikið af nýjum auglýsingum samkynhn. karla á Rauða Torginu Stefnumót. Hlustið á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort). Auglýsið frítt í s. 535-9923. www.raudatorgid.is.

### Hávaxin og myndarleg
32 ára kona, mjúk á réttum stöðum, vill kynnast karlmanni á aldrinum 32-45 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8544.

### 908 6969 símatorg
Hæ ég er 22 ára ljóshærð, grönn og sæt ég hef ekki mikla reynslu, langar þig að kenna mér eitthvað í kvöld? Ég er pínu feimin en ég treysti þér. Enginn símsvari og engar tafir.

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

## Tilkynningar

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Nefnd um einstæða og forsjárlausa foreldra og stjúpforeldra og réttarstöðu barna þeirra.**

# Málþing um fjölskyldumál á Íslandi
***"Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi?"***

**Mánudaginn 27. október 2008**
**á Grand Hóteli kl. 12.30-17.00**

**12.30** **Málþing sett**
Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra.

**Kynning á starfi nefndar um einstæða og forsjárlausa foreldra og stjúpforeldra og réttar stöðu barna þeirra.**
Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar.

**13.00** **Félagsleg staða barna í mismunandi fjölskyldum**
*- líðan barna - að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi*
*- "réttur" foreldra vs. "réttur barns" - ráðgjöf og fræðsla*

• Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.
• Ársæll Már Arnarsson lektor í sálfræði við Háskólann á Akureyri
• Gunnar Hersveinn heimspekingur

Umræður eftir hvert framsöguerindi.

**14.00** **Lagaleg staða barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum**
*- sameiginleg forsjá - lögheimili - umgengni*
*- stjúpfjölskyldur - forsjárlausir foreldrar - sáttaleiðir*
*- heimildir dómara*

• Valborg Snævarr lögmaður
• Dögg Pálsdóttir lögmaður
• Jóhann Loftsson sálfræðingur

Umræður eftir hvert framsöguerindi.

**15. 00** **Kaffi.**

**15.30** **Fjárhagsleg staða barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum**
*- fátæk börn - meðlag - barnabætur - fjárhagsaðstoð*
*- sérstakur stuðningur ríkis og sveitarfélaga*

• Guðný Björk Eydal deildarforseti félagsráðgjafar deildar Háskóla Íslands
• Ásta S. Helgadóttir forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna
• Laufey Ólafsdóttir formaður Félags einstæðra foreldra

Umræður eftir hvert framsöguerindi

**16.30** **Barnið í framtíðarfjölskyldunni**
Ragnhildur Sverrisdóttir blaðamaður, Morgunblaðinu.

**16.45** **Ráðstefnuslit.**

Ráðstefnustjóri verður Lára Björnsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Málþingið er opið öllum og er aðgangur ókeypis.

# *freistandi* METSÖLUBÆKUR

**FYLGSTU MEÐ METSÖLULISTANUM Á www.forlagid.is**




1. sæti
Skv heildarlista / allar bækur

„Fantagóður krimmi … Stíll Stefáns Mána er sem fyrr sprellfjörugur … Mann hungrar í meira.“
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV




1. sæti
Skáldverk vasabrot

„Yndislega einlæg bók.“
KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON

„Létt, opinská og frábærlega skemmtileg.“
GUARDIAN




1. sæti
Handbækur / fræðibækur / ævisögur

★★★★½

„Bók sem maður vill klára strax og fá svo meira.“
ÁSDÍS BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR / DV

„Falleg saga um ótrúlega fjölskyldu.“
GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL




1. sæti
Barna og unglingabækur

„Spennandi og heldur manni föstum frá fyrstu blaðsíðu.“
JÓHANNES HELGASON, 11 ÁRA




2. sæti
Skv heildarlista / allar bækur

„Kom mér skemmtilega á óvart.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Öruggur penni … fumlaus og efnistök góð.“
SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ




2. sæti
Barna og unglingabækur

Ný bók eftir söluhæsta barnabókahöfund Bretlands.




3. sæti
Barna og unglingabækur

Spennandi ævintýrasaga prýdd fjölda litmynda.




3. sæti
Handbækur / fræðibækur / ævisögur

Bók fyrir alla sem vilja njóta ásta. Sjö vikur á metsölulista.

METSÖLUSÆTIN ERU SAMKVÆMT METSÖLULISTA EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR 21.10. 2008

FORLAGIÐ

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL

# Ísland er dautt. Lengi lifi Ísland! Þjóðarþrot í átján liðum

Góðæristíminn er liðinn. Við fengum skell. Og glímum nú við gróðaharðindin. Þau geta samt aldrei orðið jafnslæm og móðuharðindin. Við skulum því ekki gefast upp. Hreinsum til, skiptum út því gamla og byggjum nýtt og betra þjóðfélag.

**1.**

Fyrir ári átti ég leið um Kaupmannahöfn. Á Strikinu rakst ég á nokkra landa sem voru komnir til að kíkja í „búðirnar okkar“. Það mátti merkja að nú var annar bragur á Íslendingum í Köben en áður. Þeir gengu hnarreistir um. Útrásin hafði gefið okkur sjálfstraust. Hin ótrúlegu kaup okkar á stærstu verslunum Dana gerðu mikið fyrir litla þjóð. Við skildum auðvitað ekki hvernig piltarnir fóru að þessu en vonuðum það besta. Það virtist allt ganga upp hjá þeim.

Ég gekk inn í Magasin du Nord til að skoða dýrðina. Í rúllustiga rakst ég á Íslending. Þetta var ósköp kaupfélagslegur maður á fertugsaldri, í steingráum jakkafötum, hvorki sérlega eftirminnilegur né töff að hætti útrásarvíkinga. Ég spurði hvað hann gerði. „Ég vinn hjá íslensku fyrirtæki hér í Danmörku.“ Já? Og hvers konar fyrirtæki er það? „Við erum í því að kaupa önnur fyrirtæki.“

Allt í einu var íslenska útrásin orðin hálfabsúrd. Þegar maður sá hana loks í aksjón, þegar hún birtist manni í mannsmynd á erlendri grundu, minnti hún allt í einu á aðra útrás sem einnig endaði illa. Allt í einu minnti þessi náungi, sem leit helst út fyrir að vera starfsmaður Mjólkursamsölunnar, á óbreyttan foringja í þýska hernum á árum seinni heimsstyrjaldar, tímabundinn útvörð heimsveldis í dönskum smábæ. Áttum við virkilega mannafla í þetta? Var þetta ekki komið út í öfgar? Íslenski meðaljóninn orðinn að útrásarvíkingi og dönskum fjármálagreifa …

**2.**

Við sjáum það nú að þótt strákarnir okkar væru klárir tefldu þeir allt of djarft. Allt byggt á lánum sem greitt var af með öðrum lánum. Íslenska útrásin var einn himinhár lánakastali.

Að lokum var það reyndar mikið fárviðri sem felldi spilaborgina en spilaborg var hún engu að síður. Markmiðin voru ekki nógu háleit. Bara meiri útþensla, meiri gróði, fleiri eignir í safnið … „Erum í því að kaupa önnur fyrirtæki.“ Vörumerkjum nælt í barminn líkt og orðum og heiðursmerkjum.

Útrásarvíkingar reyndist vera réttnefni. Þeir fóru um löndin rænandi og ruplandi. Og fengu aldrei nóg. Græðgin gegndarlaus. Peningar plataðir út úr saklausum almenningi í Hollandi og Bretlandi til að halda partíinu gangandi. Kinnafeit og sléttpúðruð kaupaukafésin reyndust illa rotin að innan.

Og eftir sitjum við með sektarkennd í brjósti. Því innst inni dáðumst við öll að þessum greifum, þessum peninga-poppstjörnum. Við fylgdumst agndofa með ævintýrum þeirra og horfðum hugfangin á þegar þeir styrktu listir, menningu og góðgerðarstarf. Við höfðum aldrei átt snjalla viðskiptamenn, ekki í þúsund ár, og hvað þá menn sem unnu sigra í öðrum löndum. Í fimm hundruð ár höfðu danskir kaupmenn kúgað okkur og svo tók Kolkrabbinn við. Ísland fagnaði langþráðu viðskiptafrelsi um síðustu aldamót sem stjórnvöld okkar veittu með frægum herkjum. Kálfarnir þustu úr fjósi og hlupu hnusandi og slefandi um víðan völl en þroskinn var auðvitað ekki mikill. Því fór sem fór. Sjö ára gamall hlutabréfamarkaður hegðaði sér eins og sjö ára gömlum sæmir: Fyrstu fyrirtækin sem við keyptum erlendis voru breskar sælgætis- og leikfangabúðir, og svo var fjárfest í kappakstursbílum …

Nú eru hetjur gærdagsins skúrkar dagsins í dag. Vonandi tekst okkur að læra af reynslunni. Og þroskast.

**3.**

Hlutskipti Íslands má líkja við fjölskyldu sem glímir við fíkniefnavandamál. Ríkisstjórnir síðustu ára voru foreldrarnir sem gáfu börnum sínum, bisnessmönnunum, of lausan taum. Og krakkarnir héldu út í harðan heiminn og komust í efni. Sem þeir urðu háðir. Hins vegar höfðu þeir ekki ráð á öllum þeim efnum og slógu því lán. Og lán fyrir þeim lánum.

En svo kom kreppa og dópið kláraðist. Dílerinn átti ekki meira. Heimur fíklanna hrundi. Þeir hurfu í meðferð en skuldirnar lentu á pabba og mömmu. Þær voru hins vegar orðnar svo risavaxnar að heimilið fór á hausinn.

Þar stöndum við nú. Með hrunið hús að baki og mænum betliaugum til heimsins. Ísland þarf að segja sig til sveitar.

**4.**

Hinn 20. september sl. birti Egill Helgason á bloggi sínu bréf sem honum hafði borist frá gömlum vini. Þar sagði meðal annars:

„Í þrengingum verðbréfabraskaranna undanfarið rifjuðust upp fyrir mér um það bil tuttugu ára gömul orð einhvers franska intellektúellsins um að fall kommúnismans myndi brátt leiða til falls kapítalismans/frjálshyggjunnar vegna þess að mótspyrnu eða andmódel vantaði, og giskaði á … 20 ár.“

Röksemdirnar voru þær að með falli kommúnismans, sem hann grét sannarlega ekki, myndi vestræna módelið fyllast slíku oflæti að menn myndu ekki kunna sér hóf í auðsöfnuninni og falla á því drambi.

Hér er líklega komin besta skýringin á því alþjóðlega spilaborgarfalli sem nú skekur „hinn frjálsa heim“. Sjálfsagt mun enginn þora að nota orðin „frjálshyggja“ og „einkavæðing“ næstu árin. Nú er horft til klassískari lausna.

Líkindin við hrun kommúnismans undirstrikuðust í orðum Hannesar Hólmsteins, sem hann lét falla í nýlegu viðtali við Morgunblaðið, að kapítalismi og kapítalistar væru ekki það sama. Hér var kappinn hlaupinn í sama skjól og gömlu kommarnir á sínum tíma, þegar þeim varð ljóst að Sovétkommúnisminn var orðinn að lögregluríki: Hugsjónin var góð en hún komst bara óvart í hendurnar á „vondum mönnum“.

Um leið má segja að hér hafi prófessorinn, hinn andlegi lærifaðir íslenska thatcherismans, kjarnað stefnu Sjálfstæðisflokksins undanfarinn áratug. Hinn íslenski kapítalismi skyldi vera lokaður klúbbur þar sem Davíð var dyravörðurinn sem handvaldi fólk inn í dýrðina. En þeir sem ekki voru í náðinni komust samt inn um bakdyrnar…

**5.**

Og lengi tókst okkur að djamma í litla klúbbnum en af og til blossuðu upp slagsmál. Átakalínur voru skýrar. Ráðstjórnin og fíknarfrelsið fóru ekki saman.

Óneitanlega verður manni nú hugsað til Sturlungaaldar og endaloka hennar. Þær blóðugu innanlandserjur enduðu með erlendri íhlutun. Árið 1262 var gengið frá Gamla sáttmála og stuttu síðar var landið komið undir Noregskonung. Í liðinni viku mátti lesa aðsenda grein í Morgunblaðinu eftir mann, sem titlaði sig „heimspeking“, þar sem hann lagði til að við endurtækjum leikinn og gerðumst hérað í Noregi á ný.

**6.**

Í darraðardansi liðinna vikna barst ályktun frá Ungum jafnaðarmönnum þar sem lagt var til að Davíð Oddsson yrði undir eins settur af sem seðlabankastjóri því maðurinn væri „gereyðingarvopn“ í íslensku efnahagslífi. Jafnvel gömlum aðdáendum Bláu handarinnar þótti hér fullfast að orði kveðið, en nú þegar landið er komið á hausinn og stefnir í að verða á framfæri alþjóðasamfélagsins næstu árin, blasir við að hér var síst of sterkt til orða tekið.

Fram að því hafði seðlastjórinn verið tímasprengja.

Um síðustu áramót gekk sú saga breitt um bæinn að kvöldverður íslenskrar viðskipta- og stjórnmálaelítu að loknum fundi í Washington, þar sem saman átu ráðherrar og bankastjórar Íslands, hafi endað með tveggja manna rifrildi Kaupþingsforstjóra og seðlabankastjóra. Þá var uppi krafa íslensku bankanna að fá að gera upp í evrum sem yfirmaður íslensku krónunnar mátti ekki heyra á minnst. Í hita leiksins á Davíð að hafa látið þessi orð falla: Ef þið ætlið að gera upp í evrum mun það ekki taka mig nema viku að knésetja bankann.

Öllum var kunnugt um hug kappans til annarra kaupahéðna. Yfirumsjónarmaður íslensks viðskiptalífs var hatursmaður umsvifamestu viðskiptamanna landsins. Hann stýrði af illum hug. Því var aðeins tímaspursmál hvenær hin nýja Sturlungaöld fengi viðeigandi endi. Þegar á hólminn kom brást seðlabankastjóra auðvitað ekki bogalistin og tókst einkar vel að hámarka skaðann af hruni lánakastalans.

Hann hefði betur sett bönkunum stífari reglur í stað þess að eyða tíma sínum í að „knésetja“ þá.

**7.**

Ábyrgð fíklanna er mikil en ábyrgð foreldranna er þó meiri. Stjórnmálamenn eru kjörnir af almenningi til að fara með stjórn landsins. Og nú er landið sokkið.

Sá sem hleypti kálfunum út ber ábyrgð. Sá sem gaf þeim lausan tauminn ber ábyrgð. Sá sem átti að fylgjast með þeim ber ábyrgð. Sá sem sat aðgerðalaus hjá þegar bjöllurnar tóku að hringja ber ábyrgð.

Og við sem ekki skildum fjárglæfragaldur lánakastalans, en stóðum þögul hjá og horfðum á gullkálfadansinn, berum líka ábyrgð. Við vöknum nú upp við vondan draum.

**8.**

Við vorum vakin snemma á mánudagsmorgni, 29. september síðastliðinn. Glitnir þjóðnýttur. Og ofan á illar fréttir um bankahrun bættist sú ótrúlega staðreynd að Davíð var enn við stjórn. Seðlabankastjóri hafði tekið fram fyrir hendurnar á forsætisráðherra. Geir sat á kolli úti í horni þegar Davíð tilkynnti yfirtöku á Glitni. Samfylkingarráðherrar voru rétt búnir að setja á sig bindið þegar allt var yfirstaðið. Völdin höfðu verið tekin af ríkisstjórn landsins.

Við gátum ekki metið réttmæti aðgerðarinnar en reiði vakti sú staðreynd að höfuðpaurinn í sandkassaleik síðustu ára hafði nú étið banka andstæðinga sinna. Það tók hann ekki viku, heldur aðeins eina helgi að „knésetja“ þá. Auðvitað gat aðgerðin ekki verið óumdeild. Til þess var maðurinn of umdeildur. „Seðlabanki Íslands var eini

Framhald á bls. 26



**GEIR VÍKI** „Geir H. Haarde er fulltrúi stjónvalda síðustu ára, þeirra sem sváfu á verðinum … Því hlýtur hann að segja af sér um leið og skútan kemst á sæmilega lygnan gjaldeyrissjó.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**DAVÍÐ VÍKI** „Og þá fer seðlabankastjóri líka. Arfleifð þeirra félaga er aldeilis glæst … Hinn glæsti Davíðstími endar í þjóðarþroti.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**MAGASIN DU NORD** „Allt í einu var íslenska útrásin orðin hálfabsúrd.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**KAUPÞING** „Gamalt draumaverk [framkvæmt]:að knésetja Kaupþing.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÚSGAGNAHÖLLIN

# TILBOÐS-DAGAR

## Á PALLINUM

SÍÐUSTU EINTÖK OG ÚTLITSGALLAÐ

## Á ALVEG HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI!

**OPIÐ ALLA DAGA**

MÁNUDAGA 10 – 19
ÞRIÐJUDAGA 10 – 18
MIÐVIKUDAGA 10 – 18
FIMMTUDAGA 10 – 19
FÖSTUDAGA 10 – 19
LAUGARDAGA 11 – 18
SUNNUDAGA 13 – 17

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • www.husgagnahollin.is

## Framhald af bls. 24

seðlabanki heimsins sem ekki reyndi að koma bönkum sínum til bjargar með lánveitingum," heitir það í munni sérfræðinga.

Á hádegi blasti sú staðreynd við að Samfylkingin sat í stjórn með Davíð Oddssyni. Og allar götur síðan hefur dansinn meira og minna snúist um persónu hans. Það eitt er næg ástæða til að víkja honum frá. Með því að láta manninn sitja áfram hefur forsætisráðherra einmitt „persónugert" ástandið.

Undirritaður brást við með því að senda tölvupóst á vini og kunningja, til að undirstrika þá staðreynd að kóngurinn væri enn við völd: „Ég sofnaði í lýðræðisríki en vaknaði í konungsríki."

En auðvitað var ákallinu tekið á hefðbundinn hátt. „Baugspenninn" lætur í sér heyra. Því miður fer íslensk samfélagsumræða fram í svo þröngum kústaskáp að þegar maður bendir í eitt hornið er maður óvart staddur í öðru. Baugspennastimpillinn hafði þó lengi verið lítið gjald fyrir þann munað að fá að gagnrýna ráðstjórn Davíðs. En hér hafði konungsmeðvirknin náð nýjum hæðum, þegar ekki mátti benda á þá staðreynd sem blasti við, að bankastjórinn hafði gert hallarbyltingu í sjálfu stjórnarráðinu, án þess að allt væri túlkað á versta veg.

### 9.

Á þjóðnýtingarmorgni hófst svo það hrun sem nú hefur skilað okkur bauk og betlistaf. „Beggars can't be choosers," segir Jón Baldvin réttilega, og nú er skrifstofubygging í Washington okkar eina von. Og sjálfur lagði seðlabankastjóri sitt af mörkum til hrunsins. En situr þó enn og „þvælist fyrir á strandstað" svo aftur sé vitnað í JBH. Nú hefur honum í heilar tvær vikur tekist að tefja fyrir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Auðmenn allir eru horfnir með sitt gróðaskott á milli lappa en kóngurinn heldur enn hásætinu þótt hann vermi það flötum beinum, þar sem fætur þess eru brotnir.

Hámarki náði framlag seðlastjórans í frægu Kastljósviðtali þar sem kappinn sat brosmildur, allt að því hress, og taldi okkur trú um að við værum „í miklu betri málum" nú en áður, og hann væri sannfærður um að krónan tæki strikið upp á við á næstu tveimur vikum og þá munu vogunarsjóðirnir aftur byrja að hella hingað inn peningum. Það átti sem sagt að lækna sjúklinginn með sjúkdóminum. Eins og hagfræðingar hafa bent á var hávaxtastefnan eitt höfuðmein okkar síðustu árin, og beinlínis hrópaði á alla heimsins vogunarsjóði að flytja hingað fjármagn sem olli þeim bólgum, sem ollu hruni.

En Davíð var keikur þrátt fyrir að hafa fyrr um daginn framið mesta embættisklúður síðari tíma þegar hann hljóp í blöðin með stærsta lán Íslandssögunnar eftir eitt símtal. Síðar í viðtalinu talaði hann svo stærsta fyrirtæki landsins út um gluggann um leið og hann gaf Bretum fingurinn í nafni okkar Íslendinga, með allt of kunnum afleiðingum.

Það lýsti vel þeim sjúklegu tökum sem kóngurinn hefur á þjóð sinni að blogg- og fésbókarsíður landsins loguðu af aðdáun á gamla góða Dabba. Honum hafði tekist að dáleiða þjóðina enn á ný. Þegar hún svo vaknaði úr dáinu var síðasti bankinn fallinn og við komin í orðastríð við Breta.

Dáleiðsluþynnkan var tekin út með reiði út í Gordon Brown. Enn einn snilldarleikurinn var í höfn hjá okkar manni: Í einni setningu hafði hann framkvæmt gamalt draumaverk: Að „knésetja" Kaupþing. Og tókst að auki að koma ábyrgðinni yfir á Breta.

Það var á þessum tímapunkti sem mann langaði mest til að sækja um pólitískt hæli í Rússlandi, þar sem ég var staddur ásamt skáldbróður, Einari Kárasyni, við kynningu á nýþýddum bókum.

### 10.

Allt í einu var orðið „gereyðingarvopn" ekki lengur nógu sterkt.

### 11.

Sárust var sú staðreynd að skemmdarvargurinn var enn á strandstað í umboði Samfylkingarinnar. En hvað gat flokkurinn gert? Ekki mátti hlaupast undan merkjum á örlagastundu. Samt var erfitt að bjarga málum með ólíkindatólið yfir sér. Reynt var að þrýsta á forsætisráðherra en það kom æ betur í ljós að hann mun fyrr segja sjálfur af sér en reka „yfirmann" sinn. Því þá mun flokkurinn klofna. Framtíð Sjálfstæðisflokksins er þessum mönnum mikilvægari en framtíð Íslands.

Besta leiðin í orðastríðinu við Breta var auðvitað sú að láta manninn sem lýsti því yfir að Íslendingar ætluðu að hlaupast á brott frá víkingaráni Landsbankans flakka strax morguninn eftir. Það hefði sent skýr skilaboð. En skýr skilaboð eru ekki sérgrein Geirs H. Haarde. Í kjölfarið fylgdi svo vikulöng þögn Íslands í fjölmiðlum Breta. Mesta PR-klúður Íslandssögunnar. Hér var amatörismi á öllum sviðum. Davíð, Geir og Árni voru bara ekki menn í þetta. Þjóðin var föst í bíl með Bakkabræðrum.

Því þurfa þeir að víkja. Geir H. Haarde er fulltrúi stjórnvalda síðustu ára, þeirra sem sváfu á verðinum, og státaði sig af aðgerðarleysi fram á síðustu stundu. Því hlýtur hann að segja af sér um leið og skútan kemst á sæmilega lygnan gjaldeyrissjó. Og þá fer seðlabankastjóri líka. Arfleifð þeirra félaga er aldeilis glæst. Þeir buðu hættunni heim og settu landið á hausinn. Hinn glæsti Davíðstími endar í þjóðarþroti.

### 12.

Hvað stendur svo eftir af útrásinni? Hér á landi er fátt í hendi. „Pappírsauðurinn" er fokinn á haf út, eins og Robert Z. Aliber, prófessor í fjármálakrísum við háskólann í Chicago, orðaði það í Morgunblaðsgrein. Árangurinn var eintómur pappír.

Við sjáum það nú að útrásin snerist meira um sjálfsmynd forkólfanna en raunverulega landvinninga, uppbyggingu í þágu lands og þjóðar. Hún skilur grátlega lítið eftir sig. Engin öflug framleiðslufyrirtæki, engin mannvirki, enga alvöru innviði. Aðeins eitt hálfbyggt tónlistarhús, örfáar steinblokkir við Borgartún og nokkra tugi glæsibifreiða sem prýða borgarlandslagið. Auk ómældrar kunnáttu bankamannauðs í því að blóðnýta sparifé almennings til ævintýraverka herra sinna.

Vonandi læra menn eitthvað af þessu. Vonandi byggist næsta útrás okkar á einhverju öðru en lánum og lofti. Er ekki Jón Ólafsson dæmi um mann sem fór aðra leið; byggði upp framleiðslufyrirtæki innanlands í stað þess að sanka að sér annarra manna fyrirtækjum utanlands?

### 13.

Ekki er þó allt neikvætt við fjárviðrið. Þegar frá líður getum við vonandi farið að tala um eitthvað annað en peningamál. Nú er loks lokið þessu þrotlausa viðskiptanámskeiði sem þjóðin hefur verið á undanfarin sjö ár. Árum saman vorum við skikkuð til að læra merkingu hugtaka eins og „ávöxtun eiginfjár" og „víkjandi lán". Heilu og hálfu fréttatímarnir voru líkt og hraðferðir í „eignastýringu" og „skortsölu". Íslendingar búsettir erlendis könnuðust ekki við þjóð sína lengur. Hér talaði fólk bara um stýrivexti. Nú verða áherslurnar aðrar. Við fáum tækifæri til að byggja upp nýtt og ferskt þjóðfélag. Í sérhverju skipbroti býr nýtt og betra skip…

### 14.

En til þess verðum við að hafa varann á. Þegar þjóðfélög hrynja þyrpast hýenur að og ribbaldagengi fara á stjá. Hugsa sér gott til glóðar og hirða bestu bitana, þá fáu sem eftir eru. Nú þarf allt að vera uppi á borðum, allt gegnsætt. Annars er hætta á því að við siglum í sama farið og einkavinavæðing hefjist á ný. Gæðingarnir gæði sér á þeim bitum sem eftir eru. Fyrrum ráðgjafi Geirs H. Haarde er orðinn bankastjóri hins nýja Kaupþings…

Því miður gerist nú svo margt í einu að erfitt er að henda reiður á því öllu. Dagblöðin okkar hafa játað sig sigruð gagnvart þögn ráðamanna og flestar upplýsingar sem máli skipta koma úr erlendum stórblöðum. Þá munar um framlag einstakra manna og í kjölfar hildarleiksins hefur Egill Helgason nánast breytt bloggsíðu sinni í eins manns fréttamiðlun og á hrós skilið. Einnig má hrósa Bylgjunni sem af afli stendur morgunvaktina sem Ríkisútvarpið á að sinna en skar við nögl. Alþingi réttir þjóðinni hins vegar fingurinn með því að læsa hurðum og senda þingmenn heim í þann gamla brandara sem nefnist „kjördæmavika". Og það í mestu örlagaviku Íslandssögunnar. Ekki var á virðingarleysi þeirrar stofnunar bætandi.

Hinir daglegu blaðamannafundir forsætisráðherra eru liðin tíð og enginn veit í raun hvað er að gerast. Ráðherrar hlaupa þegjandi út í bíla sína og láta Geir um að segja það sem þarf að segja. Sem hann gerir því miður ekki. Jafnvel sögulegustu atburðir í nútíma ná ekki að breyta honum í skörung.

> „við hvetjum auðmenn til að stíga niður úr lúxusnum og upp úr vínkjallaranum og fara að ráði góðra manna; selja sínar dýrustu eigur og leggja ágóðann inn í skuldasjóð ríkisisns

Hann náði svo endanlega að klára þá litlu innstæðu sem hann átti eftir hjá þjóðinni í dæmalausu Kastljósviðtali í vikunni, þangað sem hann mætti fullkomlega ónestaður, einn ganginn enn. Geir hafði ekki einu sinni búið sig undir að svara hinni óumflýjanlegu spurningu, um ábyrgð. Sú spurning mun hins vegar fylgja honum þar til yfir lýkur. Því hið óumflýjanlega svar við henni felur um leið í sér afsögn ráðherrans. Af þessum sökum er forsætisráðherra pólitískt búinn að vera. Og var víst ekki á ástandið bætandi. Nú þráir þjóðin Valhallarbyltingu þar sem Þorgerður Katrín stígur fram og tekur í tauma. Ísland öskrar á leiðtoga.

### 15.

Geir og Davíð munu þó að lokum fara af sjálfsdáðum, nema þeir vilji láta bera sig út. En hvað um hina sökudólgana? Hvað um útrásarkóngana? Ofurlaunabankastjórana? Alla feitu kaupaukakettina? Hvað geta þeir gert til að sættast við þjóð sína?

Lítil saga: Í byrjun október lauk sjötugur maður farsælum starfsferli á föstudegi og hugðist taka út ævisparnað sinn á mánudegi. Hann hafði geymt hann í einum af sjóðum Glitnis. Sá banki var hins vegar tómur þegar helgin var liðin…

Þeir sem voru með tuttugu milljónir á mánuði í sjötíu mánuði samfleytt mættu hafa þessa sögu og hundrað fleiri í huga. Þeir ættu nú að bæta þeim tjónið sem mestu tapa. Prívat og persónulega.

Því við hvetjum auðmenn til að stíga niður úr lúxusnum og upp úr vínkjallaranum og fara að ráði góðra manna; selja sínar dýrustu eigur og leggja ágóðann inn í skuldasjóð ríkisins sem nú stækkar með hverjum degi. Aðeins þannig munu þeir hugsanlega ná að sættast við sjálfa sig og þjóðina.

Strákar, takið ykkur til og seljið fótboltaliðin ykkar, gæluverkefnin ykkar, snekkjurnar ykkar, lúxusíbúðirnar í London, New York og Kaupmannahöfn, öll tómu húsin í Reykjavík, sveitasetrin erlendis og einkaþoturnar alræmdu. Og gefið ríkinu sumarhúsin. Bugl og Stuðla vantar alltaf húsnæði. Því eftir allt þá voru þetta ekki ykkar peningar. Þið nærðust á inneignum annarra. Sem nú hafa margir tapað hálfri aleigunni. Og drífið ykkur svo endilega heim og farið í öll þau viðtöl sem í boði eru. Talið við okkur. Afsakið ykkur. Útskýrið mál ykkar. Íslendingar eru alltaf til í að fyrirgefa og gefa fólki annan séns. Árni Johnsen situr á Alþingi.

### 16.

Ofurblaðamaðurinn John Carlin, sem búsettur er í Barcelona og ritar í spænska dagblaðið El País, auk fleiri blaða á Bretlandseyjum, mætti til landsins enn á ný, til að fjalla um Íslandshrunið. Hann líkti ástandinu við það sem hann upplifði eftir stóran jarðskjálfta í Mexíkó fyrir mörgum árum. Allir í sjokki.

Eitt blasti þó skýrt við honum. Útrásin og bankabrjálæðið voru drifin áfram af keppnisóðum kaupaukakörlum. Konur voru hér víðsfjarri. „Þetta eru endalok goðsagnarinnar um hinn vaska víking," sagði hann á barnum í liðinni viku.

Sjálfur impraði ég á því sama í spjallþætti í norska ríkissjónvarpinu síðasta föstudag þar sem ég sat ásamt norska fjármálaráðherranum, hinni vinstri-grænu Kristínu Halvorsen, í umræðu um ástandið á „Kríslandi". Minnugur þess að eiginkona mín bjargaði mér frá því að taka myntkörfulán fyrir tveimur árum lagði ég fram þá hugmynd að völdin í viðskipta- og efnahagslífi Íslands yrðu nú færð í hendur konum. Karlarnir ættu að gefa þeim langþráð tækifæri; þeirra væru næstu 50 árin. Þær gætu aldrei gert verr en strákarnir. Og ég var ekki að grínast.

Því Ísland er ekki gjaldþrota í heild sinni. Íslenska karlasamfélagið er gjaldþrota. Íslenska kvennasamfélagið á allt inni.

Því á Geir að stíga til hliðar strax á morgun og láta Þorgerði taka við. Hún sér svo um að skrúbba Dabba út.

### 17.

Tengdafaðir minn, Sturla Þengilsson, starfaði lengi hjá Sjóvá, sem síðan sameinaðist Íslandsbanka og varð að lokum Glitnir. Hann átti 25 ára starfsferil að baki hjá þessu „sama fyrirtæki" þegar honum var sagt upp síðastliðið vor. Hann fékk auðvitað vinnu daginn eftir. Öllum tölvupóstum sem frá honum fara fylgja þessi orð: „In the middle of difficulty lies opportunity." – Albert Einstein.

### 18.

Undanfarnar vikur hafa verið öllum erfiðar. Ekki síst hinum „óbreytta kjósanda". Okkur langar öll til að öskra en höfum haldið í okkur, að mestu. Okkur langar öll til að gera eitthvað og senn kemur tækifærið til þess. Við getum þó byrjað á því að mæta á Austurvöll í dag klukkan 15.00 og krefjast þess að ráðamenn segi eitthvað annað en „þetta er góð spurning". Afsögn Geirs og Davíðs er nauðsynleg byrjun á því sem koma skal, síðan hlustum við á syndagrát auðmanna og svo brettum við upp ermar og byggjum upp nýtt og réttlátara þjóðfélag.

Ísland er dautt. Lengi lifi Ísland!

*Hallgrímur Helgason er rithöfundur og myndlistamaður.*



**TÓNLISTARHÚS** „[Útrásin] skilur grátlega lítið eftir sig … aðeins eitt hálfbyggt tónlistarhús, örfáar steinblokkir við Borgartún og nokkra tugi glæsibifreiða."
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**MÓTMÆLI** „Okkur langar öll til að öskra en höfum haldið í okkur, að mestu. "
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÞORGERÐUR KATRÍN** „Geir á að stíga til hliðar ... og láta Þorgerði taka við. Hún sér um að skúbba Dabba út."
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**GORDON BROWN** „Dáleiðsluþynnkan var tekin út með reiði út í Gordon Brown."
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

LAMBAKJOT.IS

Kaupmenn og verslanir á Skólavörðustígnum
bjóða gestum og gangandi ilmandi íslenska kjötsúpu
í dag - fyrsta vetrardag milli kl. 14 og 16



# VETRARBRAGÐ

í dag - fyrsta vetrardag



„... það er skemmtilegur og góður siður
að heilsa vetri með íslenskri kjötsúpu
- hóa í vini og vandamenn og njóta saman ...“

## Íslensk kjötsúpa

1 kg súpukjöt • 1,8 l vatn • 1 msk salt eða eftir smekk • 1 - 2 msk súpujurtir • 1/2 laukur, smátt saxaður
500 g gulrófur • 500 g kartöflur • 250 g gulrætur • 100 g hvítkál (má sleppa) • nýmalaður pipar

Margir bæta öðru grænmeti í súpuna, s.s. sellerí, blaðlauk, grænkáli, næpum og njóla. Sumum finnst betra að sjóða gulrófurnar sér og jafnvel kálið líka. Oft er súpan gerð matarmeiri með því að sjóða hafragrjón eða hrísgrjón í henni. Fituhreinsið kjötið (eins og hver vill) og setjið í stóran pott, hellið vatni yfir og hitið að suðu. Fleytið froðunni ofan af og saltið. Bætið súpujurtum og lauk útí. Sjóðið í u.þ.b. 40 mínútur. Afhýðið og brytjið gulrófur, gulrætur og kartöflur og bætið útí. Sjóðið í 15 mínútur til viðbótar. Skerið kálið í mjóar ræmur og setjið útí. Leyfið súpunni að sjóða í u.þ.b. 5 mínútur eða þar til grænmetið er meyrt. Bragðbætið með salti og pipar, ef þarf. Lambakjötið er ýmist borið fram í súpunni eða með henni á sérstöku fati.

60 mínútur

Fleiri kjötsúpuuppskriftir eru á lambakjot.is - prófið hvaða súpa yljar best á vetrarkvöldi í góðum hópi.
Njótið vel - og verði ykkur að góðu!

H:N markaðssamskipti / SÍA

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

# 1983 – Dagar bjórlíkis og rósa

Síðustu vikur hefur borið á þeirri skoðun að íslenska þjóðin gæti mögulega færst tvo til þrjá áratugi aftur í tímann vegna efnahagskreppunnar. *Kjartan Guðmundsson* læddist upp á háaloft til að hnýsast í gömul blöð og taka púlsinn á tíðarandanum fyrir sléttum 25 árum. Hann komst að því að ýmislegt hefur breyst töluvert síðan 25. október 1983, en annað lítið sem ekkert.

## Ný og gömul lög í Hollywood

Það er þriðjudagskvöldið 25. október 1983 og margt stendur skemmtanaþyrstum Reykvíkingum til boða.

Jón Ellert verður í diskótekinu í Hollywood og leikur „lög sem voru vinsæl fyrir nokkrum mánuðum og svo það allra nýjasta: Rás 3 sem inniheldur öll vinsælustu lögin í dag“ fyrir einungis 95 króna aðgangseyri. Keppni áhugamanna í búktali og eftirhermum hefst í Óðali og Aðalvinningur Bingósins í Sigtúni er ekki af verri endanum; heilar 12 þúsund krónur. Ekki er tekið fram hversu mörg glös af bjórlíki fást fyrir slíka upphæð. „Heba heldur við heilsunni“ með nýju námskeiði í megrunarkúrum, nuddkúrum og Jane Fonda-leikfimi í Heilsuræktinni Hebu, Auðbrekku 14, Kópavogi.

## Litmyndir í sérflokki og Hart í bak

Í Hafnarfjarðarbíói er auglýst „bráðskemmtileg og spennandi ný bandarísk gamanmynd í litum með hinum óborganlega Gene Wilder í aðalhlutverki, Hanky Panky, og hún sögð vera „mynd í algjörum sérflokki“. Í Bíóbæ er hægt að velja um tvær myndir, japönsk-amerísku þrívíddar-, karate- og skylmingamyndina „Bardagasveitin“, sem er bönnuð innan tólf ára, og hinn djarfa „Ástareld“, sem skartar sjálfum John Holmes í aðalhlutverki og er bönnuð innan átján ára. Í Nýja bíói eru svo æringjarnir Þór og Danni „á vertíð í Eyjum í hinni geysivinsælu mynd „Nýtt Líf“ í leikstjórn Þráins Bertelssonar.“



**FJÖREGGIÐ** Eggert Þorleifsson og Karl Ágúst Úlfsson í hlutverki æringjanna Þórs og Danna þóttu með þeim fyndnari.

Uppselt er á „Hart í bak“ hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó og fáar sýningar eftir af „Guðrúnu“ í sama leikhúsi. Hins vegar er eitthvað til af miðum á „Skvaldur“ á stóra sviði Þjóðleikhússins og „Lokaæfingu“ á litla sviðinu. Þá heldur samfelld sigurganga „Gúmmí-Tarzans,“ með hinum þrettán ára leikara Páli Óskari Hjálmtýssyni í titilhlutverkinu, áfram hjá Leikfélagi Kópavogs. Er mál manna að í hinum unga Páli Óskari sé á ferð mikið efni.

## Kynlíf fatlaðra ofarlega á baugi

Að venju er ótalmargt um að vera á síðum dagblaðanna. Forsíðu DV prýðir hinn handalausi sálfræðingur Ragnar Gunnarsson, sem undirbýr fyrirlestur sinn um kynlíf fatlaðra í Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12, af kappi. „Mitt kynlíf er mjög gott,“ staðhæfir Ragnar, og dregur ekkert undan í grafískum lýsingum. „Konan mín sér t.d. ýmsa kosti við að búa með mér handalausum. Hún þarf t.d. að hjálpa mér í baði og kann því vel.“ Blaðamaðurinn Eiríkur Jónsson dregur orð Ragnars ekki í efa.

Í leiðara DV fer annar ritstjóra blaðsins, Jónas Kristjánsson, mikinn og segir íslenska neytendur „sérdeilis seinþreytta til vandræða“. Enn fremur telur Jónas neytendur „láta sig hafa það sem að þeim er rétt. Þeir mögla stundum í hljóði. En það er af og frá, að þeir grípi til aðgerða,“ í tilefni nýlegs dæmis um sölu á skemmdu kjöti og hækkun á bensínverði. Á síðu 9 í Þjóðviljanum er að finna girnilega uppskrift að „sérstæðri en bragðgóðri“ sviðasúpu frá Júgóslavíu.

Þá er framtíð hins spánnýja byggingarhverfis Grafarvogs milli tannanna á fólki. Sigurður L. Magnússon, framkvæmdastjóri Jarðvinnuvéla sf., hefur áhyggjur af miklum fjölda væntanlegra íbúða í hverfinu og segir í DV að „Grafarvogurinn muni fyllast af skólpi,“ og að borgaryfirvöld geti enn valið um hvort þau vilji gera Grafarvoginn að unaðsreit eða illa lyktandi drullupolli.


MYND/SVEINN ÞORMÓÐSSON

**BRÚÐULEIKARARNIR** Brúðubíllinn hóf starfsemi sína árið 1981 og var á hápunkti vinsælda sinna í október 1983. Hér sjást ungmenni njóta sýningar í Bæjarbíói í Hafnarfirði.


**ÚTRÁSARVÍKINGAR** Mezzoforte náði þeim einstaka árangri að koma lagi sínu „Garden Party“, sem upphaflega nefndist „Sprett úr spori“, í 17. sæti breska vinsældalistans árið 1983. Snældur sveitarinnar fundust til kaups víða um heim í kjölfarið.

## Mezzoforte og litaðir hermenn

Lesendabréf blaðanna eru uppfull af ábendingum fólksins á götunni. Snorri Þorsteinsson, sem starfar fyrir danskt fyrirtæki í Riyadh í Sádi-Arabíu, segir frá því að í innkaupaferð á „ekta arabískum markaði“ hafi hann rekist á hljóðsnælduna „Surprise, Surprise“ með íslensku bræðingssveitinni Mezzoforte. Snorri varð að sjálfsögðu mjög hissa, en festi kaup á snældunni góðu. „Karen“ bætir um betur og lýsir yfir undrun sinni með að hafa rekist á sömu kassettu til sölu í Líbanon.

Þá hefur „NATO-sinni“ áhyggjur af of miklum fjölda litaðra hermanna á Keflavíkurflugvelli. „Hugsanlegt væri að óska eftir því við Bandaríkin að þau fari héðan með lið sitt ef ekki verður hér breyting á og að varnirnar yrðu fengnar í hendur öðrum aðila, t.d. Kanadamönnum eða Norðmönnum,“ skrifar NATO-sinninn og er heitt í hamsi.

## Orkumál og útvarpsleikrit

Ekki vilja þó allir leggja á sig ferðalög í hráslagalegu veðrinu til að svala skemmtanafýsninni, enda lítil ástæða til þegar hægt er að kúra sig uppi í sófa og velja hvort hyggilegra sé að horfa á einu sjónvarpsstöðina sem í boði er, RÚV, eða hlýða á einu útvarpsstöð landsins, RÚV.

Sjónvarpsdagskráin hefst á fréttaágripi á táknmáli klukkan 19.45. Eftir fréttir, klukkan 20.30, er komið að smáfólkinu, en því skemmta Snúlli snigill og Alli álfur í heilar tíu mínútur, eða fram til 20.45. Þá tekur við sjöundi þáttur breska fræðslumyndaflokksins „Tölvurnar“, sem leiðir áhorfendur í allan sannleika um örtölvur, notkun þeirra og áhrif.

Klukkan 21.10 er svo komið að hápunkti kvölddagskrárinnar, upplýsinga- og umræðuþættinum „Ísland, land ódýrrar orku – eða hvað?“. Þar sem fréttamennirnir Ómar Ragnarsson og Guðjón Einarsson fjalla á beinskeyttan hátt um orkumál. Þegar Marlowe einkaspæjari hefur leyst enn eitt flókið sakamálið í þýðingu Ellerts Sigurbjörnssonar er komið að dagskrárlokum, laust eftir klukkan 23.

Ljóst er að margt barnið og ekki síður unglingurinn verður með eyrað límt við viðtækið klukkan 20 þegar þriðja þætti barna- og unglingaútvarpsleikritsins „Tordyfillinn flýgur í rökkrinu“, í leiklestri ekki ómerkari listamanna en Aðalsteins Bergdal, Jóhanns Sigurðarsonar, Guðrúnar Gísladóttur og Sigríðar Hagalín er útvarpað. Þeir sem eldri eru geta svo yljað sér við bæði kvöldvöku og kvöldtónleika er líða tekur á kvöldið. Dagskrárlok eru klukkan 23.45.


**NÝTT ÚTVARP** Þorgeir Ástvaldsson og félagar voru í óða önn að undirbúa fyrsta útsendingardag Rásar 2 í desember 1983. Auk þess að vera útvarpsstjóri stöðvarinnar var Þorgeir í hinni vinsælu Sumargleði þetta ár og gaf einnig út sólóplötuna „Á puttanum“, sen hafði að geyma smelli á borð við „Á puttanum“.

MYND/EINAR ÓLASON


**BESTUR Í ÞÝSKALANDI** Ásgeir Sigurvinsson lék frábærlega með þýska liðinu Stuttgart á leiktíðinni 1983 til 1984. Hann var kosinn besti leikmaður deildarinnar vorið 1984.

## Johnsen og Sigurvinsson

Í raðauglýsingum Morgunblaðsins kemur fram að sérstakir gestir aðalfundar Sjálfstæðisfélagsins Hugins í Árnessýslu verði alþingismennirnir Árni Johnsen, Þorsteinn Pálsson og Eggert Haukdal. Á íþróttasíðum blaðsins eru fréttir af hetjudáðum knattspyrnumannanna Ásgeirs Sigurvinssonar og Atla Eðvaldssonar, sem báðir leika í Þýskalandi, áberandi, auk þess sem talað er um væntanlegt „einvígi risanna“ Liverpool og Manchester United, sem skipa tvö efstu sætin í ensku 1. deildinni. Chelsea situr hins vegar sem fastast í fjórða sætinu í 2. deild.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 + 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


Regatta
GREAT OUTDOORS™
Útivistar- og
skíðafatnaður
á alla fjölskylduna
Tilboðshornið
-50%
Mikið úrval á
börn og fullorðna
www.utivistogsport.is
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

**RICHARD HARRIS LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2002.**

*„Hjónaband er siður sem konur komu til leiðar til að lifa á körlum og smám saman tortíma þeim, með því að spinna utan um þá eyðileggjandi vef og éta þá upp eins og eitraður sveppur á tré.“*



***Írski leikarinn Richard Harris vakti heimsathygli sem Arthúr konungur í Camelot árið 1967. Harris lést úr eitlakrabbameini árið 2002, þá nýbúinn að leika í Harry Potter og leyniklefanum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 25. OKTÓBER 1971**

## *Walt Disney World vígt í Orlando*

Roy Disney, bróðir Walts Disney, vígði Walt Disney World í Orlando í Flórída á þessum degi fyrir 37 árum.

Walt Disney World er vinsælasti og stærsti skemmtigarður veraldar. Hann samanstendur af fjórum þemusvæðum, tveimur vatnsparadísum, 23 Disney-þemuhótelum, ásamt urmul verslana, veitingahúsa og skemmti- og afþreyingarsvæða.

Það var Walt Disney sjálfur sem hóf leit að hentugu landi undir slíkan skemmtigarð árið 1959. Hann féll fyrir fenjasvæði í Orlando og festi kaup á því árið 1963, en entist ekki aldur til að upplifa garðinn fullgerðan, þegar hann lést í árslok 1966.



Í kjölfarið frestaði bróðir Walts og viðskiptafélagi, Roy, starfslokum sínum til að fylgja gerð skemmtigarðsins eftir. Í opnunarvígslu tileinkaði Roy bróður sínum garðinn og sagði meðal annars: „Allir hafa heyrt um Ford-bíla, en ekki jafnmikið um Henry Ford, manninn á bak við bílinn? Í nafninu Walt Disney World felst minning um mann sem hóf ævintýrið frá grunni og þannig mun nafn hans lifa eins lengi og garðurinn hans stendur hér.“ Eftir vígsluna spurði Roy ekkju Walts, Lillian, hvað henni fyndist um garðinn og hún svaraði: „Ég held að Walt hefði orðið hrifinn.“

Roy lést í desember 1971, tæpum tveimur mánuðum eftir að Walt Disney World opnaði.

## MERKISATBURÐIR

- **1492** Kristófer Kólumbus nemur land í Dóminíska lýðveldinu.
- **1852** Barnaskólinn á Eyrarbakka settur í fyrsta sinn.
- **1875** Borgaraleg hjónavígsla fer fram í fyrsta sinn hér á landi.
- **1914** Verkakvennafélagið Framsókn stofnað í Reykjavík.
- **1932** Mússolíní lofar að þjóna ítölsku þjóðinni sem einræðisherra í 30 ár.
- **1939** Nælonsokkar settir í sölu á Bandaríkjamarkaði.
- **1947** Kvikmyndasýningar hefjast í Austurbæjarbíói.
- **1968** Yoko Ono tilkynnir heiminum að hún beri barn Johns Lennon undir belti.
- **1980** Barbara Streisand gefur út metsöluplötuna Guilty.
- **1984** Veira sem veldur lifrarbólgu fundin.

**HIN ÓMISSANDI ÆTTFRÆÐI:** MÁLÞING Í REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNI Í DAG

# Farnir forfeður fundnir á ný



**MANNTALIÐ 1785** Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur mun í dag breiða út fagnaðarerindið um hið merka manntal 1785, á málþinginu Hin ómissandi ættfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ættfræðiáhugi Íslendinga er einstakur, einkennir íslenska þjóðarsál og verður síst af henni tekinn, nú þegar búið er að rífa af henni frumkvöðlakraft, áræði og annað, eins og undanfarna daga,“ segir Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur. Hún mun á málþinginu Hin ómissandi ættfræði flytja erindið „Við köllum það manntalið 1785“, í fjarveru Þórunnar Guðmundsdóttur sagnfræðings, sem á heiðurinn af því einstaka manntali.

„Við Þórunn vorum samverkakonur í Íslendingabók til fjölda ára, en árið 1999 ákvað verkefnastjórn Íslendingabókar að búa til manntalið 1785 til að brúa manntalið 1801 yfir í 18. öldina, sem var hulin þoku. Þórunn fór þá kerfisbundið í gegnum allar frumheimildir Þjóðaskjalasafnsins: prestþjónustubækur, sóknarmannatöl, hegningarhúsareikninga og dómabækur sýslumanna, og skráði í gagnagrunn upplýsingar um alla nafngreinda einstaklinga sem hún fann,“ segir Sólveig um afrek starfssystur sinnar sem hóf manntalið 1785 í Norður-Múlasýslu og fór þaðan sólarhringinn í kringum landið, alls þrjár umferðir.

„Á endanum varð til áttatíu þúsund manna gagnagrunnur, ákaflega ítarlegur og algjörlega einstæður. Hugmyndafræðin var á þá leið að hann yrði alveg óháður Íslendingabók þar sem Þórunn gat ekki notfært sér upplýsingar þaðan, né aðrar prentaðar upplýsingar. Þetta fór óskaplega hljótt en er einstakt afrek sem gaman væri að sjá gefið út sem heimildargrunn fyrir ættfræðinga, því heimildir þessar liggja hvergi annars staðar og gætu nýst sem verkfæri í fræðilegar rannsóknir,“ segir Sólveig um manntalið sem í samkeyrslu við Íslendingabók á netinu tókst í nánast öllum tilvikum og bætti við óhemju magni frumheimilda.

„Elsta manntal Íslendinga er frá árinu 1703, en það er elsta manntal í heiminum og í því er hver einasti einstaklingur tilgreindur ásamt stétt, starfi og innbyrðis stöðu á heimili,“ segir Sólveig um ættfræði íslensku þjóðarinnar sem frá upphafi hefur verið með eindæmum hagnýt, nú síðast sem grunnur í erfðarannsóknum.

„Ættfræðiáhugi landsmanna er blandinn hnýsni um náungann, þörf til að staðsetja okkur í tíma og rúmi, og því að fylla upp í mannfæðina með því að halda forfeðrunum lengur hjá okkur með því að muna eftir þeim. Við virðumst hafa meiri þörf en aðrir til að tengja okkur í bak og fyrir. Við notum ættfræði sem okkar fyrsta rannsóknartæki til að finna upplýsingar um náungann og finnst sjálfsagður hlutur að grípa í Íslendingabók á netinu til að svala hreinum áhuga og forvitni um samferðafólk okkar, en í raun er algjörlega einstakt í veröldinni að hafa ættfræðigrunn heillar þjóðar aðgengilegan á netinu,“ segir Sólveig.

Málþingið hefst í ReykjavíkurAkademíunni á Hringbraut 121 klukkan 13. Aðrir fyrirlesarar eru Agnar Snorri Helgason, líffræðilegur mannfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu, Helgi Þorláksson sagnfræðingur og Salvör Nordal forstöðumaður Siðfræðistofnunar. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

thordis@frettabladid.is



*Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,*

**Margrét Guðnadóttir**
Herjólfsgötu 36, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum föstudaginn 24. október. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Elín Gísladóttir** | **Gunnar Linnet** |
| **Guðni Gíslason** | **Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir** |
| **Ingunn Gísladóttir** | **Halldór Jónas Ágústsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Margrétar Björgvinsdóttur.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir ómetanlega umönnun og umhyggju. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|---|---|
| **Björgvin Richard Andersen** | **Hafdís Helgadóttir** |
| **Fríða Bonnie Andersen** | **Sjöfn Kristjánsdóttir** |
| **Karl Andersen** | **Lóa Sveinbjörnsdóttir** |
| **Thelma Margrét Andersen** | |
| **Daði Örn Andersen** | |
| **Viktor Orri Andersen** | |
| **Kristófer Atli Andersen** | |



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn Pálsson, kennari**
Blönduósi,

lést á Heilbrigðisstofnun Blönduóss 21. október. Útförin fer fram frá Blönduósskirkju mánudaginn 27. október kl. 15.00.

**Guðný Pálsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Páll Kristinsson** | **Ása Bernharðsdóttir** |
| **Hjálmfríður Kristinsdóttir** | **Ólafur G. Sæmundsson** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Bjarnadóttir Ólafs**
Látraströnd 19, Seltjarnarnesi,

lést á Dvalarheimilinu Grund hinn 23. október.

| | |
|---|---|
| **Skúli Ólafs** | **Guðbjörg Jónsdóttir** |
| **Bjarni Björnsson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingigerður Anna Kristjánsdóttir,**

andaðist mánudaginn 20. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 28. október kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Kristjana Björnsdóttir** | **Skúli Guðnason** |
| **Kristján Björnsson** | **Júlíana Sigurðardóttir** |
| **Agnes Björnsdóttir** | **Arnar Sigurbjörnsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Bergsteinsson**
fyrrverandi forstjóri, Skúlagötu 20,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 23. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Brynja Þórarinsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Þórarinn Gunnarsson** | |
| **Ragnhildur Gunnarsdóttir** | **Guðmundur Magnússon** |
| **Bergsteinn Gunnarsson** | **Anna S. Björnsdóttir** |
| **Theódóra Gunnarsdóttir** | **Garðar Þ. Gíslason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Á HVERFANDA HVELI
## REYKJAVÍK 1969–1971




**Ný skáldsaga**
eftir höfund verðlaunabókarinnar
*Öxin og jörðin.*

*Samtvinnuð örlög tveggja fjölskyldna og grimmur veruleikinn.*

ÓLAFUR GUNNARSSON dregur hér upp lifandi og litsterka mynd af sögutíma og persónum og er ósmeykur við að velta upp þeim stóru siðferðilegu spurningum sem spurt er í alvöru skáldskap. Niðurstaðan er seiðandi skáldsaga í dunandi rokktakti.

**Þessa bók er erfitt að leggja frá sér fyrr en í fulla hnefana.**




BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**Verið velkomin á Dag raddarinnar í Gerðubergi**
sunnudaginn 26. október 2008 kl. 13.50-17.30

**Söngvarar:**
Auður Gunnarsdóttir | Bergþór Pálsson | Bragi Bergþórsson | Davíð Ólafsson
Elín Ósk Óskarsdóttir | Eyjólfur Eyjólfsson | Gissur Páll Gissurarson
Hallveig Rúnarsdóttir | Hlín Pétursdóttir Behrens | Hulda Björk Garðarsdóttir
Ingveldur Ýr Jónsdóttir | Jóhann Friðgeir Valdimarsson | Jóhann Smári Sævarsson
Jóhanna Halldórsdóttir | Jóhanna V. Þórhallsdóttir | Jón Svavar Jósefsson | Keith Reed
Kristjana Stefánsdóttir | Marta Guðrún Halldórsdóttir | Nathalía Druzin Halldórsdóttir
Signý Sæmundsdóttir | Sigríður Aðalsteinsdóttir | Sigríður Ósk Kristjánsdóttir
Sigrún Hjálmtýsdóttir | Sverrir Guðjónsson | Þóra Einarsdóttir
Sönghópur Árna Heimis Ingólfssonar

**Píanóleikarar**
Jónas Ingimundarson | Antonía Hevesi | Guðríður Sigurðardóttir
Kjartan Valdemarsson | Þóra Fríða Sæmundsdóttir

**Kynnir**
Margrét Bóasdóttir
Kynnið ykkur dagskrána á www.gerduberg.is

**Aðgangseyrir 1.500 kr.**
Frítt fyrir tónlistarnema / Ókeypis aðgangur fyrir 12 ára og yngri

**MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERG**
Gerðubergi 3-5 - Sími 575 7700 - www.gerduberg.is



PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:

**PRIVATE DANCER**

29. október kl. 14 - *FORSÝNING*
30. október kl. 20 - *UPPSELT*
1. nóvember kl. 15
2. nóvember kl. 20
**Aðeins þessar 4 sýningar!**

**Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins**
**Tryggðu þér miða núna!**
**568 8000 / midi.is**
**www.panicproductions.is**

**Höfundar og flytjendur:** Margrét Sara Guðjónsdóttir
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Jared Gradinger



Borgarleikhúsið MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg



**Þjóðleikhúsið**
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

**Utan gátta**
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum
lau. 25/10 **uppselt**

**Hart í bak**
Jökull Jakobsson
Mögnuð sýning. ★★★★, EB FBL.
**uppselt á næstu tíu sýningar!**

**Ástin er diskó, lífið er pönk**
Hallgrímur Helgason
Ekki missa af eldfjörugum söngleik og ekta diskófjöri!
lau. 25/10, sýningum lýkur í nóvember

**Klókur ertu, Einar Áskell**
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning
sun. 26/10 **örfá sæti laus,**
sýningum fer fækkandi

**Skilaboðaskjóðan**
Þorvaldur Þorsteinsson
og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir
alla fjölskylduna!
sun. 26/10 **uppselt**

**Macbeth**
William Shakespeare
Blóð vill blóð...
Takmarkaður
sýningarfjöldi

**Sá ljóti**
Marius von Mayenburg
Á leikferð um landið,
sýningar í Reykjavík
í nóvember



**www.leikhusid.is**




NOKKUR ORÐ
Nafn höfundar

# *Mulinn jaxl, blóðtaumar og bólga*

Ég viðurkenni ekki að ég sé gunga. Ég er til dæmis ekkert hrædd við tannlækna og hef meira að segja náð að dotta í stólnum við minni háttar aðgerðir. En um kjálkaskurðlækna gegnir öðru máli, hver er ekki hræddur við þá? Fyrir um það bil ári fékk ég tíma í jaxlatöku þar sem endajaxlarnir voru farnir að vaxa út í kinn. Ég kveið óskaplega fyrir og sá fyrir mér verkfærin sem notuð yrðu til að brjóta upp jaxlinn; hamar, meitil, kúbein og töng. Fólk sagði mér líka endalausar hryllingssögur um brotin bein og blóðtauma, bólgur og ógurlega verki, hita og óráð. Þegar tveir dagar voru í tímann hringdi ég því og fékk honum frestað. Ég reyndi svo að manna mig upp en þegar nær dró flúði ég aftur af hólmi. Símadaman var skilningsrík og gaf mér annan tíma eftir nokkrar vikur. Sumarið kom og þegar dagurinn rann upp fannst mér ómögulegt að fara vegna anna í vinnunni. Þolinmóð en ögn pirruð færði stúlkan tímann minn enn. Þegar fjórði tíminn nálgaðist um haustið þorði ég enn ekki fyrir mitt litla líf að mæta í stólinn. Stúlkan bókaði því á mig fimmta tímann. Nú var liðið tæpt ár frá því ég flúði fyrst af hólmi þannig að ég hunskaðist af stað skjálfandi á beinunum. Kjálkaskurðlæknirinn var eldhress og dreif mig í stólinn. Hann sprautaði deyfingunni og potaði eitthvað með flísatöng, henti svo hönskunum með smelli í ruslið og sagði þetta komið. Aðgerðin tók ekki nema fimm mínútur. Ég kvaddi eins og auli og samdi í hvelli hryllingssöguna í huganum. Það skyldi ekki spyrjast út að ég hefði frestað þessu í heilt ár fyrir minna en mulinn jaxl, blóðtauma og bólginn haus. Ég er engin gunga.



## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Máninn á rosaferð

Stefán Máni vék af braut slorsins og verbúðanna eftir Hótel Kaliforníu og skautaði inn á braut hráslagalegra og einfaldra krimma. Það var stuð á honum í nýrri braut, sumum þótti nóg um ofbeldið, kvenfyrirlitninguna og einfaldan stíl en hann náði meiri athygli, hitti hvella og háværa nótu í borðinu. Nýja sagan hans, Ódáðahraun, er af sama toga, spíttsalinn og ofurtöffarinn Óðinn er ekki bara að murka lífið úr skítseiðum í efnadreifingunni, hann er tekinn að snúast fyrir háttsetta menn og lendir á þeirri braut í föðurleit, eins og Jafet forðum.

Hér er allt á yfirborðinu, orðfærið einfalt og svo mikill svali á síðunum að stundum er eins og hinn snarhenti höfundur sé að skrifa skopstælingu á töffaraskapnum. En það er hann ekki – svo þá er tímabært að hafa áhyggjur.

Stefán Máni er efnilegur höfundur, hann er fylginn sér í textanum, veður hroðann og elginn hiklaust og ætlar sér að ná landi á íslenska örmarkaðinum. Vonandi tekst honum það og nær þá í leiðinni að hrinda burt samkeppnisaðilum í þessari tegund af „pulp"-litteratúr sem hér á árum áður voru bundinn við Nýtt úrval. Þetta er rislítill skáldskapur, klisjukenndur og sniðinn að andlegum þörfum þeirra sem sækja mesta draslið úr fjölþjóðlega kvikmyndaiðnaðinum. Og fyrr en síðar vonar þessi lesandi að Máninn rísi úr þessu rosalega svaði sem hann sullast nú í.

**Páll Baldvin Baldvinsson**




**BÓKMENNTIR**
**Ódáðahraun**
eftir Stefán Mána
JPV útgáfa
★
Suddalegt klisjusafn



**BÓKMENNTIR** Stefán Máni heldur áfram á braut hins ofursvala töffarakrimma.

# Tónlistardagar Dómkirkjunnar

Allt frá árinu 1982 hafa Tónlistardagar Dómkirkjunnar verið fastur liður í menningarlífi Reykjavíkur á haustdögum. Það er Dómkórinn og stjórnandi hans, Marteinn H. Friðriksson dómorganisti, sem standa fyrir Tónlistardögunum. Um er að ræða röð tónleika þar sem meðal annars er frumflutt nýtt verk sem er sérstaklega samið fyrir Tónlistardagana. Oftast hafa verið samin kórverk fyrir Dómkórinn, en þess eru einnig dæmi að samin hafi verið orgelverk.

Að þessu sinni hefjast Tónlistardagarnir með hefðbundnum hætti með tónleikum í Dómkirkjunni á laugardag 25. október kl. 17. Þar frumflytur Dómkórinn kórverkið Aeterna lux divinitas eftir gest Tónlistardaganna, Huga Guðmundsson tónskáld, en auk þess verður flutt kór-, einsöngs- og orgeltónlist eftir tékkneska tónskáldið Petr Eben sem lést fyrr á þessu ári en hann samdi á sínum tíma verk fyrir Dómkórinn. Auk Dómkórsins og Marteins tekur Anna Sigríður Helgadóttir altsöngkona þátt í þessum tónleikum. Daginn eftir, sunnudaginn 26. október, verður verk Huga endurflutt í hátíðarmessu á kirkjuvígsludegi Dómkirkjunnar en henni er að vanda útvarpað á Rás 1 í Ríkisútvarpinu.

**- pbb**



**TÓNLIST** Hugi Guðmundsson tónskáld hefur samið verk fyrir Dómkórinn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 25. október 2008**

### Tónleikar

**14.00 Kammertónleikar í Norræna húsinu** Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík flytja verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Anton Reicha, J.S. Bach og fleiri. Aðgangur ókeypis.



**14.00 Söngfélagið Sálubót og Jónsi** verða með tónleika í Fella- og Hólakirkju.

**16.00 Afmælistónleikar Kórs Átthagafélags strandamanna** Tónleikar verða haldnir í Langholtskirkju, Sólheimum 13.

**17.00 Kammermúsík** Eyjólfur Eyjólfsson tenór flytur tónlist eftir Beethoven, Schubert og Reynaldo Hahn í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ.

**17.00 Tíbrá** Barítónsöngvarinn Jón Svavar Jósefsson og píanóleikarinn Ástríður Alda Sigurðardóttir verða með tónleika í Salnum, Hamraborg 6 í Kópavogi.

**21.30 Gítar Islancio** spila á Græna Hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri.

### Síðustu Forvöð

**Hvaðan koma þær – hvert fara þær** Guðmunda Kristinsdóttir sýnir verk í Reykjavík Art Gallerý, þar sem konur leika aðalhlutverkið. Opið 14.00-17.00. Sýningin stendur til 26. okt.

### Uppákomur

**Gerum okkur dagamun** Í tilefni af fyrsta vetrardegi býður Reykjavíkurborg borgarbúum upp á fjölskyldudagskrá. Víða verður boðið upp á skemmti- og fræðsludagskrá. Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is.

**Með ráð undir rifi hverju** Minjasafnið á Akureyri verður með dagskrá í tilefni af fyrsta vetrardegi. Aðgangur er ókeypis og opið kl. 14.00-16.00. Minjasafnið á Akureyri, Aðalstræti 58.

### Tungumálavika

**Ítalska sendiráðið í Ósló og ítölskukennarar við Háskóla Íslands standa fyrir ítalskri tungumálaviku 20.-26. okt.**

**11.00** Rithöfundurinn **Carlo Lucarelli** verður með upplestur í Te og Kaffi í Bókabúð Máls og Menningar, Laugavegi 18.

### Málþing

**Ábyrgð, vald og þjóð** ReykjavíkurAkademían stendur fyrir málþingi í Háskólabíói frá kl. 12.00-14.00. Fundarstjóri er Viðar Hreinsson.

**Hin ómissandi ættfræði** Ættfræðifélagið ReykjavíkurAkademían og Þjóðskjalasafn Íslands standa fyrir málþingi kl. 13.00-16.00, í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar, Hringbraut 121.

**Tengsl upplýsinga og rómantíkur í íslenskri hugmyndasögu** Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar, Arngrímsgötu 2, kl. 13.00-16.30.

### Sýningar

**Orð Guðs** Sex listamenn opna sýningu kl. 15.00 í Listasafninu á Akureyri, Kaupvangsstræti 12. Málþing um sýninguna verður haldið sama dag í Ketilhúsi kl. 13.00 þar sem þátttakendur kynna hana og taka á móti fyrirspurnum.

### Ljósmyndasýningar

**Þorsteinn H. Ingibergsson** og **Bragi J. Ingibergsson** sýna ljósmyndir í Frímúrarahúsinu að Ljósatröð 2, Hafnarfirði. Sýningin er opin á laugardögum frá 14.00-17.00 og stendur til 8. nóv.



## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Victoria aftur í Vogue** Margir tískuspekúlantar supu hveljur þegar **Victoria Beckham** birtist á forsíðu breska Vogue í vor enda hefur hún ekki verið annáluð fyrir smekkvísi. Nú er frú Beckham aftur komin á forsíðu tískubiblíunnar nema í þetta skipti er það indverska útgáfan sem skartar henni íklæddum ferskjubleikum sari og með indverskt hárskraut. Hún er þó ekki komin með nýju knallstuttu klippinguna á myndunum.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**... geggjuð skvísustígvél** frá spænska merkinu Paco Gil. Fást hjá Sævari Karli.

## OKKUR LANGAR Í ...



**... æðislegan kinnalit frá Dior** en þar er á ferð bæði sólarpúður og frísklegur ferskjulitur.



**... hið dásamlega „brume“** frá L'Occitane. Þetta frískar upp á hárið og gerir það ómótstæðilegt.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Marta María Jónasdóttir

# *Taktu upp saumavélina*

Góðærissetningarnar voru klárlega „ég hef bara engan tíma“ og „við verðum að fara að hittast“. Allir voru svo uppteknir við að græða, græja og gera að enginn hafði tíma fyrir neitt sem skipti raunverulega máli.

Í Kringlum og Smáralindum sáust konur á hlaupum í stórum stíl – að kaupa sér föt á mettíma til að vera örugglega flottastar í næsta hanastéli.

Það vita allar skvísur að það er ekki gott að kaupa sér föt undir pressu og oft verða tískuslysin mest áberandi undir þeim kringumstæðum. Ég er engin undantekning og þegar ég fór í gegnum fataskápinn minn um daginn þurfti ég að draga djúpt inn andann á meðan ég hugsaði með mér hvað ég hafði eiginlega verið að hugsa þegar ég keypti hitt og þetta. Fötin voru eflaust undirfögur á herðatré en stundum passa föt bara ekkert á mann, jafnvel þótt þau séu frá réttu merkjunum.



Þessa dagana er ég eiginlega búin að fá alveg upp í kok af orðinu K*****. Það var ekki ég sem kom þjóðinni í þetta vesen og ég get þar af leiðandi ekki komið okkur út úr þessum vandræðum. Það er þó mikilvægt að tapa ekki gleðinni innra með sér og reyna að nota hæfileika sína til að lifa af. Ég mæli með því að allir saumavélaeigendur taki gripina út úr skápunum og fari að láta hjólin snúast. Það að sitja í rólegheitum og búa til eitthvað fallegt er nefnilega ekki bara skemmtilegt heldur getur það gert það að verkum að maður gleymi K******** rétt á meðan.

Fyrir þær sem ekki kunna að sauma föt frá grunni ættu að drífa sig í að læra það nú þegar eða prófa sig áfram við fatabreytingar. Í dag eru það Burda-blöðin sem koma manni á áfangastað...



**MOSAGRÆNT** Smart samfestingur úr hrásilki með víðum buxum frá Chloé.



**TÖFF** „Blade runner“ fílingur í þessum svarta jakka frá Yves St. Laurent.



**HLÍRALAUS** Gullfallegur plómulitaður síðkjóll með víðu sniði frá Chloé.

## VÍÐAR FLÍKUR HJÁ FRÖNSKUM TÍSKUHÚSUM FYRIR SUMAR 2009

# NÝSTÁRLEG HLUTFÖLL

Undanfarin tvö ár hafa hátískuhönnuðir leikið sér meir og meir með ný hlutföll og fært sig frá aðsniðnum flíkum yfir í frumlegri útgáfur af buxum, jökkum, kjólum og drögtum. Vítt virðist vera það sem koma skal fyrir næsta sumar ef marka má tískuhúsin Chloé, Lanvin og Yves St. Laurent meðal annarra. Harem-buxurnar sem voru víða í haust verða með enn víðari sniði næsta sumar og sumarkjólar urðu gyðjulegir í stelpulegum víðum og síðum útgáfum. Jakkar taka einnig á sig ný hlutföll og þar leika hönnuðir sér með breiðar herðar, ýmist rúnnaðar eins og hjá Balenciaga eða kassalaga í „eighties“ stílnum hjá Yves St Laurent.

amb@frettabladid.is


# Ert þú stjórnandi morgundagsins?

*Minni háttar mistök stjórnenda geta orðið meiri háttar vandamál séu þau tíð og síendurtekin; þau geta gegnsýrt fyrirtækin og lamað starfsemina.*




Íslenskt viðskiptalíf mun breytast mikið á komandi misserum. Eftir munu standa þau fyrirtæki sem setja reksturinn í fyrsta sæti. Þessi bók er fyrir stjórnendur þeirra.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




**VÍTT MITTI** Karrígulur og svartur silkikjóll frá Lanvin.



**ÆVINTÝRALEGT** Víðar glansandi appelsínugular kvennabúrsbuxur við kvenlegan hlýratopp frá Chloé.

Landsins stærsta

# Skósprengja

# LOKADAGAR

Aðeins 2 dagar eftir

Allt að 90% afsláttur

Opnunartímar lau 11-16 sun 11-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Ásatrúarmenn gegn græðgi

„Þetta er skelfilegt ástand. Við Íslendingar erum holdsveikisjúklingar heimsins. Ég þorði í það minnsta ekki að vera í lopapeysu hér í München,“ segir Hilmar Örn allsherjargoði.

Hilmar er staddur í München þar sem hann, ásamt nafna sínum Agnarssyni og fyrrverandi félaga úr Þey, er með tónlistargjörning í tengslum við sýningu Rúríar. Fréttablaðið náði tali af Hilmari þar sem hann var á flugvellinum á leið til Íslands en allsherjarþing Ásatrúarfélagsins verður haldið á Hótel Sögu í dag. Ásatrúarmenn ætla að láta til sín taka í þeim efnahagshremmingum sem nú ríða yfir land og þjóð. „Við þurfum ekki að rétta hinn vangann. Það er ekki í Hávamálum.

„Auður er valtastur vina segir þar,“ segir Hilmar Örn sem verður endurkjörinn allsherjargoði ásatrúarmanna. Ekkert mótframboð hefur borist. „Furðulegt nokk. En ástandið er reyndar svo alvarlegt, skelfilegt þannig að menn standa ekki í sparðatíningi. Nú þarf að slá skjaldborg um landið,“ segir Hilmar sem varð vitni að skelfilegri umræðu um Ísland og Íslendinga í Þýskalandi af öllum stöðum en svo virðist sem íslensku bankarnir séu upphaf og endir alls ills í heimskreppunni í tali manna á meðal.



**HILMAR ÖRN** Þorði ekki í lopapeysuna í München vegna umræðunnar um Ísland og efnahagshremmingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Að loknu allsherjarþingi tekur gleðin völdin í Mörkinni þar sem efnt verður til veturnáttablóts. Hjörleifur Valsson fiðluleikari leikur ásamt rússneskum harmóníkuleikara og svo taka stuðkarlarnir Erpur Eyvindarson og Steindór Andersen okkur meðan einhver nennir að klappa. „Þetta verður gott blót. Við munum kyrja hvor á sinn hátt.

Gegn græðgisógeðinu og öllum þess niðjum. Hvort sem þeir stjórna eða stjórnuðu banka, sitja í ríkisstjórn Íslands eða Bretlands,“ segir Erpur herskár að vanda. En hann var upptekinn við að undirbúa fyrirlestur um Atómstöð Halldórs Laxness á Gljúfrasteini þegar blaðið náði af honum tali. Bók sem hann segir frábæra og vel viðeigandi nú á tímum. - jbg

# Við munum vinna þetta stríð

„Við sem stöndum að þessu verkefni teljum afar áríðandi að fólk geri sér grein fyrir því að þetta er eitthvert stærsta hagsmunamál þjóðarinnar fyrr og síðar,“ segir Ólafur Elíasson píanóleikari. Hann er einn af þeim sem standa á bak við heimasíðuna **Indefence.is** en þar geta Íslendingar lýst því yfir að þeir séu ekki hryðjuverkamenn. Aldrei áður í Íslandssögunni hefur annar eins fjöldi skráð sig á undirskriftalista á netinu. Í gær var fjöldinn kominn í 45.000 manns á aðeins tveimur dögum.



**VIÐ SKILJUM HVERNIG BRETINN HUGSAR** Ólafur Elíasson er einn þeirra sem setti netsíðuna Indefence.is í gagnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ef við ætlum að ná almennilega inn í heimspressuna verða mun fleiri að skrá sig,“ segir Ólafur, sem þó er vitanlega í skýjunum með árangurinn til þessa. Hann segir hugmyndina hafa kviknað eftir ráðabrugg hóps Íslendinga sem margir hverjir hafa búið lengi í Bretlandi. „Við skiljum hvernig Bretarnir hugsa. Svona tuddaleg framkoma eins og Gordon Brown sýndi okkur er engin nýlunda, en venjulega kemur strax eitthvað svar á móti. Nú heyrðist ekkert svar frá Íslendingum og því fór hinn hefðbundni Breti að trúa því að allt sem Gordon sagði væri rétt. Við fórum að hugsa málin og spá í hvað gæti vakið athygli Breta og þessi síða varð niðurstaðan. Ef rödd okkar heyrist nógu hátt er ég viss um að hinn almenni Breti mun ekki sætta sig við að vera í hópi hryðjuverkamanna og yfirgangsseggsins. Ég held við munum vinna þetta stríð.“

Framtakið er þegar búið að vekja athygli og um það var fjallað í Independent, Financial Times og á BBC í gær. Auk þess að vera vettvangur undirskriftalistans birtir netsíðan ljósmyndir af Íslendingum



**MEINTUR TERRORISTI BER AF SÉR SAKIR** Ein fjölmargra mynda af blásaklausum Íslendingum.

sem segjast ekki vera hryðjuverkamenn. Ólafur segir að Lukka Sigurðardóttir sé mikil hetja í því máli. „Ég hitti nokkra krakka á þriðjudaginn sem voru að koma heim úr Listaháskólanum og útskýrði þetta allt fyrir þeim, á hvaða nótum við værum að vinna. Lukka kveikti strax á þessu, fór heim og sendi okkur svo fyrstu þrjár myndirnar. Síðan hefur boltinn rúllað og rúllar enn.“ - drg


NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

SHIA LABEOUF MICHELLE MONAGHAN OG BILLY BOB THORNTHON
EAGLE EYE
VIÐ ERUM ALLS STAÐAR!
LÚXUS 16

my best friend's girl
Brjálæðislega fyndin mynd í anda American Pie! 12

MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR! ENGIN MISKUNN. BARA SÁRSAUKI!
MARK WAHLBERG MAX PAYNE 16

S.M.E. – MANNLÍF
B.S. - FBL
DÓRI DNA - DV
T.S.K., 24 STUNDIR
ICELAND REVIEW
REYKJAVÍK ROTTERDAM 14
20% afsláttur af miðaverði sé greitt með greiðslukorti Vildarklúbbs Glitnis.

NICOLAS CAGE BANGKOK DANGEROUS 16
the women L
SKJALDBAKAN & HÉRINN 650 kr. fyrir fullorðna 550 kr. fyrir börn L
L
MAMMA MIA! L
BURN AFTER READING 16
550 kr. fyrir börn 650 kr. fyrir fullorðna L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 5D - 8D - 10.30D | 16 |
| EAGLE EYE LÚXUS | kl. 2D - 5D - 8D - 10.30D | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8D - 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 1 - 3 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 1 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 1 - 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 3.30 - 5.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.30 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 3.30 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10 | 16 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 4 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 4 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
POWERSÝNING KL. 10:15 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
EAGLE EYE
DENIRO PACINO RIGHTEOUS KILL
SKJALDBAKAN & HÉRINN ÍSLENSKT TAL ATH! 650 kr.
REYKJAVÍK ROTTERDAM
500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
LUKKU LÁKI ATH! 650 kr.
MAMMA MIA!
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE - POWER | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 2, 4 og 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - Ísl. Tal | kl. 2 og 4 (650 kr.) | L |
| MAMMA MIA | kl. 2, 4 og 6 | L |

SAMBÍÓIN
EAGLE EYE
TOPP GRÍNMYNDI SEXDRIVE
MAX PAYNE
RICHARD GERE DIANE LANE NIGHTS IN RODANTHE FRÁ HÖFUNDI „THE NOTEBOOK“

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:30D | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 1:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOIOGY | kl. 10:30 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 5:50 - 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 3:40 síð sýn | L |
| STAR WARS | kl. 1:30 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 4 - 6:30 - 9 - 11 | 12 |
| SEX DRIVE DIGITAL | kl. 9 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 síð sýn | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 1:50 - 4 | L |
| WILD CHILD | kl. 1:40 - 3:50 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOUSE BUNNY | kl. 6 - 8 | L |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 10:10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 6 síð sýn | 14 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |
| JOURNEY | kl. 3:50 | L |
| SKJALDBAKAN... m/ísl. tal | kl. 2 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| LUKKU LÁKI m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| EAGLE EYE | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 2 | L |
| SEX DRIVE | kl. 4 - 6 - 10:20 | 12 |
| WOMAN | kl. 8 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 | 12 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10:10 | 16 |
| SKJALDBAKAN... m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| LUKKU LÁKI m/ísl. tali | kl. 4 | L |

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó
SKJALDBAKAN & HÉRINN ATH. SÝND KL.2
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR ATH. SÝND KL.2
MAMMA MIA! THE MOVIE ATH. SÝND KL.2
LAUGARÁSBÍÓ 500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
MAMMA MIA! KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
LUKKU LÁKI KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ
SKJALDBAKAN & HÉRINN KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ
GRÍSIRNIR ÞRÍR KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ
HOUSE BUNNY KL.1 SMÁRABÍÓ
50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN
WALL-E 550kr kl. 1.30 í Álfabakka
NIGHTS IN RODANTHE 550kr kl. 1.30 í Álfabakka
SVEITABRÚÐKAUP 550kr kl. 3.40 í Álfabakka
WILD CHILD 550kr kl. 1.40 í Kringlunni kl. 2 á Akureyri
GEIMAPARNIR 550kr kl. 2 í Álfabakka kl. 2 í Kringlunni kl. 2 í Kef., á Ak., og á Self.
JOURNEY 3D 850kr kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.50 í Kringlunni



BRÚÐGUMINN
White Night Wedding
“Falleg, sár og fyndin. Allt gekk uoo, leikur, leikmynd, saga, hljóð, mynd og allt sem til þarf til að gera góða bíómynd.“
- S.M.E. - Mannlíf
“Brúðguminn eftir Baltasar Kormák er best heppnaða kvikmynd Íslendinga til þessa.”
- J.F.M. - Morgunblaðið
“Brúðguminn er skemmtileg mynd sem lætur áhorfendur hljæja og líða vel“
- Gunnar Hjálmarsson - FBL
“Myndin er frábær skemmtun sem er ekki síst þéttum leikhópi að þakka“
- Þröstur Helgason - MBL
"Hún er grátbrosleg, beisk, súrsæt, sorgleg en umfram allt er hún yndisleg.
- Dóri DNA - DV
„Besta íslenska fíl-gúdd myndin fyrr og síðar!“
Stefán Sigurjónsson - X-ið 97.7
Hin stórskemmtilega mynd Brúðguminn sem sló í gegn fyrr á árinu er nú komin á DVD í verslanir um land allt.
Ómissandi í safnið!
TORONTO INTERNATIONAL FILM FESTIVAL OFFICIAL SELECTION 2008
BLUE EYES
sena
okkar heimur // þín skemmtun

## > Sigfús líklega frá í fjórar til sex vikur



Sigfús Sigurðsson, leikmaður Vals, var ekki í átján manna landsliðshóp Guðmundar Guðmundssonar í gær en hann fer í aðgerð á hné strax eftir helgi. „Báðir liðþófarnir í hægra hnénu er farnir og síðan þarf að skoða hvort þurfi að gera eitthvað meira þegar ég kem í aðgerðina. Þetta er búið að vera að angra mig síðan ég meiddist á baki nokkru fyrir Ólympíuleikana í Aþenu árið 2004. Þá byrjaði ég að hlaupa vitlaust og hnén skemmdust í framhaldi af því ," segir Sigfús. Vonast er til að Sigfús verði kominn aftur á skrið eftir fjórar til sex vikur.

**sport**
sport@frettabladid.is

**HAFÞÓR EINARSSON VAR HÆTTUR:** BÚINN AÐ VERJA MEIRA EN TUTTUGU SKOT Í FJÓRUM LEIKJUM AKUREYRAR Í RÖÐ

# *Þægilegt að vera markvörður fyrir aftan þessa vörn*

Hafþór Einarsson hefur varið frábærlega í marki Akureyrar í N1-deild karla í handbolta en hann hefur varið 23,8 skot að meðaltali í síðustu fjórum leikjum liðsins en Akureyri er komið á toppinn eftir að hafa unnið þá alla.

„Mér gengur mun betur en ég bjóst við. Það er náttúrulega mjög gott að ná að verja yfir 20 bolta í fjórum leikjum í röð en lykilatriði er hins vegar að ná í sigrana og stigin," sagði Hafþór sem hefur varið 53 prósent skota sem hafa komið á hann í sigurleikjum gegn Stjörnunni, HK, Víkingi og Val.

„Þetta er rosalega flott en það er ótrúlega þægilegt að standa í markinu með þessa vörn fyrir framan sig. Rúnar sagði í einhverju viðtali eftir Valsleikinn að það væri bara auðvelt að vera markvörður fyrir aftan þessa vörn. Það þarf náttúrulega að verja boltana en þeir gera þetta mjög þægilegt strákarnir sem eru fyrir framan mig," segir Hafþór hógvær.

Það hefur verið mikil stemning á heimaleikjum Akureyrar-liðsins og Hafþór segir það engu líkt að spila fyrir troðfullri höll. „Stúkan var full á móti Val og fólk var niðri á gólfi líka. Það er bara frábært hvað margir eru að taka þátt í þessu með okkur," segir Hafþór og bætir við. „Það var meiri háttar að áhorfendur skyldu hafa komið aftur og troðfyllt höllina eftir að við höfðum tapað fyrstu tveimur leikjunum á móti FH og Haukum. Það styrkti okkur enn frekar í því sem við erum að gera," segir Hafþór.



Það hefur gengið á ýmsu í sameiningu KA og Þórs en það er eins og Akureyringar hafi nú sameinast í Höllinni. „Kannski er þetta loksins farið að ganga upp síðan sameiningin fór í gegn. Það er fínt að vera í Höllinni sem er hlutlaus staður," segir Hafþór.

Það er mikið eftir af mótinu og Hafþór segir liðið enn einbeita sér að næsta leik. „Við ætlum bara að njóta þess að spila hvern einasta leik. Við erum ekki allt of mikið að pæla í því hvað er í gangi í kringum okkur en það er búið að segja mér að við séum á toppnum núna," sagði Hafþór í léttum tón. „Þetta á eftir að vera jafnt og skemmtilegt mót í vetur. Við erum búnir að tapa fjórum stigum en við erum samt efstir. Það er því allt opið í þessu," sagði Hafþór.



**KOMIN AF STAÐ** Guðrún Sóley Gunnarsdóttir verður með á móti Írlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir:

## Klár í leikinn

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið spilar á sunnudaginn fyrri leik sinn gegn Írlandi í umspilinu um sæti í lokakeppni EM.

Íslenska liðið hefur þegar misst aðalmarkvörðinn út vegna veikinda og þá hefur verið óvissa um þátttöku annars burðaráss í varnarleiknum þar sem Guðrún Sóley Gunnarsdóttir meiddi sig illa á ökkla í æfingaleik landsliðsins gegn Val á dögunum.

„Ég er búin að vera með á þremur æfingum og þetta lítur allt mjög vel út," sagði Guðrún í samtali við Fréttablaðið í gær. Guðrún segist vera tilbúin í leikinn og muni spila hann ef Sigurður Ragnar velji hana í liðið. Það ættu að vera miklar líkur á því enda hefur hún verið í byrjunarliðinu í öllum leikjum undir hans stjórn. - óój

Davíð Þór Viðarsson:

## Fær ekki samning hjá Viking

**FÓTBOLTI** Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði Íslandsmeistara FH, er ekki á förum til norska liðsins Viking.

Davíð Þór fór utan til æfinga hjá félaginu á dögunum en virðist ekki hafa gert nóg til þess að heilla þjálfarann því Egil Östenstad, yfirmaður knattspyrnumála hjá Viking, staðfesti í gær að félagið myndi ekki bjóða Davíð Þór samning. - hbg

# Marga silfurdrengi vantar

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær 18 manna leikmannahóp fyrir leikina gegn Belgum og Norðmönnum í undankeppni EM. Mikil breyting er á hópnum frá Ólympíuleikunum og fá ungir menn tækifæri.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson valdi í gær sinn fyrsta landsliðshóp eftir Ólympíuleikana en fram undan eru tveir leikir í undankeppni EM gegn Belgum og Norðmönnum en forkeppnin er í formi riðlakeppni í fyrsta skipti og fara tvö efstu lið hvers riðils á EM.

Guðmundur saknar fimm leikmanna frá ólympíuhópnum en þeir Snorri Steinn Guðjónsson, Sigfús Sigurðsson, Alexander Petersson og Bjarni Fritzson eru allir meiddir og svo gefur Ólafur Stefánsson ekki kost á sér.

„Ég hef aðeins verið að heyra í Óla en ekkert mikið enda virði ég hans ákvörðun. Ég held þó að hann muni sakna hópsins og hver veit nema hann gefi aftur kost á sér eftir áramót," sagði Guðmundur sem velur einn nýliða, Aron Pálmarsson úr FH, og einnig eru í hópnum menn með litla reynslu.

Nægir þar að nefna hinn stórefnilega Rúnar Kárason og Kára Kristjánsson. Svo koma aftur inn í hópinn þeir Einar Hólmgeirsson, Vignir Svavarsson, Hannes Jón Jónsson, Þórir Ólafsson og Ragnar Óskarsson en sá hefur setið margar mínútur á bekknum hjá Guðmundi í gegnum tíðina og lítið spilað.

„Það eru ákveðin vandræði með miðjustöðuna þar sem Snorri er meiddur. Ég horfi helst til Ragnars, Arnórs og Hannesar í að leysa það verkefni fyrir okkur," sagði Guðmundur en einnig er skarð fyrir skildi í hægri skyttustöðunni þar sem bæði vantar Ólaf og Alexander.

„Við erum með Ásgeir, Einar og Rúnar þar. Einar hefur verið að koma upp úr meiðslum og Rúnar er reynslulítill en er efnilegur og hefur spilað mjög vel í vetur. Það verður áhugavert að sjá hvernig þessir strákar standa sig á æfingum fyrir leikina," sagði Guðmundur sem sagði nauðsynlegt að horfa til framtíðar og því veldi hann unga og efnilega leikmenn í hópinn en Ísland á mikið af slíkum mönnum.

„Þessir strákar sem voru valdir eru að standa sig vel og eiga framtíðina fyrir sér. Það er mikilvægt fyrir okkur að huga að framtíðinni og gefa okkar efnilegustu mönnum nasasjón af því hvað þeir eru að fara út í," sagði Guðmundur.

henry@frettabladid.is



**SAKNAR LYKILMANNA** Næstu verkefni landsliðsins verða snúin fyrir Guðmund landsliðsþjálfara enda liðið án margra lykilmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | Bittenfeld |
| Hreiðar Guðmundsson | Savehof |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Arnór Atlason | FCK |
| Aron Pálmarsson | FH |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | GOG |
| Einar Hólmgeirsson | Grosswallst. |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RN Löwen |
| Hannes Jón Jónsson | Burgdorf |
| Ingimundur Ingimundarson | Minden |
| Kári Kristjánsson | Haukar |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Ragnar Óskarsson | Dunkurque |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Rúnar Kárason | Fram |
| Sturla Ásgeirsson | Dusseldorf |
| Sverre Jakobsson | HK |
| Vignir Svavarsson | Lemgo |
| Þórir Ólafsson | Lubbecke |

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express-deild karla:*

**Breiðablik-KR 72-108 (30-67)**

**Stig Breiðabliks:** Kristján Sigurðsson 16 (8 fráк.), Nemanja Sovic 13, Daníel Guðmundsson 12, Emil Jóhannsson 8, Rúnar Erlingsson 7 (stoð.), Halldór Halldórsson 6, Aðalsteinn Pálsson 6, Loftur Einarsson 4.

**Stig KR:** Jason Dourisseau 22 (7 fráк.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 15 (6 stoð.), Skarphéðinn Ingason 13, Ellert Arnarson 13, Darri Hilmarsson 11 (8 fráк.), Jakob Örn Sigurðarson 7, Jón Arnór Stefánsson 7, Helgi Már Magnússon 7, Guðmundur Magnússon 7, Ólafur Ægisson 3, Baldur Ólafsson 2, Fannar Ólafsson 1.

**Grindavík-Tindastóll 113-95 (53-50)**

**Snæfell-Þór Akureyri 88-71 (33-30)**



**ÞÆGILEGT FÖSTUDAGSKVÖLD** KR gat leyft sér að hvíla stjörnurnar í gær sem hlógu á bekknum meðan rúllað var yfir Blikana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild karla:

## Grindavík og KR enn ósigruð

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gær. Grindavík og KR sitja á toppnum eftir leiki gækvöldsins og eru einu ósigruðu lið deildarinnar.

KR rúllaði Breiðabliki upp í Kópavogi og Grindavík skellti Tindastól í Röstinni með fínni frammistöðu í seinni hálfleik. - hbg




# Næstu námskeið

- **Bóklegt einkaflugmannsnámskeið** - 12. janúar 2009
- **Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið** - 19. janúar 2009
- **Flugkennaranámskeið** - 19. janúar 2009
- **MCC námskeið** - 12. janúar 2009

Skráning er hafin á **www.flugskoli.is**

Flugskóli Íslands er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.flugskoli.is

# Húsasmiðjan og Blómaval

## 27 verslanir um land allt



**Ísafjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Akureyri**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Dalvík**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Húsavík**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-13

**Egilsstaðir**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Reyðarfjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Höfn í Hornafirði**
Opið: mán-fös 8-12 og 13-18

**Vestmannaeyjar**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Hvolsvöllur**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-13

**Kópavogur**
Opið: mán-fös 8-19, lau 10-18, sun 11-17

**Hafnarfjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-16

**Reykjanesbær**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-18, sun 12-17

**Selfoss**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-15, sun 12-16
Timbursala lokuð á sunnudögum

**Akranes**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-15

**Borgarnes**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Timbursala Súðarvogi**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-14

**Pípulagnaverslun**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-15

**Skútuvogur**
Opið: mán-fös 8-21, lau 9-21, sun 10-21

**Grafarholt**
Opið: mán-fös 8-19, lau 9-19, sun 10-19

**Blómaval Smáralind**
Opið: mán-fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18

**Blómaval Kringlunni**
Opið: mán-fös 10-18:30, fim 10-21, lau 10-18, sun 13-17

# Húsasmiðjan í heimabyggð

## góð tilboð um land allt



**ÍSLENSK KJÖTSÚPA MEÐ BRAUÐI**
**190 kr.**
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina

**Gott í gogginn í Skútuvogi**



**ÍS 10 kr.**
**í Blómavali Skútuvogi**




**3.790**

**RUGL VERÐ!** um helgina

**Veggmálning Jotaplast**
Venjuleg plastmálning með gljástig 7, beinhvít, 10 ltr.
7119800




**599** ~~1.129~~

**Hallamál**
**Komelon,** 40 sm.
2 dropar.
5014024



**Hleðslusett**
**Power Workshop**, 18V, margir möguleikar, borvél, standborvél, hjólsög, borðsög, stingsög, tifsög, ljós o.fl.
5245016

**22.999** ~~27.995~~



**Electrolux**

**3 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Ísskápur**
**Electrolux**, m/klakavél, stærð 176 x 90,5 x 68,2 sm, kælir 357 ltr, frystir 165 ltr, sjálfvirk afþíðing, hurðin er stálklædd en aðrir fletir eru svartir.
1839907

**198.990**

**Rússahúfur**
Skinn, fullorðinsstærð.
5865748/749/752



**2.999**



**1.299** ~~2.295~~

**Sporjárnasett**
Toolux, 4 stk, 6/12/18/24 mm
5008536

**Skrúfjárnasett**
Toolux, 6 stk, torx
5010008



**799** ~~1.399~~

**2.799**




**Stingsög**
DWT, 550W, framkast
5245277

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## > Kathy Bates

„Mamma var vön að segja fólki að þegar fæðingarlæknirinn sló mig á bossann hafi ég haldið að það væri verið að klappa fyrir mér og að þess vegna hafi ég orðið leikkona." Bates leikur í kvikmyndinni Brúin yfir San Luis Rey sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI FYLGDIST MEÐ FRÉTTUM AF HRUNI

# Hamfarir á táknmáli

Þegar íslensku bankahamfarirnar stóðu sem hæst í fréttatímunum fannst mér sefandi að í enda hvers fréttatíma var samt alltaf pláss fyrir íþróttir. Þar gekk lífið sinn vanagang, fólk skoraði, synti og stökk yfir slár eins og ekkert væri. Í fárinu voru íþróttirnar hálfgert haldreipi, sönnun þess að þrátt fyrir allt færi lífið fram annars staðar en í Excel-skjölum óreiðumanna.

En svo fór kreppan líka að lita íþróttafréttirnar. Bakhjarlar hrukku úr stykkinu, erlendum leikmönnum var vísað á dyr. Það var til marks um að hið meinta svartnætti væri alls staðar búið að smeygja sér inn.

Í mesta fárinu fengu heyrnarlausir ekki einu sinni frið. Hrunið var túlkað fyrir þá í neðra horni sjónvarpsskjásins. Um leið og táknmálið hætti fannst mér eins og að þetta hlyti að fara skánandi. Hvernig er það annars með heyrnarlausa – mega þeir bara taka þátt í samfélaginu þegar allt er að fara til fjandans?



Beinu útsendingarnar eru verstar. Maður var bara í gúddí fílíng, kannski ekkert að hugsa um risavaxna skuldasúpu þjóðarinnar aldrei þessu vant, þegar sprengjan féll: Bein útsending í dag kl. 14:15! Strax fór kvíðahnúturinn að vaxa og klósettferðum að fjölga. Svo geta hæstvirtir ráðamenn aldrei mætt á réttum tíma. Þykist þetta lið vera einhverjar rokkstjörnur, alltaf korteri of seint? Maður heldur að allt sé að fara að gerast en svo kemur ekkert út úr þessum fundum, eða alla vega ekkert meira en maður var hvort eð er búinn að sjá á netinu löngu á undan.

Nú er bara að taka sér fréttafrí um helgina. Taka kannski rómantíska gamanmynd, leika við krakkana. Svo er auðvitað hægt að gera fleira en að glápa á rafmagnskassa. Fyrir alla muni mætið á Austurvöll í dag kl. 16. Byltingin verður ekki í beinni, eins og einhver sagði.

## EKKI MISSA AF



▶ **10.45** Everton - Man. Utd. BEINT — STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.35** Latibær — STÖÐ 2



▶ **20.05** Gott kvöld — SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** What I Like About You — SKJÁREINN



▶ **21.00** Dagvaktin — STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Trillurnar, Millý og Mollý og Tobbi tvisvar.

**10.25 Kastljós** (e)

**11.00 Káta maskínan** (e)

**11.30 Kiljan** (e)

**12.10 Kjarnakona** (2:6) (e)

**13.05 Kerfi Pútíns** (2:2)

**14.05 Svart kaffi - Baunin ómótstæðilega** (1:3) (e)

**15.05 Hvað veistu? - Loftslagsrannsóknir á ísjaka**

**15.35 Íslandsmótið í handbolta karla** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og FH í efstu deild karla.

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Spaugstofan**

▶**20.05 Gott kvöld** Skemmtiþáttur í umsjón Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur.

**21.00 Brúin yfir San Luis Rey** (The Bridge of San Luis Rey) Bresk bíómynd frá 2004 byggð á sögu eftir Thornton Wilder með Kathy Bates í aðalhlutverki.

**23.00 Ilmurinn** (Perfume - The Story of a Murderer) Bíómynd frá 2006 byggð á sögu eftir Patrick Süsskind.

**01.25 Eiturlyfjasalinn** (Alpha Dog) (e)

**03.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Nanny McPhee**

**10.00 Manchester United. The Movie**

**12.00 School for Scoundrels**

**14.00 Fíaskó**

**16.00 Nanny McPhee**

**18.00 Manchester United. The Movie**

**20.00 School for Scoundrels** Gamanmynd um ungan mann sem skráir sig í skóla sem sérhæfir sig í að byggja upp sjálfstæði og kjark hjá óframfærum einstaklingum.

**22.00 A History of Violence**

**00.00 Spin**

**02.00 Breathtaking**

**04.00 A History of Violence**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Dynkur smáeðla, Refurinn Pablo og Doddi litli og Eyrnastór.

**08.00 Algjör Sveppi** Louie, Lalli, Þorlákur, Sumardalsmyllan, Blær, Fífí, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.

**09.30 Willoughby Drive**

**09.40 Stóra teiknimyndastundin**

**10.05 Tommi og Jenni**

**10.30 Jólaævintýri Scooby Doo**

**11.00 Markaðurinn með Birni Inga**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.50 Bold and the Beautiful**

**14.15 The Celebrity Apprentice** (7:13)

**15.05 Sjálfstætt fólk** (5:40)

**15.40 ET Weekend**

**16.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**16.55 Dagvaktin** (5:11)

**17.30 Markaðurinn með Birni Inga**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.01 Lottó**

**19.10 The Simpsons** (11:20)

▶**19.35 Latibær** (11:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ. Glanni glæpur heldur áfram að hrella íbúa Latabæjar en krakkarnir hafa loksins áttað sig á því að Íþróttaálfurinn hafði á réttu að standa þegar hann sagði þeim að betra væri að hreyfa sig og borða hollan mat.

**20.05 I Do, They Don't** Bráðskemmtileg og rómantísk mynd um Carrie og Jim sem hafa verið í ástarsambandi í rúmt ár og stinga af til Las Vegas í skyndihjónaband. Þegar heim er komið taka börnin þeirra á móti þeim og eru afar ósátt við ráðhaginn.

**21.35 Four Brothers**

**23.25 Working Girl**

**01.15 Foolproof**

**02.50 Ella Enchanted**

**04.25 Medium** (6:22)

**05.10 Dagvaktin** (5:11)

## SPORT *besta sætið*

**09.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**09.55 Inside the PGA**

**10.20 Meistaradeild Evrópu**

**12.00 Meistaradeild Evrópu** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

**12.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.

**13.10 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.

**14.00 NFL-deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**14.30 Ryder Cup 2008**

**17.20 Spænski boltinn**

**17.50 Meistaradeild Evrópu**

**19.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.50 UFC Unleashed**

**22.35 Ultimate Fighter**

**23.20 Bardaginn mikli** Joe Louis vs. Max Schmeling

**00.15 Spænski boltinn**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.45 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield, 1993.

**09.15 PL Classic Matches** Everton - Liverpool, 2003.

**09.45 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð.

**10.15 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

▶**10.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Everton og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 kl 11.40 er leikur Sunderland og Newcastle.

**12.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**13.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik WBA og Hull.

**16.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Blackburn og Middlesbrough.

**18.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Newcastle.

**20.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Man. Utd.

**21.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og Hull.

**23.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Middlesbrough.

## SKJÁREINN

**10.45 Vörutorg**

**11.45 Moto GP - Hápunktar** (17:18) Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

**12.45 Dr. Phil** (e)

**13.30 Dr. Phil** (e)

**14.15 Dr. Phil** (e)

**15.00 Kitchen Nightmares** (9:10) (e)

**15.50 Robin Hood** (9:13) (e)

**16.40 Charmed** (6:22) (e)

**17.30 Survivor** (4:16) (e)

**18.20 Family Guy** (14:20) (e)

**18.45 Game tíví** (7:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**19.15 30 Rock** (7:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (18:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

▶**20.10 What I Like About You** (15:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly og Vince hafa mismunandi hugmyndir um hvernig þau eiga að gleðja Gary á afmælinu hans.

**20.35 Frasier** (15:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

**21.00 Eureka** (11:13) (e)

**21.50 House** (8:16) (e)

**22.40 Singing Bee** (6:11) (e)

**23.40 CSI. New York** (9:21) (e)

**00.30 Law & Order. Special Victims Unit** (10:22) (e)

**01.20 The Eleventh Hour** (13:13) (e)

**02.10 Conviction** (e)

**03.40 Anna's Dream** (e)

**05.10 Vörutorg**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni liðinnar viku** Sýnt á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 11:00 OG 17:30

### Markaðurinn með Birni Inga



Markaðurinn með Birni Inga er frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík. Í dag er aðalgestur þáttarins Lýður Guðmundsson, stjórnarfomaður Exista. Í pallborðsumræður mæta Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, Þór Sigfússon formaður Samtaka atvinnulífsins og Guðmundur Kristjánsson útgerðamaður og forstjóri Brims. Í innslögum verður m.a. fjallað um útrás Marels. Þátturinn er í opinni dagskrá og hefst kl. 11.00 en kl. 17.30 verður sýnd samantekt úr þættinum með því markverðasta sem kom fram fyrr um daginn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Four Brothers
### Stöð 2 kl. 21.35

Hörkuspennandi hasarmynd með Mark Wahlberg, Terrence Howard og Tyrece Gibson sem fjallar um fjóra bræður sem missa móður sína eftir að búðarrán fer úrskeiðis. Þeir ákveða að hefna dauða móður sinnar með því að elta uppi glæpamennina og koma þeim fyrir kattarnef.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Ísland og Evrópusambandið
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (41:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**15.55 Hollyoaks** (42:260)
**16.20 Hollyoaks** (43:260)
**16.45 Hollyoaks** (44:260)
**17.10 Hollyoaks** (45:260)
**18.05 Help Me Help You** (3:13)
**18.30 Smallville** (8:20)
**19.15 ET Weekend**
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.30 Ríkið** (9:10) Nýstárlegir sketsaþættir sem gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.
▶**21.00 Dagvaktin** (5:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**21.30 E.R.** (7:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.15 The Daily Show. Global Edition**
**22.40 Help Me Help You** (3:13)
**23.05 Smallville** (8:20)
**23.45 ET Weekend**
**00.30 E.R.** (7:25)
**01.15 The Daily Show. Global Edition**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Kristinn H.** Kristinn H. Gunnarsson
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson.
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir.
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**23.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne Mod Drengene **11.35** Family Guy **12.00** Ridesport **13.00** Sejlsport **13.30** Talent 2008 **14.25** Talent 2008 **14.45** Nationen **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Der var engang.... **16.00** Gepetto News **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Lones aber **17.35** Far, mor og bjørn - Fars dag **18.00** Hvem ved det! **18.30** Agent 007 - Diamanter varer evigt **20.25** Miss Marple **22.00** Desperado **23.40** Boogie Listen

## NRK 1

**09.15** Columbo **10.50** Kunnskapskanalen 2008 **11.20** Katastrofer i kø **12.20** Asterix & Obelix. Oppdrag Kleopatra **14.05** Michael Palins nye Europa **15.00** Beat for beat **16.00** Kometkameratene **16.25** Underbuksepiratene **16.30** KuleJenter **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Kvitt eller dobbelt **18.55** Den store reisen **19.45** Med hjartet på rette staden **20.30** Løvebakken **21.00** Kveldsnytt **21.15** Fru Henderson presenterer **22.55** Prinsene

## SVT 1

**10.15** Anslagstavlan **11.05** Andra Avenyn **11.35** Andra Avenyn **12.05** Andra Avenyn **12.35** Uppdrag Granskning **13.35** Livet i Fagervik **14.20** Folk i bild 2008 **14.35** Doobidoo **15.35** Byss **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Pomos piano **16.45** Pettson & Findus **17.00** Eva & Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Dansbandskampen **20.00** Brottskod. Försvunnen **20.40** Timmarna **20.50** Videokväll hos Luuk **21.20** Häxor, läxor och dödliga lektioner **23.00** Svindlarna **23.55** Sändningar från SVT24


Cafe Central
Reykjavík



Cafe Central
er nýr og spennandi
matsölustaður og kaffihús.
Við leggjum áherslu á góðan mat,
góða þjónustu og þægilegt
andrúmsloft.
Vertu velkomin/nn

Cafe Central Reykjavík | Pósthússtræti 13 | 101 Reykjavík | Sími: 551 1195 | www.cafecentral.is

## PERSÓNAN



*Gunnar Theodór Eggertsson*

**Aldur:** 26 ára.
**Starf:** Ég vinn sem frístundaráðgjafi á Frístundaheimilinu Hlíðaskjóli og var að byrja í doktorsnámi í bókmenntafræði í Háskóla Íslands.
**Fjölskylda:** Foreldrar mínir eru Eggert Þór Bernharðsson og Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, sagnfræðingar og rithöfundar. Svo á ég einn yngri bróður sem heitir Valdimar Ágúst og er menntskólanemi.
**Stjörnumerki:** Steingeit og tungl í krabba.

Gunnar vann til Íslensku barnabókaverðlaunanna í vikunni fyrir bók sína Steindýrin.



**LÁRÉTT 2.** vera með, **6.** í röð, **8.** þvottur, **9.** fugl, **11.** tveir eins, **12.** virki, **14.** skyrpa, **16.** hvað, **17.** aðstoð, **18.** hnoðað, **20.** fyrir hönd, **21.** brýna.

**LÓÐRÉTT 1.** elds, **3.** ólæti, **4.** flutningaskip, **5.** drulla, **7.** reikningshald, **10.** meiðsli, **13.** til sauma, **15.** sjá eftir, **16.** þurkað gras, **19.** til dæmis.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hafa, **6.** áð, **8.** tau, **9.** lóm, **11.** rr, **12.** skans, **14.** hráki, **16.** ha, **17.** lið, **18.** elt, **20.** pr, **21.** ydda.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** at, **4.** farskip, **5.** aur, **7.** bókhald, **10.** mar, **13.** nál, **15.** iðra, **16.** hey, **19.** td.











# Bubbi í gifs og blæs af hausttónleika

„Já, ég er kominn í gifs. Datt svona illa í hálkunni. Eins og gamalmenni? Nei, það var nú aðeins meiri reisn yfir þessu falli,“ segir Bubbi Morthens.

Bubbi varð fyrir því óláni í gærmorgun að slasa sig á hendi – gríðarlegt áfall fyrir hann og aðdáendur hans því fyrir dyrum stóðu hausttónleikar Bubba. Í gærkvöld átti að halda tónleika í Duushúsi í Reykanesbæ og í kvöld í Bæjarbíói Hafnarfirði. Þessu hefur þurft að afýsa. „Já, og svo var allt Norðurland undir eftir helgi. Þessu þarf að kanselera. Því miður,“ segir Bubbi. Ekkert verður spilað á næstunni.

Óhappið átti sér stað fyrir utan setur hans við Meðalfellsvatn. „Ég var að fara út með ruslið klukkan níu. Úti á palli, að labba og flaug á hausinn. Slæmdi hægri lúkunni í grindverkið með þeim afleiðingum að þumalputtinn einhvern veginn flippaðist og fór úr lagi. Jú, ætli ég sé ekki tryggður fyrir þessu. Hef alltaf verið slysatryggður en það er náttúrulega eins og það er með tryggingafélögin.“

Aðspurður segist Bubbi ekki fá neitt dóp hjá sínum heimilislækni, Sveini Rúnari Haukssyni, við þessu enda má það ekki. „Bara verkamannadópið. Íbúfen.“ Bubbi segist reyna að líta jákvæðum augum á þetta óhapp. Nú sé tími til þess. Lán í óláni að höndin mölbrotnaði ekki. Nú einbeitir hann sér að skipulagningu risatónleika sem verða í Laugardalshöll 15. nóvember þar sem landslið tónlistarmanna kemur saman til að þjappa landsmönnum saman.

„Nótt hinna löngu hnífa er ekki tímabær á Íslandi. Hver kanónan á fætur annarri er að tínast inn. Hljómsveitin Ham var að boða komu sína. Pældu í því! Svo dæmi sé nefnt.“ **-jbg**



**BUBBI MORTHENS** Var að fara út með ruslið þegar hann flaug á hausinn í hálkunni, slæmdi lúkunni í grindverk þannig að þumalputti gekk úr lagi.



**ÁHYGGJUFULLUR** Fólk frá Clint Eastwood hefur sett sig í samband við Leif og True North og lýst yfir miklum áhyggjum.

LEIFUR B. DAGFINNSSON: HOLLYWOOD ÞORIR EKKI TIL ÍSLANDS

# Tveir milljarðar í hættu

„Ef ekkert verður að gert gætum við orðið af tveimur milljörðum í gjaldeyristekjur. Þetta þótti kannski ekki há upphæð fyrir tveimur árum en í dag hljóta þetta að vera ansi miklir fjármunir,“ segir Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North. Veik króna gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur gert Ísland að ákjósanlegum dvalarstað erlendra kvikmyndagerðarmanna. Hins vegar bendir erlendur fréttaflutningur til þess að hér sé allt í kalda koli, efnahagslífið sé stopp og fólk svelti. „Í þessari viku afboðaði stór auglýsingastofa komu sína hingað til lands. Verkefnið var upp á fjörutíu milljónir en þeir fengu einfaldlega ekki tryggingarfélagið til að tryggja ferð sína hingað. Hún þótti allt of áhættusöm sökum efnahagsástandsins,“ útskýrir Leifur.

True North hefur unnið hörðum höndum að því að fá tvær stórar Hollywood-myndir hingað til lands. Þær séu af svipaðri stærðargráðu og Batman Begins og gætu því skilað milljörðum í gjaldeyristekjur. Þessi verkefni séu hins vegar í hættu sökum ímyndar Íslands erlendis. „Við erum í sóknarfæri vegna stöðu krónunnar. Hins vegar hefur orðspor okkar laskast svo verulega að menn eru á báðum áttum með að koma hingað. Hvort það sé hreinlega þorandi. Við erum komnir á lista með Simbabve, Afganistan og Kólumbíu í hugum kvikmyndaiðnaðarins í Bandaríkjunum.“

Leifur skorar á stjórnvöld að grípa strax inn í þessa atburðarás. „Ég hef verið að vinna í þessum bransa í tuttugu ár. Við að kynna Ísland og hvað það sé nú frábært hérna. Ef ekkert verður að gert þá getum við allt eins bara lokað sjoppunni og þá erum við komin þrjátíu ár aftur tímann hvað landkynningu varðar,“ segir Leifur sem er ekkert sérstaklega bjartsýnn. Hann bendir hins vegar á að stjórnvöld í Detroit hafi verið snör í snúningum þegar samdráttur í bílaiðnaði skók borgina. „Þau hækkuðu endurgreiðsluna til kvikmyndaframleiðenda og þeir þyrptust þangað. Fyrsti maðurinn var meira að segja Clint Eastwood,“ útskýrir Leifur sem biðlar til íslenskra stjórnvalda að þau hugleiði þessa sömu leið, það sé tiltölulega einföld aðgerð en gæti verið um leið ákaflega atvinnuskapandi. „Þetta fólk þarf að borða, það þarf að skutla því hingað og þangað. Það þarf hótelgistingu og svona mætti lengi telja.“

True North vann náið með Eastwood þegar hann gerði kvikmyndina Flags of our Fathers hér á landi. Leifur segir að samstarfsmenn Clints hafi haft samband og forvitnast um hvort ekki væri örugglega í lagi með alla. „Menn hafa verið að hringja í mig til að athuga hvort ekki sé í lagi með símalínurnar.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**HRÆDDUR UM ÍMYND ÍSLANDS** Stór auglýsingastofa afboðaði komu sína hingað til lands vegna ótryggs efnahagsástands. Þar glötuðust hátt í fjörutíu milljónir að sögn Leifs Dagfinnssonar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og í starfsfólk í öðrum iðngreinum neyðast kvikmynda- og sjónvarpsstjörnurnar einnig til að draga saman seglin. Undanfarin ár hefur Eddunni verið deilt út í salarkynnum Nordica-hótelsins og engu verið til sparað. Það er því kannski tímanna tákn að þau verði í ár afhent í Háskólabíói, án þess að lítið sé gert úr salarkynnum kvikmyndahússins. Menn ætla þó að gera sér glaðan dag þegar tilkynnt verður um Eddu-tilfnefningarnar en það verður gert á bransaballi sem haldið verður á Nasa 31. október. Þar munu þeir **Logi Bergmann Eiðsson** og **Þorsteinn Guðmundsson** sjá um að skemmta viðstöddum.



Orðspor sumra Íslendinga í kvikmyndageiranum virðist ekki hafa beðið álitshnekki þótt Íslendingar séu í hálfgerðri ímyndarkreppu. **Karl Júlíusson** hefur nýlokið við að gera leikmyndina við hryllingsmynd **Lars von Trier**, Antichrist, sem skartar **Willem Dafoe** í aðalhlutverki. Trier blandaði sér á sínum tíma inn í útrás Íslendinga þegar íslensku viðskiptajöfrarnir voru sýndir í heldur vafasömu ljósi í kvikmyndinni The Boss of it all.



**Bergur Ebbi Benediktsson**, söngvari og gítarleikari Sprengihallarinnar, hefur látið af störfum sem lögfræðingur Útflutningsráðs. Hann hefur hafið störf á tímaritinu Grapevine en einn eigandi blaðsins er einmitt umboðsmaður Sprengihallarinnar – **Jón Trausti**. Grapevine stóð sig vel í umfjöllun um nýafstaðna Airways-hátíð og lét ritstjórn tímaritsins góðu heilli þessi tengsl við Sprengihöllina ekki aftra því að sú fína hljómsveit væri á forsíðu eins sérblaðanna um Airways. **-fgg, jbg**



# Sigur Rós lýkur tónleikaferðinni heima

Hljómsveitin Sigur Rós ætlar að ljúka tónleikaferðalagi sínu um heiminn með tónleikum í Laugardalshöll sunnudagskvöldið 23. nóvember. Þar munu þeir Jónsi, Kjartan, Georg og Orri, stíga einir og óstuddir á svið í fyrsta sinn á Íslandi síðan 2001.

„Þetta hefur verið í pípunum síðan í sumar. Þeir vildu alltaf enda tónleikaferðina hérna,“ segir Kjartan Sturluson, umboðsmaður Sigur Rósar. „Seinni hlutann á tónleikaferðinni hafa þeir verið að hverfa aftur til fortíðar, hafa verið fjórir á sviði, og þeir sem hafa séð þá hafa talað um mikinn kraft og mikið sjónarspil“

Þeir félagar eru staddir í Japan ásamt fylgdarliði þar sem þeir komu fram á fernum tónleikum sem uppselt var á, í Nagoya, Osaka og Tókýó. Í byrjun nóvember spila þeir svo aftur í Evrópu áður en þeir koma heim og halda lokatónleikana sína.

Tónleikaferð Sigur Rósar um heiminn í ár til stuðnings útgáfu Með suð í eyrum við spilum endalaust hófst í Mexíkó 5. júní. Ferð hljómsveitarinnar lá um Bandaríkin, Evrópu og Asíu þar sem hún spilaði fyrir fimm til tíu þúsund manns í hvert sinn við frábærar undirtektir.

Plata þeirra hefur nú selst í um hálfri milljón eintaka víða um heim. Hér á landi hefur hún selst í sjö þúsund eintökum.

Forsala miða á tónleikana hefst 4. nóvember og kostar miðarnir 3.900 og 4.900 krónur. Einnig verða í boði miðar á bekkina fyrir neðan stúkuna fyrir unglinga á grunnskólaaldri. Kosta þeir eitt þúsund krónur. „Það má búast við frábærum tónleikum. Það er rosa hugur í strákunum enda hefur þeim gengið virkilega vel í ár og eru án efa ein af sterkari útflutningsvörum okkar,“ segir Kári. **- fb**



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós lýkur tónleikferð sinni um heiminn með tónleikum í Laugardalshöll 23. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LJÓSMYNDASÝNING Í GLÆSIBÆ




## Opnar kl.14 í dag

- 100 ljósmyndir til sölu.
- Listaverkauppboð kl.16
- Dansatriði
- **ein-stök** bolurinn fæst á sýningunni og í verslunum 10-11 Glæsibæ, Lágmúla og Austurstræti.
- Allur ágóði af ein-stök-brjóst rennur til tækjakaupa fyrir rannsóknir og greiningu brjóstakrabbameins á Landspítalanum.

**Opnunartími:**
Lau. – sun. 14-18
Mán. – mið. 14-20

**www.brjost.is**




**Verð 2000 kr.**

10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

# *Prinsessan á bauninni*

Tölvupósturinn sem erlendir vinir mínir hafa sent mér að undanförnu ber það með sér að þeir hafi áhyggjur af mér. Í stað þess að hvolfa yfir mig skemmtilegum tíðindum úr lífi sínu spyrja þeir mig varfærnislega hvernig mér líði. Samkvæmt fjölmiðlum úti í heimi er íslenska fjármálakerfið lítið skárra en vanþróaðra Afríkuríkja. Ekki að furða þótt útlenskum vinum finnist ég hljóta að hafa það skítt og það er ef til ágætt orðaval þegar litið er til þess sem íslensk listakona lét út úr sér við norsku pressuna eftir að hafa hætt við sýningu hér á landi.

**HÚN** sagði ekki hægt að selja list í landi þar sem fólk hefði áhyggjur af að geta ekki keypt bleiur! Af öllum nauðsynjum kaus hún að nefna einmitt þær en kannski er það viðeigandi, enda eflaust margir með í maganum núna. Þjóðin sem klippti á net Breta í þorskastríðinu verður nú fyrir því að kortin hennar eru klippt í Kaupmannahöfn.

**ÉG SEGI** erlendum vinum mínum samt ekkert frá því, heldur útskýri fyrir þeim að hér í storminum miðjum gangi lífið sinn vanagang. Fólk vakni við vetrarsól, haldi til vinnu – eða fari að leita sér að einni slíkri – og sofni undir norðurljósabreiðum. Mörgum líði ágætlega þrátt fyrir allt. Svo hafa gárungarnir tekið upp á því að gera grín að öllu saman. Þeir segja að ýmislegt bendi til þess að 8. áratugurinn sé runninn upp á nýjan leik. Hér ríki gjaldeyrishöft, óðaverðbólga sé í augsýn, Bretar séu ekki lengur vinir okkar, Abba og Vilhjálmur Vilhjálmsson hafi aldrei verið vinsælli og svo höfum við forsætisráðherra sem heiti Geir.

**AUÐVITAÐ** er algjörlega út í hött að líkja Íslandi saman við einhver vanþróuð Afríkuríki en samt má margt af þeim læra og því hef ég nú útbúið bréf sem ég ætla að senda í tölvupósti um víða veröld og hafa í anda gömlu góðu Nígeríubréfanna: Kæri viðtakandi! Ég er prinsessa á fjarlægri eyju úti í Atlantshafi. Sparifé fjölskyldunnar minnar var rænt. Til að ná því aftur væri indælt ef þú legðir fullt af evrum, dollurum, cefum eða bara hvaða gjaldmiðil sem er inn á reikninginn minn. Ég lofa að greiða upphæðina margfalt til baka þegar ég hef komist aftur yfir spariféð ... eða að minnsta kosti reyna. Þín Gerður.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 25. október, 299. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.50 | 13.12 | 17.32 |
| Akureyri | 8.42 | 12.56 | 17.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

